


skoðun 14

## Flest taka barninu vel

*Gæludýrin þarf að undirbúa vel fyrir komu ungabarns á heimilið.*

allt 3



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Landið mitt





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

11. maí 2010 — 109. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## Uppgangur hjá Maxí popp

*Fjöldi fyrirhugaðra nýjunga á fertugsafmælinu.*

tímamót 18



## Flottur á dreglinum



*Gísli Örn Garðarsson var glæsilegur á frumsýningu Prince of Persia í London.*

fólk 24



## Jafnt í opnunarleiknum

*Valur og FH skildu jöfn, 2-2, í fyrsta leik sumarsins í Pepsi-deildinni.*

sport 30

### veðrið í dag




**BJART FYRRI PARTINN** Hægviðri í fyrstu en vaxandi SV-átt vestan til síðdegis og þykknar smám saman upp með vætu undir kvöld. Hiti 5-14 stig.

veður 4

# Meirihluti D-listans heldur

**Sjálfstæðisflokkurinn fær hreinan meirihluta í Reykjanesbæ samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Vinstri græn vinna einn bæjarfulltrúa af Sjálfstæðisflokknum. Litlar breytingar hjá öðrum flokkum.**

**KÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn heldur hreinum meirihluta í komandi bæjarstjórnarkosningum í Reykjanesbæ samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Flokkurinn missir einn bæjarfulltrúa samkvæmt könnuninni.

Alls sögðust 51,2 prósent þeirra sem afstöðu tóku ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Það myndi skila flokknum sex bæjarfulltrúum af ellefu, en flokkurinn er með sjö fulltrúa í dag.

Samfylkingin nýtur samkvæmt könnuninni stuðnings 26,4 prósenta íbúa Reykjanesbæjar, og fengi þrjá fulltrúa yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnunina.

Vinstri græn ná inn einum bæjarfulltrúa samkvæmt könnuninni, og fá 12,1 prósent atkvæða. Flokkurinn náði ekki manni í bæjarstjórn í kosningunum 2006.

Framsóknarflokkurinn mælist nú með stuðning 10,3 prósenta og fengi einn bæjarfulltrúa samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.

Fremur litlar breytingar hafa orðið á stuðningi við stjórnmálaflokka frá kosningunum 2006. Sjálfstæðisflokkur hefur tapað um fimm prósentustigum.

Vinstri græn ríflega tvöfalda fylgi sitt frá árinu 2006, en eru enn langt undir fylgi flokksins á landsvísu.

Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn buðu sameiginlega fram í síðustu kosningum, og fá sameiginlega um 3,5 prósentum meira fylgi en í kosningunum.

Talsvert hefur verið tekist á um fjárhag Reykjanesbæjar undanfarið. Í fjárhagsáætlun sem samþykkt var í upphafi árs var gert ráð fyrir 2.700 til 2.900 nýjum störfum í sveitarfélaginu, en Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga lýsti efasemdum um þær forsendur.

- bj / sjá síður 8 og 12






**SUMARIÐ ER KOMIÐ** Sólin skein glatt um allt land í gær og það nýttu sér allir til fullnustu sem það á annað borð gátu. Í miðbæ Reykjavíkur flatmöguðu elskendur á túnum á meðan aðrir dreyptu á kaffitári eða ísköldu öli undir berum himni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kvikmyndahátíðin í Cannes:

## Stjörnur þurfa að sitja heima

**FRAKKLAND/AP** Öskuskýið frá Eyjafjallajökli er nú talið líklegt til að hafa meiriháttar áhrif á kvikmyndahátíðina í Cannes. Bandaríska stórblaðið Los Angeles Times segir frá því að stjörnur á borð við Russel Crowe og Sean Penn komist jafnvel ekki tímanlega á hátíðina, frekar en þúsundir gesta sem ætla að fljúga á milli landa.



RUSSEL CROWE

Kvikmyndahátíðin í Cannes er sú stærsta í heiminum á ári hverju og framleiðendur eiga mikið undir því að kynning kvikmynda þeirra takist vel. Eldfjallið gæti því valdið framleiðendum búsifjum líkt og bændum hér heima. - shá

Meðferðarúrræði vegna heimilisofbeldis ekki í boði í sumar vegna fjárskorts:

# Þurfa lítið til að hjálpa mörgum

**FÉLAGSMÁL** Sýnt er að meðferðarúrræði fyrir karlmenn sem beita heimilisofbeldi verður ekki í boði stóran hluta sumars ef ekki fæst aukið fjármagn til verkefnisins. Aðeins þarf um 800 þúsund krónur í aukið rekstrarfé til að halda óskertri starfsemi. Það er félags- og tryggingamálaráðuneytið sem hefur veitt fjármagni til verkefnisins í gegnum Jafnréttisstofu.

Einar Gylfi Jónsson sálfræðingur segir að meðferðin, sem gengur undir heitinu Karlar til ábyrgðar, hafi fengið sex milljónir á fjárlögum ársins, sem er 1,5 milljóna króna skerðing frá árinu á undan. Heimilisofbeldi er alvarlegt vandamál sem fer þó leynt, segir Einar Gylfi. Því fylgir mikil skömm fyrir alla sem málið varðar. Ofbeldið getur birst sem líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi og er talið að um 1.100 konur séu þolendur slíks ofbeldis á hverju ári frá hendi maka eða fyrrverandi maka.

„Það er auðvitað áhyggjuefni að þeir sem eru nýbyrjaðir í meðferð, eða þeir sem leita til okkar á þessum tíma, fái ekki úrlausn sinna mála,“ segir Einar. - shá










## SPURNING DAGSINS



*Guðlaug, gréstu krókódílstárum yfir þessu?*

„Nei, ég lét bara krók koma á móti bragði.“

Guðlaug K. Pálsdóttir varð fyrir því undarlega óhappi á golfvelli í Flórída að missa golfkúlu sína í krókódílsgin. Það kom þó ekki að sök því hún fékk að slá aftur vítalaust.

Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðahald yfir Hreiðari Má Sigurðssyni og Magnúsi Guðmundssyni:

# Hreiðar er grunaður um fleiri brot en Magnús

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir Hreiðari Má Sigurðssyni og Magnúsi Guðmundssyni. Ástæða þess að farið var fram á lengra gæsluvarðhald yfir Hreiðari en Magnúsi er sú að Hreiðar er grunaður um fleiri brot en Magnús, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Vegna þessa taldi sérstakur saksóknari sig þurfa lengri tíma til að yfirheyra þá sem tengjast meintum lögbrotum Hreiðars en Magnúsar. Hreiðar var á föstudag úrskurðaður í tólf daga gæsluvarðhald og Magnús í sjö daga. Báðir kærðu úrskurðinn til Hæstaréttar, sem hefur nú staðfest úrskurðinn. Sérstakur saksóknari fór fram á að niðurstöður Hæstaréttar yrðu ekki birtar á vef dómsins vegna rannsóknarhagsmuna, og var fallist á það.



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON



MAGNÚS GUÐMUNDSSON

Embætti sérstaks saksóknara hefur yfirheyrt nokkra sakborninga og vitni sem tengjast málum tvímenninganna undanfarna daga, meðal annars menn sem voru eða eru í forsvari fyrir þau félög sem áttu í hinum vafasömu viðskiptum við Kaupþing í aðdraganda bankahrunsins.

Til stendur að yfirheyra Sigurð Einarsson, fyrrverandi stjórnarformann Kaupþings, en samkvæmt heimildum hefur sérstakur saksóknari enga vitneskju um hvenær hann er væntanlegur til landsins. Hann var upphaflega boðaður til yfirheyrslu á föstudaginn kemur en síðan var farið fram á að henni yrði flýtt. Samkvæmt frétt Stöðvar 2 í gær hyggst hann ekki flýta för sinni hingað til lands, en býður sérstökum saksóknara að yfirheyra sig í London, þar sem hann er búsettur.

Þá stendur einnig til að yfirheyra Ingólf Helgason, fyrrverandi forstjóra Kaupþings á Íslandi, og Steingrím P. Kárason, fyrrverandi yfirmann áhættustýringar bankans. **- sh, bj**

Litlar upplýsingar að fá:

## Manndrápsmál enn í rannsókn

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á ætluðu manndrápi í Reykjanesbæ á laugardagsmorgun stendur enn. Litlar sem engar upplýsingar er að fá um málið frá lögreglunni á Suðurnesjum.

Að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglunni í gær er rannsóknin á viðkvæmu stigi hvað varðar nákvæmar upplýsingar um aðdragandann og þá atburðarás sem leiddi til dauða mannsins, sem var á sextugsaldri. Rúmlega þrítugur maður, Ellert Sævarsson, situr í gæsluvarðhaldi vegna málsins.

Engar upplýsingar hafa fengist um banamein hins látna eða hvort vopni var beitt í átökunum. **- sh**

Kjarnfóður lækkar í verði:

## Áhrif krónu og hráefnisverðs

**LANDBÚNAÐUR** Lífland lækkaði verð á kjarnfóðri um allt að fjögur prósent í gær. Áður höfðu Fóðurblandan og Bústólpi lækkað verð á kjarnfóðri um allt að þrjú prósent.

Ástæða lækkunarinnar er sögð hagstæð þróun verðs á hráefni og gengisþróun krónunnar. Greint er frá breytingunum á vef Landssambands kúabænda (LK). Þar er jafnframt átalið að Sláturfélag Suðurlands (SS) skuli hafa hækkað verð á kjarnfóðri um tvö prósent 1. apríl án þess að geta þess neins staðar. „Að mati LK er það eðlileg kurteisi gagnvart viðskiptavinum að tilkynna um verðbreytingar,“ segir þar, en SS er sagt hafa lofað úrbótum. **- óká**

# Eignir Jóns Ásgeirs og Hannesar frystar

**Bílar, fasteignir og bankainnistæður í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Hannesar Smárasonar hafa verið kyrrsettar að beiðni skattayfirvalda. Virði eignanna er 200 milljónum undir kyrrsetningarbeiðni skattrannsóknastjóra.**

**SKATTAMÁL** Fjöldi eigna þeirra Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Hannesar Smárasonar hefur verið kyrrsettur að beiðni skattayfirvalda. Kyrrsettar eignir eru að verðmæti 163 milljónir króna. Sölu þeirra er ætlað að ganga upp í 400 milljón króna hugsanlegar fésektir í máli sem skattayfirvöld hafa til rannsóknar.

Frá þessu var sagt í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi. Eins og fréttastofan hefur áður sagt frá varðar málið grun um brot á lögum um virðisaukaskatt hjá FL Group. Jón Ásgeir og Hannes voru báðir í forsvari fyrir félagið um árabil. Einnig hefur verið farið fram á kyrrsetningu eigna samstarfsmanna þeirra: Skarphéðins Berg Steinarssonar og Jóns Sigurðssonar.

Í kyrrsetningarbeiðnum kemur fram að þess var farið á leit að eignir Jóns Ásgeirs að verðmæti 245 milljóna króna yrðu kyrrsettar og eignir Hannesar að verðmæti 150 milljónir króna. Virði eignanna er því langt undir þeim fésektum sem skattayfirvöld telja að lagðar verði á vegna þeirra meintu brota sem um ræðir.

Eignirnar sem eru kyrrsettar eru fasteignir, bílar og innstæður á bankareikningum hérlendis.

Í frétt Stöðvar 2 kemur fram að unnið sé að skýrslu um málið hjá skattrannsóknarstjóra og fá þá gerðarþolar andmælarétt. Skýrslan mun síðan fara til ríkisskattstjóra sem endurákvarðar opinber gjöld þyki ástæða til þess. Um leið og andmæli skýrslunnar hafa borist skattrannsóknarstjóra er tekin ákvörðun um hvort málin verði send til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Greiðist sektin ekki að fullu getur gerðarþoli þurft að afplána fangelsisvist, sem nemur að hámarki einu ári.

Jón Ásgeir sagði í viðtali við Stöð 2 að hann skilji ekki hvernig hann eigi að bera refsiábyrgð á virðisaukaskilum FL Group. Stoðir, áður FL Group, hafi lagt fram tryggingu fyrir skattgreiðslunni. Þá hafi öll skattskil FL Group verið unnin af fagmönnum sem lutu eftirliti hæfustu endurskoðenda.

Samkvæmt lögum verði refsiábyrgð ekki lögð á stjórnarmann vegna skattskila hlutafélags nema stjórnarmaðurinn hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða ásetning. Jón Ásgeir segir þau skilyrði augljóslega ekki uppfyllt þar sem hann hafi ekkert vitað um málið.

svavar@frettabladid.is



**ÖRYGGISGÆSLA** Lögreglumenn með alvæpni skoða bíla í miðborg Bagdad. Í það minnsta 29 létust í árásum í borginni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Blóðugasti dagur ársins í Írak:

## Yfir 100 vegnir í árásum í Írak

**ÍRAK, AP** Fjöldi sprengjuárása var í Írak í gær, og er talið að þær hafi kostað í það minnsta 102 menn lífið. Dagurinn var sá blóðugasti í landinu það sem af er árinu.

Mannskæðasta árásin var gerð í borginni Hillah, tæplega 100 kílómetrum suður af Bagdad. Tvær bílasprengjur sprungu í miðborginni, og þegar fólk dreif að til að hjálpa særðum sprengdi sjálfsmorðssprengjumaður sig í loft upp í miðjum hópnum.

Um það bil tveir mánuðir eru liðnir frá kosningum í Írak, en enn hefur ekki tekist að mynda starfhæfa ríkisstjórn. **- bj**

### Kyrrsettar eignir Jóns Ásgeirs og Hannesar Smárasonar

**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**

**Eignahlutur í fasteignum**
Húseign í Reykjavík: metin á 100 milljónir
Sumarhús í Bláskógabyggð: metið á 10 milljónir
Jörðin Á í Skagafirði: metin á 14 milljónir
**Bifreiðar**
Range Rover árg. 2007: metin á 5 milljónir
Hummer H2 árg. 2003: metin á 4 milljónir
Mini Cooper árg. 2006: metin á 1 milljón
Bentley Continental árg. 2004: metin á 10 milljónir
**Fjármunir á bankareikningum**
Reikningur 1: 1.343.264 krónur.
Reikningur 2: 2.341.305 krónur.
**Alls 151.684.569 krónur**



**HANNES SMÁRASON**

**Bifreiðar**
Lincoln Navigator: metin á 4 milljónir
Range Rover: metin á 4 milljónir
**Fjármunir á bankareikningum**
Reikningur 1: 1.601.567 krónur
Reikningur 2: 394.825 krónur
Reikningur 3: 564.283 krónur
Reikningur 4: 916.599 krónur
**Alls 11.477.247 krónur**



## Banaslys við Ingólfsfjall

**Karlmaður á fertugsaldri lést um miðjan dag í gær þegar sviffallhlíf hans skall utan í kletta í Ingólfsfjalli. Maðurinn, sem er af erlendum ættum, var látinn þegar að var komið.**

**Tveir félagar mannsins voru með honum, og létu þeir Neyðarlínuna vita af slysinu. Maðurinn skall utan í klettavegg ofarlega í fjallinu og þurfti að kalla til björgunarsveitarmenn með búnað til að komast á slysstað.**

**Ekki er unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu.**

### AFGANISTAN

**Breskur hermaður fórst**

Breskur hermaður fórst eftir að sprengja sprakk í Sangin í Afganistan á sunnudagsmorgun. Þar með hafa 285 Bretar látið lífið þar í landi frá árinu 2001. Um tíu þúsund breskir hermenn eru í Afganistan.






Frambjóðendur í borgarstjórnarkosningunum hlýddu á börnin á Nóaborg:

# Börnin vilja fleiri hoppukastala

**BÖRN** Frambjóðendur stjórnmálaflokkanna fimm sem keppa í borgarstjórnarslagnum í sveitarstjórnarkosningunum í enda þessa mánaðar komu í heimsókn í leikskólann Nóaborg í gær og svöruðu fyrirspurnum barnanna.

Börnin hvöttu frambjóðendur til að fá ökumenn til að draga úr hraða bíla á götum borgarinnar, breyta leiðum strætisvagna svo þeir stöðvi nær leikskólum og Fjölskyldu- og húsdýragarðinum svo þau þurfi ekki að ganga yfir Suðurlandsbraut og bæta úr skorti á hoppukastölum í borginni.

Nóaborg er eini leikskólinn sem frambjóðendur heimsækja en þeir komu þangað að frumkvæði skólans. Nóaborg beinir sjónum að lýðræði í ákvarðanatöku og hafa nemendur til dæmis kosið um hvað eigi að vera í hádegismat og hvert skuli fara í vettvangsferðir. **- jab**



**SETIÐ FYRIR SVÖRUM** Frambjóðendurnir Oddný Sturludóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Einar Skúlason og Jón Gnarr svöruðu spurningum barnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


11
1999
2010
ÁRA
Við eigum afmæli í dag
– og þér er boðið!
BANKI
MP banki er 11 ára í dag
Þrátt fyrir ungan aldur er MP banki elsti starfandi banki landsins – og í dag erum við í tvöföldu hátíðarskapi, við eigum 11 ára afmæli og útibúið okkar í Borgartúni er 1 árs. Í tilefni dagsins bjóðum við þér að kíkja í kaffi og afmælisköku í útibú okkar í Borgartúni 26 og Ármúla 13a.
Komdu í heimsókn, okkur þætti gaman að sjá þig!
MP BANKI
Ármúla 13a • Borgartúni 26 • sími 540 3200 • www.mp.is

## GENGIÐ 10.05.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,03 | 126,63 |
| Sterlingspund | 188,96 | 189,88 |
| Evra | 163,92 | 164,84 |
| Dönsk króna | 22,023 | 22,151 |
| Norsk króna | 20,774 | 20,896 |
| Sænsk króna | 16,934 | 17,034 |
| Japanskt jen | 1,3503 | 1,3581 |
| SDR | 188,7 | 189,82 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,6324

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hugnast ekki áform um að færa auðlindanýtinguna úr sjávarútvegsráðuneytinu:

# Stjórnarandstaðan ekki með í ráðum

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin hefur ekki haft samráð við stjórnarandstöðuna um fyrirhugaðar breytingar á skipan stjórnarráðsins. Steypa á saman nokkrum ráðuneytum og færa til málaflokka.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir málið ekki hafa verið rætt við stjórnarandstöðuna. Það ráðslag komi honum í sjálfu sér ekki á óvart þar sem ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hafi aldrei reynt að mynda breiða sátt um stór mál. „Þetta er bara í takt við annað hjá þessari ríkisstjórn,“ segir Bjarni.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Sjálfsagt og eðlilegt sé að hafa samráð um meiri háttar skipulagsbreytingar.

Aðspurður segist Bjarni alls ekki fráhverfur hugmyndum um sameiningu iðnaðarráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins í atvinnuvegaráðuneyti. „Það er hins vegar ástæða til að hafa miklar áhyggjur ef grafa á undan grundvelli þeirrar starfsemi sem farið hefur fram innan ráðuneytanna til þessa.

Mér hugnast til dæmis alls ekki hugmyndir um að færa alla auðlindanýtingu frá sjávarútvegsráðuneytinu.

Að sama skapi þarf að svara spurningum um hvernig gæta eigi að hagsmunum landbúnaðarins. Það þarf að gæta að því að hann verði ekki utanveltu í stóru ráðuneyti.“ **- bþs**

Kosningar í Skagafirði:

# Sjálfkjörið í sveitarstjórnina

**SKAGAFJÖRÐUR** Ljóst er að ekki þarf að kjósa til sveitarstjórnar á Skagaströnd þar sem einungis einn listi býður þar fram, samkvæmt fréttavefnum Feykir.is.

Þar segir að veittur hafi verið lögbundinn tveggja daga frestur til að annað framboð gæti komið fram en enginn bauð sig fram.

Fulltrúar Skagastrandarlistans eru því sjálfkjörnir í sveitarstjórn Skagastrandar næstu fjögur árin. Þrjú efstu sætin skipa Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson og Péturína L. Jakobsdóttir.



**BÓTASKYLT** Glerrennihurð í þessu húsi skall á höfði konunnar. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Hurð lokaðist á höfuð:

# World Class dæmt bótaskylt

**DÓMSMÁL Móðurfélag líkamsræktarstöðvanna World Class hefur verið dæmt til að greiða konu 600 þúsund krónur í skaðabætur vegna slyss sem hún varð fyrir á leið sinni inn í stöðina í Laugum.**

**Við inngang stöðvarinnar eru glerhurðir sem opnast þegar augu korthafa eru borin upp að augnskanna. Um leið og ein manneskja er komin inn um dyrnar lokast rennihurðin.**

**Konan var með fimm ára gamlan son sinn meðferðis og hleypti honum á undan inn. Þegar konan fór svo í gegn lokaðist hurðin á höfuð hennar. Konan er fimmtán prósenta öryrki eftir slysið og missti mikið úr vinnu.** **- sh**

### ÖRYGGISMÁL

**Drógu vélarvana bát**

Björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Einar Sigurjónsson úr Hafnarfirði, dró í gær bát til hafnar sem hafði bilað fyrir utan Hafnarfjörð.

### SKIPULAGSMÁL

**Byggingarleyfi ekki hnekkt**

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hefur hafnað kröfu fyrrverandi forseta bæjarstjórnar á Álftanesi um að ógilda byggingarleyfi fyrir einbýlishús á sjávarlóð framan við lóð hans.

# Ellefu ákærðir fyrir að kaupa sér vændi

**Ellefu karlmenn hafa verið ákærðir fyrir að kaupa vændi af Catalinu Ncogo og vændiskonum á hennar vegum. Ríkissaksóknari ákvað að ljúka engu málanna með sekt. Hinir ákærðu geta farið fram á það að þinghaldið verði lokað.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákærur á hendur ellefu mönnum fyrir vændiskaup. Ákærurnar eru hinar fyrstu sinnar tegundar á Íslandi.

Allar ákærurnar varða viðskipti manna við Catalinu Mikue Ncogo og vændiskonur á hennar vegum á tímabilinu frá október til desember í fyrra. Alls voru sautján vændiskaupamál rannsökuð en sex þeirra voru felld niður þar sem þau þóttu ekki líkleg til sakfellingar, að sögn Huldu Elsu Björgvinsdóttur saksóknara.

Mennirnir sem um ræðir eru á öllum aldri en þó flestir á fertugs- og fimmtugsaldri. Nöfn þeirra fást ekki gefin upp að svo stöddu. Þeir geta farið fram á að þinghaldið verði lokað til að hlífa sjálfum sér eða vandamönnum við athyglinni. Óvíst er hvort dómari yrði við slíkri kröfu. Þá er hugsanlegt að þinghald verði lokað þar sem leiða þurfi einhverjar vændiskvennanna fyrir dóminn.

Heimild er fyrir því í lögum að ljúka vændiskaupamálum með sektargreiðslum en saksóknari lagði það ekki til í neinu málanna að þessu sinni heldur ákærði í þeim öllum. Hulda Elsa segir það hafa verið gert vegna þess að málin séu án fordæma. Því hafi saksóknari enn ekkert til að miða sektarfjárhæðirnar við.

Kaup á vændi hafa verið ólögleg á Íslandi síðan í apríl í fyrra. Samkvæmt 1. málsgrein 206. greinar almenna hegningarlaga skal sá sæta fangelsi allt að einu ári sem „greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi“.

Ákærurnar voru gefnar út í gær og verða sendar í Héraðsdóm Reykjavíkur í dag. Þar verður þingfestingardagur ákveðinn.

Catalina Ncogo sætir einnig ákæru fyrir að gera út vændiskonurnar. Hún var í desember síðastliðnum dæmd í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir fíkniefnainnflutning og að gera út vændiskonur. Tveimur dögum eftir að dómurinn féll var hún úrskurðuð í gæsluvarðhald á ný, grunuð um mansal og vændisstarfsemi. Ákæra á hendur henni vegna þeirra mála hefur nú verið gefin út. Hún situr enn í gæsluvarðhaldi í kvennafangelsinu í Kópavogi.

**stigur@frettabladid.is**



**CATALINA NCOGO** Situr í gæsluvarðhaldi grunuð um mansal og hagnýtingu vændis. Í desember hlaut hún tveggja og hálfs árs fangelsisdóm fyrir hagnýtingu vændis og fíkniefnainnflutning. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Spánn stígur úr kreppunni:

# Brothættur bati

**EFNAHAGSMÁL** Hagvöxtur jókst um 0,1 prósent á Spáni á fyrstu þremur mánuðum ársins, samkvæmt bráðabirgðatölum spænska seðlabankans. Tölurnar voru birtar á föstudag. Þetta þykja jákvæðar upplýsingar eftir viðstöðulítinn samdrátt efnahagslífsins frá miðju ári 2008.



**ZAPATERO**

Bandaríska stórblaðið Wall Street Journal hefur eftir fjármálasérfræðingum að viðsnúningurinn haldist í hendur við bata á alþjóðamörkuðum og megi efnahagslífið ekki við miklu. **- jab**

Meirihlutinn í Kópavogi:

# Útboðsviðmið breytast lítið

**KÓPAVOGUR Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Kópavogi felldi tillögu fulltrúa Samfylkingarinnar í bæjarráði um verulega lækkun á þeim upphæðum sem miða skal við þegar ákveðið er hvort aðkeypt verkefni fyrir bæinn þurfi að fara í útboð. Samkvæmt eldri reglum þurfti að bjóða út kaup á þjónustu ef áætlaður kostnaður var yfir 15 milljónum króna.**

**Samfylkingin vildi lækka þessa fjárhæð í 5 milljónir en meirihlutinn ákvað að breyta tölunni í 14 milljónir. Þá lagði Samfylkingin til að viðmiðunartalan fyrir kaup á vörum yrði 2,5 milljónir í stað 10 milljóna og að miðað yrði við 10 milljónir í stað 20 milljóna vegna verklegra framkvæmda. Engar breytingar voru gerðar á þessum þáttum.** **- gar**




**LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS**

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0884


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HÆGUR VINDUR** á landinu í dag en vaxandi suðvestanátt síðdegis og í kvöld með vætu vestan til í fyrstu og víða í nótt. Hæg vestlæg átt á morgun og lítils háttar væta fyrri partinn en léttir til syðra síðdegis. Útlit fyrir flott veður á suðvesturhorninu á fimmtudag.





**Á MORGUN** 3-8 m/s, dálítil væta fyrri partinn.



**FIMMTUDAGUR** 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 11° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 14° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 11° |
| París | 13° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# 25% höfuðstólslækkun lána í erlendri mynt

## – fyrir fyrirtæki

Nú eiga fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankann með lán í erlendri mynt tekin fyrir 8. október 2008 kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum. Lausnin verður í boði til 30. júlí 2010.*

### AÐRAR LAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKI

**Lán færð í 100% af eignavirði gegn eiginfjárframlagi**
Miðað er við að skuldir fyrirtækja séu færðar í 100% af heildarvirði eða endurmetnu eignavirði ef eigandi greiðir 10% inn á lán fyrirtækis þannig að skuldir verða 90% af heildarvirði.

**Lán færð í 115% af eignavirði án eiginfjárframlags**
Miðað er við að skuldir fyrirtækja séu færðar í 115% af heildarvirði eða endurmetnu eignavirði ef eigandi leggur ekki til lágmarks eigið fé.

**Frysting**
Hægt er að fá frestun á hluta eða öllum afborgunum lána í 12-24 mánuði.



LAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKI | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

*Nánari upplýsingar um skilyrði sem þarf að uppfylla er að finna á vefsíðu Landsbankans.

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM42147

## KJÖRKASSINN



*Á að fækka ráðuneytum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 85,4% |
| NEI | 14,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að taka sumarleyfi á meðan HM í knattspyrnu stendur yfir?*

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Flest stefnir í samsteypustjórn íhaldsmanna og frjálslyndra demókrata í Bretlandi:

# Gordon Brown ætlar að víkja

**BRETLAND, AP** Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, tilkynnti í gær að hann myndi segja af sér sem leiðtogi Verkamannaflokksins í haust. Hann sagðist myndu stíga til hliðar strax samþykki Frjálslyndir demókratar að mynda stjórn með Verkamannaflokknum.

„Sem formaður míns flokks verð ég að taka niðurstöðunni [úr kosningunum] sem dómi yfir mínum störfum,“ sagði Brown. Hann hyggst víkja fyrir septemberbyrjun í síðasta lagi.

Allt virðist nú stefna í að Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndir demókratar nái að mynda samsteypustjórn, í kjölfar þess að Verkamannaflokkurinn missti meirihluta sinn í þingkosningum síðastliðinn fimmtudag.

Forystumenn Íhaldsflokksins hafa boðið Frjálslyndum demókrötum að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort breyta eigi breska kosningakerfinu. Breytt kosningakerfi var eitt af stærstu kosningamálum Frjálslyndra demókrata. - bj



**HÆTTIR** Gordon Brown tilkynnti að hann ætlaði að segja af sér á fundi með fjölmiðlafólki fyrir utan Downingstræti 10 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stækkun Reykjanesvirkjunar:

## Umsóknin enn til meðferðar

**ORKUMÁL** HS Orka og Orkustofnun eru enn að skiptast á upplýsingum vegna umsóknar um leyfi fyrir stækkun Reykjanesvirkjunar. Sótt var um stækkun í október, en orkan á að fara til álvers í Helguvík. Guðni Jóhannesson orkumálastjóri vill ekkert segja um hvenær umsóknin verði afgreidd eða hvað tefur. Sótt er um leyfi fyrir framleiðslu á 50 MW með aukinni háhitanýtingu auk þess sem framleiða á allt að 35 MW með betri nýtingu jarðhitavökva. - pg



**VEITT Á STÖNG** Þótt íslensk stangveiðisvæði séu á heimsmælikvarða þykja veiðihúsin það ekki.

Ísland ekki með á topplista:

## Keppa ekki við erlend veiðihús

**STANGVEIÐI** Ísland kemst ekki á blað í umfjöllun tímaritsins Forbes yfir álitlegustu áfangastaði stangveiðimanna í heiminum. Umfjöllunarefnið er veiðihúsin sem gist er í, að því er kemur fram á vef Stangveiðifélags Reykjavíkur. Forbes fjallar um veiðihús í Rússlandi, Kanada, á Nýja-Sjálandi og víðar. Á þessum stöðum eru menn ýmist að veiða Atlantshafslax, silung eða stálhausa. „Þó svo að íslensku árnar séu með háa meðalveiði og álitnar meðal bestu laxveiðiáa veraldar þá er aðbúnaður veiðimanna mörgum áratugum á eftir í gæðum að mati ferðamanna, sérstaklega þegar litið er til verðlagningar á veiðileyfum,“ segir á svfr.is. - gar

## FRAKKLAND

### Hljóð berast frá flugrita

Rannsóknarnefnd flugslysa í Frakklandi telur sig hafa heyrt merki frá flugrita Air France-þotunnar sem fórst á leiðinni frá Rio de Janeiro til Parísar á síðasta ári. Alls létust 228 manns í slysinu.

# Fágæt sýn til allra átta af Hnúknum

**Stórbrotið útsýni blasti við göngufólki af Hvannadalshnúki á laugardag. Vel sást til Heklu, Herðubreiðar og Snæfells. Sjaldgæft er að sýn sé til allra átta. Snjólagið á Öræfajökli er óvenjuþunnt og vandræði kunna að skapast í júní.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta var með því flottara sem ég hef séð og hef þó oft farið í góðu veðri,“ segir Haraldur Örn Ólafsson fjallaleiðsögumaður sem gekk á Hvannadalshnúk á laugardag ásamt vel á annað hundrað manns. Einstök veðurblíða var á Öræfajökli og útsýnið stórbrotið. „Loftið var óvenjutært. Það er sjaldgæft að það sé fullkomið útsýni í 360 gráður,“ segir Haraldur.

Einar Rúnar Sigurðsson, fjallaleiðsögumaður í Hofsnesi í Öræfum, var líka á Hnúknum á laugardag og tekur undir með Haraldi. „Það er sjaldan sem Snæfell, Herðubreið og Hekla sjáist allt í senn,“ segir Einar sem var aftur kominn á Hnúkinn í gær – þá í 254. skiptið.

Haraldur segir snjólagið á Öræfajökli áberandi þunnt miðað við árstíma. Þar ráði helst snjóléttur vetur. Sólardagar að undanförnu og örþunnt öskulag úr eldgosinu í Eyjafjallajökli flýti fyrir bráðnun. „Menn verða að fara mjög varlega í kringum sprungurnar,“ segir Haraldur. „Þetta verður erfiðara eftir því sem líður á sumarið og það kemur að því að menn velti því fyrir sér hvort leiðin sé fær. Það þarf þó ekki að hafa áhyggjur í maí en það gætu skapast vandræði í júní. Í fyrra mátu menn það um miðjan júlí að ekki væri lengur hættandi á að fara með hópa en það gæti færst töluvert framar í árið núna.“

Laugardagurinn síðasti var fyrsti stóri dagurinn á Hnúknum í ár. Eins og áður sagði er talið að hátt í tvö hundruð manns hafi gengið upp. Áætlað er að um 1.500 manns hafi gengið á Hnúkinn í fyrra og var það metár. Er jafnvel búist við að enn fleiri leggi á toppinn í ár.

bjorn@frettabladid.is



**VIÐ RÆTUR HNÚKSINS** Fjallgöngufólk býr sig undir síðasta áfanga ferðarinnar, að ganga á sjálfan Hvannadalshnúk. Hátt í tvö hundruð manns gengu á hæsta tind landsins á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ BS



**TOPPNUM NÁÐ** Loftið var óvenjutært á toppi Hvannadalshnúks á laugardag og útsýnið stórbrotið eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/ BÞS



**FRUMGERÐIN** Það var enginn annar en Steve Ballmer, forstjóri Microsoft, sem kynnti frumgerð spjaldtölvunnar frá HP í janúar. Þá stóð til að hún byggði á stýrikerfi frá Microsoft. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Væntanleg spjaldtölva HP:

## Windows skipt út fyrir PalmOs

**TÆKNI Bandaríska tæknifyrirtækið HP hefur hætt við að keyra nýja spjaldtölvu fyrirtækisins á stýrikerfinu Windows 7 frá Microsoft. Þess í stað mun tölvan, sem fengið hefur vinnuheitið HP Hurricane, nýta WebOS-stýrikerfið, sem fylgdi með í kaupum HP á lófatölvufyrirtækinu Palm í lok apríl.**

**Netmiðillinn Mobiledia segir að tölva HP, sem væntanleg er á þriðja ársfjórðungi, hafi þótt of þung og ýmis önnur vandamál komið upp. Því hafi verið breytt um stefnu.** - jab

Ofsótti fyrrverandi eiginkonu:

## Reyndi innbrot vopnaður hnífi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi handtók snemma á laugardag mann sem hafði reynt að brjótast inn til fyrrverandi eiginkonu sinnar á Selfossi. Hann reyndist ölvaður og bar á sér flökunarhníf sem hann kastaði frá sér er hann varð lögreglu var.

Maðurinn hafði um nóttina ítrekað hringt í konuna og valdið henni ónæði. Líkur eru á að lögreglustjóri fari fram á að manninum verði gert að sæta nálgunarbanni gagnvart konunni.


# Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*

10,2%

ÁRLEG MEÐALÁVÖXTUN*

100% RÍKISTRYGGING

*Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is*

100% afsláttur af upphafsþóknun til 31.05. 2010




ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri | Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 | www.iv.is | iv@iv.is

*Árleg meðalávöxtun frá 15.01.2001 til 30.04.2010. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.

# 25% höfuðstólslækkun lána í erlendri mynt

## – fyrir heimili

Nú eiga viðskiptavinir Landsbankans með lán í erlendri mynt tekin fyrir 8. október 2008 kost á að sækja um 25% höfuðstólslækkun gegn því að lánunum sé breytt í óverðtryggð eða verðtryggð lán í íslenskum krónum. Lausnin er afturvirk og því einnig í boði fyrir einstaklinga sem þegar hafa nýtt sér höfuðstólslækkun lána. Lausnin verður í boði til 30. júlí 2010.*

**AÐRAR LAUSNIR FYRIR EINSTAKLINGA**

- 110% aðlögun íbúðalána
- Greiðslujöfnun lána
- Fjárhagsleg hagræðing
- Endurfjármögnun skammtímalána
- Eingöngu vaxtagreiðslur í eitt ár
- Tímabundin föst greiðsla
- Frysting afborgana í allt að þrjú ár
- Frestun vegna sölutregðu
- Sértæk skuldaaðlögun




**LAUSNIR FYRIR HEIMILI** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

*Nánari upplýsingar um skilyrði sem þarf að uppfylla er að finna á vefsíðu Landsbankans.

ENNEMM / SÍA / NM42148

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Guðlaug K. Pálsdóttir varð fyrir því að krókódíll át golfkúluna hennar. Hvar gerðist þetta?*

*2 Hver er knattspyrnustjóri nýkrýndra meistara Chelsea?*

*3 Hver er leiðtogi sjálfstæðismanna í Hafnarfirði?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Tölvuleikjafyrirtækið CCP auglýsir eftir 150 nýjum starfsmönnum:

# Aukningin í takt við áætlanir

**VIÐSKIPTI** Reiknað er með því að starfsmenn tölvuleikjafyrirtækisins CCP, sem meðal annars framleiðir netleikinn EVE Online, verði í lok þessa árs rúmlega 620 talsins. Þetta kemur fram í auglýsingu sem fyrirtækið birti um helgina þar sem óskað var eftir 150 nýjum starfsmönnum.

Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, segir kall eftir auknum starfskrafti í takt við áætlanir fyrirtækisins um vöxt og aukningu umfangs, en fyrirtækið er nú með þrjá leiki í framleiðslu og er með skrifstofur í Newcastle, Atlanta og í Shanghaí.



HILMAR V. PÉTURSSON

„Þetta er samkvæmt áætlun sem við höfum unnið eftir síðustu þrjú ár," segir Hilmar Veigar og bætir við að fjöldi ráðninga nú hafi verið ákveðinn í október í fyrra. Helstu nýbreytnina nú segir hann vera hvað fyrirtækið auglýsi á áberandi hátt eftir nýjum starfskrafti, en það sé til þess að sem flest gott fólk viti af þeim.

Þá segir Hilmar engar áætlanir uppi um að skrá fyrirtækið á markað. Ekki væri tilefni til að lesa annað úr því að einnig hafi verið um helgina auglýst eftir „corporate controller" (fyrirtækisstjóra) sem starfar undir fjármálastjóra) með reynslu af hlutafjárútboðum annað en að CCP leitaðist ávallt við að ráða sem hæfast fólk með sem víðtækasta reynslu. - óká

Reykjavíkurborg augýsir:

# Lóðir í gömlum hverfum til sölu

**REYKJAVÍK Reykjavíkurborg hefur auglýst eftir kauptilboðum í byggingarrétt fyrir íbúðarhús í grónum hverfum í borginni. Um er að ræða tólf lóðir. Fimm lóðir fyrir keðjuhús eru við Lautarveg, í Blesugróf, Jöldugróf og Bleikargróf eru fimm lóðir fyrir einbýlishús og við Lambasel er einbýlishúsalóð þar sem byggingarréttur er seldur með grunni. Það er einnig auglýst til sölu einbýlishúsalóð við Bauganes.**

**Frestur til að skila inn kauptilboðum er til 19. maí.**


Kalk í kroppinn
alla þriðjudaga



Nýmjólk & léttmjólk 1 L
75 kr/stk

Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook

kostur
Spörum og njótum lífsins


# Sjálfstæðisflokkur heldur meirihluta

**Litlar breytingar mælast á stuðningi við stjórnmálaflokka í Reykjanesbæ samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Sjálfstæðisflokkurinn heldur meirihluta með sex bæjarfulltrúa af ellefu. Vinstri græn tvöfalda fylgi sitt frá 2006.**

**KÖNNUN** Sjálfstæðisflokkurinn tapar einum bæjarfulltrúa í Reykjanesbæ í komandi sveitarstjórnarkosningum en heldur hreinum meirihluta bæjarfulltrúa samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, sem gerð var í gærkvöldi.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með stuðning 51,2 prósenta þeirra bæjarbúa sem afstöðu tóku í könnuninni. Það er 5,1 prósentustigi undir kjörfylgi flokksins í sveitarstjórnarkosningunum 2006, þegar flokkurinn fékk 56,3 prósent atkvæða.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar fengi Sjálfstæðisflokkurinn sex bæjarfulltrúa af ellefu, en er með sjö í dag.

Vinstri græn ríflega tvöfalda fylgi sitt frá síðustu kosningum, og mælast nú með stuðning 12,1 prósents íbúa í Reykjanesbæ, og einn bæjarfulltrúa. Flokkurinn fékk 5,2 prósent í síðustu kosningum, sem dugði þeim ekki til að ná manni í bæjarstjórn.

Samfylkingin er næststærsti flokkurinn í bænum með rúmlega helming af fylgi Sjálfstæðisflokksins. Samfylkingin nýtur stuðnings 26,4 prósenta samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Yrðu niðurstöður kosninga í takt við þessa niðurstöðu fengi flokkurinn þrjá bæjarfulltrúa.

Framsóknarflokkurinn nýtur stuðnings 10,3 prósenta samkvæmt könnuninni, og fengi samkvæmt því einn bæjarfulltrúa.

Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn buðu fram sameiginlega í kosningunum 2006, undir merkjum A-lista. Flokkarnir fengu þá 33,2 prósent atkvæða og fjóra bæjarfulltrúa. Þeir fá núna samanlagt 36,7 prósent og sama fjölda bæjarfulltrúa.




Samkvæmt könnuninni yrðu því ekki miklar breytingar á fjölda bæjarfulltrúa. Samfylking og Framsóknarflokkur fengju samanlagt sama fjölda og flokkarnir eru með sameiginlega í dag, en Vinstri græn bæta við sig manni á kostnað Sjálfstæðisflokks.

Hringt var í 800 manns mánudaginn 10. maí. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 55,9 prósent afstöðu til spurningarinnar. brjann@frettabladid.is


Pólitísk ábyrgð

Samfylkingarfélagið í Reykjavík boðar til félagsfundar um pólitíska ábyrgð og siðferði í íslenskum stjórnmálum miðvikudaginn 12. maí. Fundurinn verður haldinn á Hallveigarstíg 1 og hefst kl. 20.30.

Frummælendur verða stjórnmálafræðingarnir:

Auður Styrkársdóttir
og
Birgir Hermannsson





Að loknum framsöguerindum svara frummælendur spurningum fundarmanna og taka þátt í umræðum.

Fjölmennum!

*Stjórn Samfylkingarfélagsins í Reykjavík*

SffR

Allir velkomnir www.xs.is


Jarðskjálftavirkni jókst tímabundið í Eyjafjallajökli um hádegi í gær:

# Aukin virkni í kjölfar skjálfta

**ELDGOS** Um fjörutíu jarðskjálftar mældust undir Eyjafjallajökli um hádegisbil í gær. Flestir mældust á 18 til 20 kílómetra dýpi og jókst sprengivirkni í kjölfarið. Gosmökkurinn náði hæst sex kílómetra hæð og bændur á stóru svæði undir Eyjafjöllum hafa þurft að þola öskufall í langan tíma.

Öskuskýið undir Eyjafjöllum náði frá Skógum í austri að Seljavöllum en var mest á bæjum í Drangshlíð og Skarðshlíð. Að sögn ábúenda hafði öskufallið þar staðið næsta óslitið í á annan sólarhring samkvæmt stöðuskýrslu Veðurstofu Íslands og jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands frá því klukkan þrjú í gær.

Þar kemur fram að mjög dró úr gosvirkni þegar leið á daginn og telst svipuð og undanfarna daga. Hins vegar hafði gosvirknin verið mun meiri en undanfarið eftir jarðskjálftahrinuna með aukinni gjóskuframleiðslu og hækkandi gosmekki. Klepragígur hleðst upp í ískatlinum, en hraunrennsli er í lágmarki þar sem um sprengigos er að ræða þessa dagana. Ekkert bendir til gosloka. - shá



**EYJAFJALLAJÖKULL** Dökkur gosmökkur stóð upp af eldstöðvunum eftir jarðskjálftahrinuna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skýrr **elskar** rafræn viðskipti

## Opinn morgunverðarfundur Skýrr um hagræðingu og sparnað með rafrænum viðskiptum, miðvikudaginn 12. maí

**Skýrr býður atvinnulífinu til opins morgunverðarfundar miðvikudaginn 12. maí um hagræðingu og sparnað með rafrænum viðskiptum.**

Rafræn viðskipti og innkaup færast sífellt í aukana í atvinnulífinu, enda gera þau vinnustöðum kleift að spara umtalsverðar fjárhæðir og tíma.

Sérstaklega hefur þróunin verið hröð undanfarna mánuði með tilkomu upplýsingatækniþjónustu sem líkja má við dreifingarmiðstöð eða pósthús fyrir rafræn viðskipti. Þessar miðstöðvar sjá um rafræna dreifingu reikninga, pantana, hreyfingalista og annarra skjala milli aðila sem eiga í viðskiptum.

Sem dæmi um þróunina má nefna að íslenska ríkið tekur nú á móti rafrænum reikningum og afþakkar pappírsreikninga frá og með 1. maí 2010.

**Boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8:00, en formleg dagskrá hefst kl. 8:30 og fundarlok eru áætluð kl. 10:00.**

Þátttaka er gestum að kostnaðarlausu og fundurinn er öllum opinn, meðan húsrúm leyfir.

Fundurinn verður haldinn í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 í Reykjavík (gengið inn frá Háaleitisbraut).

**Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr (skyrr.is).**







8:00 ***Morgunverður***
Ljúffengar veitingar að hætti hússins



8:30 ***Skýrr býður góðan dag***
Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr

8:40 ***Orkureikningar og NES/UBL: Kostnaðarauki eða hagræðing?***
Rúnar Óskarsson, verkfræðingur hjá Rarik



9:00 ***Rafræn innkaup: Innleiðing innkaupaferla fyrir viðskiptavini***
Arnar Bjarnason, markaðsstjóri Fastus



9:20 ***Skeytamiðlun Skýrr: Rafræn dreifing reikninga, pantana og annarra skjala***
Styrmir Kristjánsson, ráðgjafi hjá Skýrr

***Fundarstjóri***
Helgi Lárusson, forstöðumaður hjá viðskiptalausnum Skýrr



569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA -10-0261



**KYNSLÓÐABIL** Rússneskur uppgjafahermaður úr síðari heimsstyrjöldinni situr með lítinn dreng í fanginu á Rauða torginu í Moskvu. Þar var 65 ára afmæli stríðslokanna fagnað. NORDICPHOTOS / AFP

Verðtryggingin verður tæpast afnumin á skömmum tíma segir ráðherra:

# Krónan þarf að vera stöðug í áratug

**EFNAHAGSMÁL** „Ég sé ekki fyrir mér að hægt sé að afnema verðtrygginguna á skömmum tíma, en það er hins vegar hægt að vinna kerfisbundið að breytingum sem sjálfkrafa draga úr vægi hennar,“ sagði Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, á opnum fundi viðskiptanefndar Alþingis í gær.

Leiðin til að losna við verðtrygginguna sagði Gylfi vera að ná betri tökum á stjórn peningamála, stöðugt gengi krónu og stöðugra verðlag. Þegar slíkt ástand hefði varað í áratug eða svo mætti fara að gera sér vonir um að krónan hefði áunnið sér nægt traust til að fólk og fjárfestar vildu festa fé sitt í krónum til lengri tíma. Á hinn bóginn sagði hann svo að velta mætti upp möguleikanum á því að skipta hér um mynt, sem myndi breyta stöðunni talsvert.

„Það má eiginlega líta svo á að verðtryggingin sé að hluta til sjúkdómseinkenni og að hluta til aðferð til að draga úr áhrifum sjúkdómsins. En sjúkdómurinn er þá að hluta til það óstöðuga verðlag og óstöðuga gengi sem fylgt hefur krónunni í meira en 70 ár. Það er skýringin á því að við erum eina landið í okkar heimshluta með víðtæka verðtryggingu á fjárskuldbindingum til langs tíma,“ sagði Gylfi. **- óká**

### Málið til EFTA?

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, efast um lögmæti verðtryggingar og telur mögulegt að skjóta málinu til EFTA-dómstólsins. „Kalla mætti eftir áliti dómstólsins í málarekstri sem þegar er hafinn,“ segir hann, en telur þó um leið vænlegra að finna lausn á pólitískum vettvangi. Gísli sat fyrir svörum á opnum fundi viðskiptanefndar í gær, ásamt fulltrúum Hagsmunasamtaka heimilanna. Friðrik Ó. Friðriksson, hjá Hagsmunasamtökunum, sagði að í stað þess að spyrja hvað kostaði að afnema verðtrygginguna, ætti að spyrja hvað kostaði að gera það ekki. „Ekki fyrr en verðtrygging er aflögð verða sameiginlegir hagsmunir allra að halda aftur af verðbólgu,“ sagði hann.




# Neyðarsjóður ESB styrkir markaðina

**Methækkun varð á hlutabréfavísitölum á Spáni og í Portúgal eftir að tilkynnt var um neyðarsjóð ESB. Ríki ESB leggja 750 milljarða evra í sjóðinn. Evrópski seðlabankinn beitir sér með uppkaupum á skuldum.**

**BELGÍA, AP** Evrópskar hlutabréfavísitölur hækkuðu mikið í gær eftir að Evrópusambandið tilkynnti að stofnaður yrði neyðarsjóður til að koma í veg fyrir að fjárhagsvandi Grikklands breiddi úr sér til annarra landa sambandsins.

Aðildarríki Evrópusambandsins (ESB) hafa samþykkt að leggja 750 milljarða evra, jafnvirði ríflega 123 þúsund milljarða íslenskra króna, í neyðarsjóðinn. Aðildarríki munu geta fengið lán úr sjóðnum til að koma í veg fyrir að þau lendi í svipuðum skuldavanda og Grikkir.

Evrópski Seðlabankinn mun einnig hefja mikil uppkaup á skuldum aðildarríkja ESB og einkaðila til að halda mörkuðum stöðugum og lækka kostnað við lántökur. Bandaríski seðlabankinn mun styðja við aðgerðirnar með því að setja aftur í gang gjaldmiðlaskiptasamninga við Evrópska seðlabankann.

Fréttir af neyðarsjóðnum höfðu strax mikil áhrif á gengi evrunnar og á hlutabréfavísitölur í Evrópu. Met var slegið í Madríd á Spáni þar sem hlutabréfavísitalan hækkaði um 14,43 prósent, sem er mesta hækkun þar á einum degi. Í Lissabon í Portúgal hækkaði hlutabréfavísitalan um 10,73 prósent. Það er einnig methækkun.

Hækkunin á Spáni og í Portúgal kemur í kjölfar ótta við að löndin fari sömu leið og Grikkland, og þykir benda til þess að traust á fjármálakerfi landanna hafi aukist vegna neyðarsjóðsins.



**KYNNIR AÐGERÐIR** Olli Rehn, framkvæmdastjóri efnahags- og gjaldeyrismála innan Evrópusambandsins, kynnti nýjan neyðarsjóð á fundi með fjölmiðlafólki í Brussel í Belgíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðrar evrópskar vísitölur hækkuðu einnig umtalsvert. Í París hækkuðu hlutabréf um 9,66 prósent, og FTSE-vísitalan í London hækkaði um 5,16 prósent.

Sérfræðingar í fjármálamörkuðum telja að aðgerðir ESB-ríkjanna slökkvi að mestu þá elda sem erfitt ástand á Grikklandi hafi kveikt. Þeir benda þó á að til lengri tíma skapi það veikleika þegar skuldir ríkja sem eyði um efni fram lendi á endanum á herðum ábyrgðarfyllri ríkja. Þá skorti reglur til að koma í veg fyrir að vandamálið komi aftur upp síðar.

brjann@frettabladid.is



Nýlegir og í toppstandi

DÆMI:

| | |
|---|---|
| **Mercedes-Benz C 200 K** sjálfsk. 2007, ekinn 35.000 km | **Verð 5.990.000 kr.** |
| **Mercedes-Benz A 170** sjálfsk. 2006, ekinn 20.000 km | **Verð 3.375.000 kr.** |
| **Lexus IS 250** sjálfsk. 2007, ekinn 59.000 km | **Verð 5.850.000 kr.** |
| **Audi A3** 1,6 sjálfsk. 2008, ekinn 25.000 km | **Verð 3.590.000 kr.** |
| **Peugeot 407** 1,6 HDI dísil beinsk. 2007, ekinn 15.000 km | **Verð 2.950.000 kr.** |

Við eigum toppeintök af notuðum jeppum og fólksbílum. Komdu í ÖSKJU á **Krókhálsi 11** eða farðu á **askja.is** og finndu gæðabíl að þínu skapi.

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**

Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og KIA á Íslandi.

ASKJA

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-0865

# INNRÉTTINGAR OG HREINLÆTISTÆKI VORTILBOÐ!

## STURTUhorn

Hert öryggisgler Sturtubotn og vatnslás fylgja




STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

til afgreiðslu af lager




**HNOTA**, baðinnrétting með vaski* 140 x 48 cm **105.000** stgr*




Svört baðinnrétting með vaski* 145 x 48 cm **110.500** stgr*




Svört baðinnrétting með vaski* 92 x 48 cm **63.000** stgr*




**WC**, upphengt, sjálfberandi innbyggingarkassi með öllu hvítur sturtuhnappi og mjúklokun **35.900** stgr




**WC**, stútur í gólf, 14 cm í mitt gat mjúklokandi seta **21.000** stgr




**WC**, stútur í vegg, mjúklokandi seta **19.900** stgr



## HANDKLÆÐAOFNAR

### BOGA HVÍTIR

| | |
|---|---|
| 700 x 450 mm | 7.500.- STGR |
| 700 x 500 mm | 8.450.- STGR |
| 800 x 450 mm | 9.250.- STGR |
| 800 x 500 mm | 10.350.- STGR |
| 970 x 450 mm | 11.200.- STGR |
| 970 x 500 mm | 11.900.- STGR |
| 1120 x 550 mm | 12.700.- STGR |
| 1200 x 500 mm | 13.500.- STGR |
| 1200 x 550 mm | 14.300.- STGR |
| 1320 x 500 mm | 14.900.- STGR |
| 1450 x 500 mm | 15.900.- STGR |
| 1500 x 550 mm | 16.700.- STGR |
| 1600 x 500 mm | 17.500.- STGR |
| 1760 X 500 mm | 22.900.- STGR |

### BOGA KRÓM

| | |
|---|---|
| 700 x 450 mm | 12.700.- STGR |
| 760 x 550 mm | 15.900.- STGR |
| 800 x 500 mm | 16.700.- STGR |
| 800 x 550 mm | 17.500.- STGR |
| 1000 x 500 mm | 19.900.- STGR |
| 1120 x 550 mm | 21.500.- STGR |
| 1200 x 550 mm | 22.900.- STGR |
| 1320 x 500 mm | 23.900.- STGR |
| 1450 x 500 mm | 26.300.- STGR |
| 1500 x 550 mm | 27.900.- STGR |
| 1600 x 500 mm | 30.900.- STGR |




Svört baðinnrétting með vaski* 145 x 48 cm **93.150** stgr*




**Eik**, baðinnrétting með vaski* 100 x 48 cm **74.940** stgr*

*SPEGLAR OG BLÖNDUNARTÆKI SELT SÉR

* Verð með 40% afslætti

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR KRÝSUVÍK - hjálp til heilbrigðis

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR 2010

Sótt að hreinum meirihluta sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ

# Atvinnu- og fjármál eru efst á baugi

**Sjálfstæðismenn hafa haft hreinan meirihluta í bæjarstjórn undanfarin átta ár. Undir forystu Árna Sigfússonar bæjarstjóra unnu þeir stóran sigur í síðustu kosningum og hlutu sjö bæjarfulltrúa af ellefu. A-listi samfylkingar- og framsóknarmanna fékk fjóra. Við kosningarnar nú bjóða fjórir stærstu flokkar landsins fram undir eigin merkjum.**

Við síðustu sveitarstjórnarkosningar vorið 2006 var mikil uppsveifla í efnahagslífinu. Þau umskipti sem orðið hafa síðan í þjóðlífinu eru ekki síst greinileg á Suðurnesjum. Snemma á kjörtímabilinu hætti bandaríski herinn endanlega starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Þar sáu Suðurnesjamenn á bak burðarási í sínu atvinnulífi í meira en hálfa öld. Leit að nýjum atvinnutækifærum hefur staðið undanfarin ár og ekki er vanþörf á. Atvinnuleysi er nú hvergi meira, 1.754 íbúar Suðurnesja eru skráðir án atvinnu, rúmlega ellefu prósent af fullorðnu fólki á svæðinu.

### Bjartsýnisleg áætlun

Sú fjárhagsáætlun sem meirihluti sjálfstæðismanna samþykkti fyrir bæjarstjórnina í upphafi þessa kosningaárs byggðist á því að bjartari tímar væru fram undan, strax á þessu ári. Lagt var til grundvallar að 2.700 til 2.900 ný störf mundu skapast í sveitarfélaginu í ár og útsvarstekjur aukast um rúm sextán prósent. Þar var litið til álvers Norðuráls í Helguvík, Reykjanesvirkjunar og gagnavers Verne Holding, nýs sjúkrahúss og fjölmargra annarra áforma. Þess er enn beðið að þessi áform verði að veruleika.

Líkt og minnihluti bæjarstjórnar lýsti Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) efasemdum með þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar og gerðu að verkum að sveitarstjórnin gat uppfyllt þá lagaskyldu að afgreiða fjárhagsáætlun með tekjuafgangi. EFS aðhafðist ekki frekar í málum Reykjanesbæjar en kallaði eftir því að bæjarstjórnin skilaði ársfjórðungslegum upplýsingum um gang mála í rekstrinum.

### Umdeild orkumál

Málefni Hitaveitu Suðurnesja (HS) hafa verið umdeild undanfarin ár. Hvorki hefur verið sátt innan bæjarstjórnar Reykjanesbæjar né við nágrannasveitarfélögin um þá stefnu sem meirihlutinn hefur fylgt. Á síðasta ári seldi bæjarstjórnin mestallan hlut sinn í orkuframleiðsluhluta HS. Salan bætti eiginfjárstöðu bæjarsjóðs um milljarða króna samkvæmt síðasta ársreikningi.

### Fasteignir á leigu

Eitt þeirra atriða sem mest hefur verið gagnrýnt snýr að Eignarhaldsfélaginu Fasteign. Reykjanesbær er eigandi um 10 prósenta hlutafjár í félaginu sem er eigandi langflestra fasteigna sem bærinn notar til þess að halda úti sinni þjónustu. Grunnskólar, leikskólar, íþróttahús, bæjarskrifstofur og skólpdælustöð bæjarins eru í eigu Fasteignar og bærinn greiðir um einn milljarð króna á ári í leigu fyrir aðgang að eignunum samkvæmt samningum sem fela í sér um það bil 12 milljarða króna skuldbindingu næsta aldarfjórðung. Þessar skuldbindingar hafa ekki komið fram í efnahagsreikningi bæjarins og hefur verið gagnrýnt að þar með gefi reikningar þess ekki raunsanna mynd af raunverulegri stöðu sveitarfélagsins.

Á því kjörtímabili sem nú er að líða hefur stjórnarandstaðan í bæjarstjórn starfað undir merkjum A-listans. Því samstarfi hefur nú verið slitið. Stóru flokkarnir fjórir bjóða allir fram undir eigin merkjum til kosninganna í Reykjanesbæ 29. þessa mánaðar.

Í Fréttablaðinu í dag eru birtar niðurstöður skoðanakönnunar sem gerð var meðal 800 bæjarbúa í gær. Þar kemur fram hvaða augum bæjarbúar líta flokkana þegar lokasprettur kosningabaráttunnar er fram undan.



**REYKJANESBÆR** Fjórir stærstu flokkar landsins bjóða fram undir eigin merkjum í komandi sveitarstjórnarkosningum. Atvinnumálin eru áberandi í umræðunni fyrir kosningar enda atvinnuleysi mikið í sveitarfélaginu, en um 11 prósent íbúa eru án atvinnu.



**PÉTUR GUNNARSSON**
peturg@frettabladid.is

## Viljum efla lýðræðislega stjórnarhætti



„Við viljum efla íbúalýðræði og lýðræðislega stjórnarhætti," segir Kristinn Örn Jakobsson, nýr oddviti framsóknarmanna í Reykjanesbæ. „Við höfnum því foringjaeinræði sem núverandi meirihluti hefur stundað." Auk atvinnumála og úrbóta í fjármálum bæjarins leggja framsóknarmenn áherslu á að efla skoðanaskipti og hefja gagnrýna umræðu til vegs og virðingar í sveitarstjórninni. Þeir vilja bera mikilvæg mál undir atkvæði íbúa. Kristinn gagnrýnir harkalega að ákvarðanir um stórmál á borð við sölu Hitaveitu Suðurnesja hafi verið teknar án teljandi umræðu. Meirihlutinn hafi reynt að fegra bókhaldið eftir 1.200 milljóna króna taprekstur með því að selja eign bæjarbúa í Hitaveitu Suðurnesja til þess að bæta eiginfjárstöðuna. Enginn verði hins vegar ríkari á því að selja eignir. „Árni Sigfússon talar um að það vanti tekjur en það er eyðslan sem er vandamálið, ekki skortur á tekjum," segir Kristinn. Engin umræða hafi heldur farið fram meðal bæjarbúa um þátttöku bæjarins í Fasteign, félaginu sem nú á flestar fasteignir sem bærinn notar og fær um milljarð króna á ári í leigutekjur.

## Þarf að taka til



Fyrst og fremst þurfa fjármál bæjarins mikillar endurskoðunar við," segir Gunnar Marel Eggertsson, nýr oddviti Vinstri grænna í Reykjanesbæ.

Einnig þurfi að vinna eins vel og hægt er að atvinnumálum og velferðarmálum almennt. VG leggi til dæmis áherslu á ókeypis skólamáltíðir fyrir börn.

„Hér eru 1.750 manns atvinnulausir," segir Gunnar Marel. „Það stendur til að reisa álver en það geta aldrei nema 150 manns af atvinnuleysisskránni fengið vinnu í álverinu."

Gunnar telur álversáformin í Helguvík illa ígrunduð. Aðeins brot af þeirri orku sem álverið þarf sé til reiðu. Þá séu störf í álveri þau dýrustu sem hægt er að skapa, hvert og eitt kosti 200 milljónir króna. Gagnaverið sé hins vegar jákvætt verkefni en skoða þurfi að nýju öll áform um nýtingu Vallarsvæðisins. „Manni hefur sýnst að það séu helst einhverjir vildarvinir sem hafa fengið þar góða bita," segir Gunnar Marel. „Það er ekki svona sem á að gera hlutina í dag."

Þá segir hann að fjárhagsáætlun bæjarins fyrir þetta ár einkennist af óskhyggju og gagnrýnir að meirihlutinn hagi sér eins og enn sé árið 2007 meðan ábyrgir aðilar í landinu sjái nauðsyn þess að taka til og rifa seglin.

## Fyrsta verkefnið verður að taka til



„Fyrsta verkefnið eftir kosningar verður að taka til í fjármálum sveitarfélagsins og koma á jafnvægi eftir óstjórn Sjálfstæðisflokksins. „Tekjuhliðin hefur verið sniðin að gjaldahliðinni," segir Friðjón Einarsson, nýr oddviti Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ. Allir sem reki heimili viti að það gangi ekki að ákveða fyrst hvað maður ætli að eyða miklu og áætla sér síðan tekjur í samræmi við eyðsluna. Þetta hafi meirihluti sjálfstæðismanna þó gert á hverju ári frá 2002. Uppsafnað tap skipti nú milljörðum. Fjárhagur sveitarfélagsins standi á brauðfótum.

„Við erum með mesta atvinnuleysi á Íslandi og stærstu fyrirtækin okkar hafa farið halloka. Eini aðilinn sem sinnir atvinnuþróun er ríkið í gegnum Kadeco [Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar]," segir Friðjón. „Við stefnum að því að verja skólana, leikskólana og velferðarkerfið. Vonandi verður hægt að ná jöfnuði í fjármálum bæjarins á næsta kjörtímabili." Friðjón leggur einnig áherslu á að bæta samstarf við nágrannasveitarfélögin. Það hafi beðið skipbrot vegna yfirgangs sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ í deilum um orkunýtingu og eignarhald Hitaveitu Suðurnesja.

## Er tilbúinn til að leiða þetta starf áfram



Árni Sigfússon, bæjarstjóri og oddviti sjálfstæðismanna, segir að atvinnumál, fjölskyldumál og umhverfismál séu helstu mál bæjarstjórnarkosninganna í Reykjanesbæ. Hann segist bjartsýnn á að Sjálfstæðisflokkurinn haldi hreinum meirihluta að loknum kosningum. „Ég hef lýst því að ég er tilbúinn til að leiða þetta starf áfram og óska eftir stuðningi til þess," segir Árni. „Ég hef góða tilfinningu fyrir að íbúar vilji halda þessari stjórn áfram.

Það skiptir mestu máli að við náum að vinna okkur í gegnum atvinnuvandann. Þar eru mörg stór verkefni í undirbúningi." Árni segir þúsundir vellaunaðra starfa í undirbúningi í álveri, kísilveri, nýju sjúkrahúsi, gagnaveri og fleiri verkefnum. „Það er mín ætlan að okkur takist að skapa þessi störf og gera þau raunveruleg upp úr miðju þessu ári. Til þess þurfum við öflugan stuðning bæjarbúa." Einnig leggur hann áherslu á að halda áfram frumkvöðulsstarfi í fjölskyldu- og forvarna- og umhverfismálum sem unnið hafi verið í Reykjanesbæ undanfarin ár.




FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

BS nám í viðskiptafræði með vinnu í Háskóla Íslands

Haldinn verður kynningarfundur um námið miðvikudaginn 12. maí kl. 12-13 í stofu 102 í Gimli.

Nánari upplýsingar má finna á www.bsv.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

## Fyrsti útdráttur í kvöld

www.das.is




### Fjórir á árinu

# Audi A4

+ 7,3 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!



eða

# 14,6 milljónir
á tvöfaldan miða!

### Milljónavinningar á árinu

# 10x6 milljónir
# 38x4 milljónir

Tíu 6 milljóna króna og þrjátíu og átta 4 milljóna króna skattfrjálsir vinningar á árinu á tvöfaldan miða.
Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.




# Dregið í kvöld!

**Aldraðir hafa átt allan okkar stuðning í áratugi.**
Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.

**Kauptu miða á www.das.is**

Happdrætti DAS, Tjarnargötu 10, sími 561 7757.

dregið viku-lega!
52 útdrættir á árinu!

HAPPDRÆTTI das
Vinningur í hverri viku

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 49452 04/10

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Umræður um sameiningu ráðuneyta mega ekki snúast upp í karp og hagsmunapot.

## Lítið lært?

Pólitíkin sýnir á sér ýmsar sínar verstu hliðar í umræðum um almennt skynsamleg og gagnleg áform um sameiningu ráðuneyta og fækkun ráðherra, sem kveðið er á um í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Samfylkingin vill keyra málið áfram og sameina ráðuneytin sem fyrst. Samfylkingarmenn geta meðal annars vísað til nýrrar skýrslu starfshóps forsætisráðuneytisins, sem gert hefur tillögur um viðbrögð stjórnsýslunnar við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Starfshópurinn telur að fækkun ráðuneyta myndi einfalda samstarfið í ríkisstjórn, styrkja forystu stjórnarinnar og bæta möguleika á fagmennsku í stjórnarráðinu með stærri einingum.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Starfshópurinn hvetur hins vegar líka til þess að vandað sé til verka og fram fari fagleg greining á kostum og göllum: „Slíkar skipulagsbreytingar þarfnast ítarlegs og ígrundaðs undirbúnings og samráðs við þá sem hagsmuna eiga að gæta, s.s. starfsmenn ráðuneyta.“ Með öðrum orðum kann að vera ástæða til að flýta sér ekki um of.

Innan vinstri grænna virðast ýmsir misskilja málið, kannski viljandi. Ásmundur Einar Daðason þingmaður hélt því til dæmis fram í fréttum að í hugmyndunum um sameiningu sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðarráðuneytis í eitt atvinnuvegaráðuneyti fælist aðför að Jóni Bjarnasyni ráðherra; kasta ætti út eina ráðherranum sem hefði greitt atkvæði gegn því að Ísland sækti um aðild að ESB. Ekki mætti undir nokkrum kringumstæðum veikja stjórnsýsluna í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum í aðildarviðræðunum við ESB sem færu í hönd.

Í þessum málflutningi virðist gleymast að mörg ár eru síðan byrjað var að ræða hugmyndir um eitt atvinnuvegaráðuneyti. Þær umræður hófust löngu áður en Ísland sótti um aðild að ESB og löngu áður en nokkrum manni datt í hug að Jón Bjarnason gæti orðið ráðherra. Og markmiðið er að styrkja stjórnsýsluna, ekki veikja hana. Hitt er svo annað mál að þeir, sem telja að atvinnuvegaráðuneytin eigi að vera verðir sérhagsmuna „sinnar“ atvinnugreinar á kostnað annarra atvinnuvega eða almannahagsmuna, eru sjálfsagt mótfallnir sameiningu þeirra.

Í Fréttablaðinu í dag kemur fram í máli Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, að ekkert samráð hafi verið haft við stjórnarandstöðuna um sameiningu ráðuneyta. Þó er vitað að í stjórnarandstöðuflokkunum eru margir, sem styðja slíkar hugmyndir. Almennt talað er ekki æskilegt að í hvert sinn, sem ný ríkisstjórn sezt að völdum, sé farið að hræra í skipulagi stjórnarráðsins. Um slíkar breytingar þarf að ríkja sem víðtækust pólitísk samstaða.

Í skýrslu starfshóps forsætisráðuneytisins er einmitt hvatt til þess að leitað sé leiða til að stuðla að því að efla svokölluð samstöðustjórnmál, þar sem stjórnarandstaðan kæmi einnig að töku ákvarðana. Í skýrslunni er fjöldi annarra tillagna um breytingar, sem gera þarf á stjórnsýslunni til að bæta úr þeim ágöllum sem komu svo skýrt fram í hruninu.

Það má alls ekki leyfa umræðum um þessar mörgu og góðu tillögur að snúast upp í karp um hagsmuni einstakra flokka, pólitíkusa, atvinnugreina eða hagsmunasamtaka. Þá hafa stjórnmálamennirnir lítið lært.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Áhyggjur af réttarríkinu

Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður skrifaði grein í Fréttablaðið um helgina, þar sem hann lýsti andúð sinni á handtöku tveggja fyrrverandi bankastjóra Kaupþings. Jakob átaldi sérstakan saksóknara fyrir að láta stjórnast af almenningsálitinu. Hann segir ótækt að setja mennina í gæsluvarðhald áður en mál þeirra séu krufin til mergjar og dregur í efa að það stafi af sérstökum rannsóknarhagsmunum. Í framhaldinu fullyrðir hann að sérstakur saksóknari sé beinlínis að brjóta lög og dómsmálaráðherra eigi að víkja honum úr embætti fyrir þessi vinnubrögð. Sjálft réttarríkið sé í húfi.

### Að skjóta fyrst og spyrja svo

Brýningar um að menn skulu teljast saklausir uns sekt er sönnuð eru auðvitað góðra gjalda verðar. En athygli vekur að í sömu grein og Jakob Frímann ásakar sérstakan saksóknara um að skjóta fyrst og spyrja svo, gerir hann það nákvæmlega sama sjálfur.



### Dómstóll JFM

Jakob Frímann var ekki viðstaddur skýrslutökuna áður en Hreiðar Már Sigurðsson var handtekinn og veit ekkert um það hvort þar hafi eitthvað komið fram sem réttlætir gæsluvarðhaldið. Engu síður telur hann sig þess umkominn að segja sérstakan saksóknara brjóta lög og kalla eftir brottrekstri hans. Af hverju bíður Jakob Frímann ekki eftir úrskurði dómstóla um þetta mál áður en hann skellir fram svo alvarlegum ávirðingum, fyrst honum er svona annt um leikreglur réttarríkisins? Er dómstóll Jakobs Frímanns eitthvað betri en dómstóll götunnar?



bergsteinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Kvikmyndagerð og ferðaþjónusta

Kvikmyndagerð



Björn Brynjúlfur Björnsson
kvikmyndagerðarmaður

Kvikmyndir eru eitt öflugasta form landkynningar og hafa veruleg áhrif á straum ferðamanna um allan heim.

Landkynning eins og nú á að ráðast í fyrir 700 milljónir króna er markaðsátak þar sem greitt er fyrir að koma upplýsingum til fólks í gegnum auglýsingar og önnur markaðstæki. Vandinn er sá að fólkið sem á að fá skilaboðin er eðlilega ekki alltaf áhugasamt eða móttækilegt fyrir áreitinu.

Þegar þetta fólk hins vegar horfir á kvikmyndir eða sjónvarpsefni hefur það í flestum tilfellum sjálft greitt fyrir eða lagt eitthvað á sig til að geta horft á myndina og er því bæði móttækilegt og áhugasamt.

Áhrif kvikmynda á ferðamenn til Íslands hafa því miður ekki verið rannsökuð en nokkur þekkt dæmi mætti nefna. Þegar sjónvarpsþættirnir um Nonna og Manna voru sýndir í þýskumælandi hluta Evrópu jókst fjöldi ferðamanna frá Þýskalandi til Íslands árið eftir um 16%, um 24% frá Austurríki og um 48% frá Sviss.

Þegar Börn náttúrunnar var sýnd í bíóhúsum og sjónvarpi í Japan sáu um 60 milljónir manna myndina. Sumarið eftir komu 27,8% fleiri ferðamenn frá Japan til Íslands en árið á undan.

Samkvæmt rannsóknum koma 18% allra ferðamanna til Írlands beinlínis vegna kvikmynda. Í Danmörku er þessi tala 12% samkvæmt þarlendum rannsóknum.

Ef við gefum okkur að 10% ferðamanna til Íslands komi vegna kvikmynda eru gjaldeyristekjur af þeim 15,5 milljarðar króna.

Ný skýrsla um fjármögnun íslenskra kvikmynda leiðir í ljós að ríkissjóður fær, í gegnum skattkerfið, endurgreidda alla fjárfestingu sína í kvikmyndum og gott betur.

Hin jákvæðu áhrif kvikmynda á ferðaþjónustuna eru því aukaafurð sem ekki kostar samfélagið neitt. Því er enn óskiljanlegri sú stefna núverandi ríkisstjórnar að skera framlög til kvikmyndasjóða niður langt umfram það sem gert er í nokkurri annarri grein.

Helst má líkja þessu við að kaupa sér góðan hlaupaskó á annan fótinn – en skjóta sig í hinn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Svokallaðir ráðherrar

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Nú, þegar vönduð rannsóknarskýrsla er komin í hvers manns hendur sem eftir því sækist, byrjað að sækja menn til saka, og Icesave-málið ekki lengur í hámæli, þar sem við erum eins máls þjóð, þá er við hæfi að snúa sér af fullri alvöru að því sem er mest aðkallandi í dag: Atvinnumálum. Í það á orkan að fara. Þegar vinnufært fólk um allt land er að missa bæði heilsu og sjálfsvirðingu af því að það er enga vinnu að hafa og hver spámaðurinn á fætur öðrum segir að ástandið verði ekkert skárra á næstu árum, þá gefst fólk einfaldlega upp. Á slíkum tímum er ekki hægt að vera með persónulegar skoðanir á hvað megi gera. Það verður að nýta hvert tækifæri sem gefst til að byggja upp og skapa atvinnu. Virkjanir eða einkasjúkrahús fyrir útlendinga þar með. Það er beinlínis lítilsvirðing við almenning á þessum tímum að leggja stein í götu framkvæmda sem skapa atvinnu til framtíðar.

## Eitur í mínum beinum

Heilbrigðisráðherra segir í viðtali við Læknablaðið að hugmyndir um einkasjúkrahús séu óraunhæfar og hætta á að hér skapist tvöfalt kerfi í heilbrigðisgeiranum. „Það er eitur í mínum beinum og ég mun seint stuðla að því að svo verði,“ segir ráðherrann.

Lögin geri ekki ráð fyrir að heilbrigðisyfirvöld ráði þessu. Þetta sé dæmi um glímuna sem þau séu daglega í við arfleifð fyrri ríkisstjórna. „Svokölluðum einkaframkvæmdum var gert hátt undir höfði, lagaumhverfið sniðið að þörfum markaðsaflanna.“

Nú spyr maður sig, hvað eru einkaframkvæmdir? Er hönnun og önnur listsköpun ekki einkaframkvæmdir? Eru litlu búðirnar sem spretta upp með heimagerðum hlutum ekki einkaframtak, sem og markaðurinn í Kolaportinu. Eru einhverjir svo forskrúfaðir að þeir skilja ekki hvaða verðmæti felst í frelsi einstaklingsins til athafna? Ekki bara efnisleg, heldur sjálfsvirðing og efling skapandi hugsunar. Þó að einhverjir hafi ekki virt almennar umferðarreglur, ekið yfir á rauðu hvar sem þeim sýndist, verið ölvaðir undir stýri og eyðilagt ómetanleg verðmæti, þýðir það ekki að dagar einkabílsins séu taldir.

## Við og hinir

Sitjandi ríkisstjórn og fylgismenn hennar hafa frá fyrsta degi talað um vondu íhaldsöflin sem eyðilögðu allt. Góða björgunarsveitin var allt annarrar gerðar og henni best treystandi.Þessi mantra gengur ekki lengur. Það verður enginn betri fyrir það eitt að annar er lakari. Samanburður breiðir ekki yfir vanhæfni þess sem beinir spjótum sínum að öðrum.

Þeir sem tala hæst um valdagræðgi og leynd annarra stjórnmálamanna, hafa það yfirlýsta markmið eitt, að hvað sem á milli ber, þá ætli þeir ekki að sleppa valdataumunum. Þeir sem hafa talað hæst um gagnsæi, standa dyggast vörð um leyndina þegar þeim hentar. Þetta er við blasandi og öllum ljóst. Þeir sem tala hæst um spillingu í vina og flokksbræðra ráðningum, geta aðeins unnið með og ráðið sitt fólk, vini og flokksbræður. Sumir ráðherrar taka stöðuheitið bókstaflega og minna stundum á að þeir ráði í tilteknu máli, og hofmóður þeirra og yfirlæti dylst engum.

Ráðherrar og aðrir stjórnmálamenn öðlast traust með góðum verkum, en einnig með framkomu og fagmennsku. Við lifum á tímum þar sem fólk tjáir sig frjálslega um eitt og annað, einkum á Netinu og gildismat á margan hátt annað en áður var. Sjálfri finnst mér að þeir sem sitja í ráðherrastólum eigi að sýna hlutverki sínu þá virðingu að fara ekki með slúður og halda sig við staðreyndir. Mig varðar til dæmis ekkert um hvað er eitur í beinum ráherrans, þó að mér þyki áhugavert hvaða faglega mat hann styðst við. Mér þótti líka undarlegt að heyra forsætisráðherra landsins segja við blaðamenn að hún leyndi því ekki að sér þætti óþægilegt að ein samflokkskona hennar sæti í þingflokknum, vegna fjárstuðnings sem hún þáði í prófkjöri. Viðkomandi hefði að vísu ekki brotið neinar reglur, en sér þætti þetta sem sagt óþægilegt!

Hvers konar framkoma er þetta við samherja? Hverjum kemur við hvað forsætisráðherranum finnst óþægilegt. Þetta er slúður og ekki samboðið embættinu sem þessi annars ágæta kona gegnir.

> Hvers konar framkoma er þetta við samherja? Hverjum kemur við hvað forsætisráðherranum finnst óþægilegt. Þetta er slúður og ekki samboðið embættinu sem þessi annars ágæta kona gegnir.

Ef það þykir við hæfi að tala um framtak einstaklinga sem oftar en ekki kemur fleirum vel sem, „svokallaðar einkaframkvæmdir“, má alveg eins segja „svokallaðir ráðherrar“ um suma sem því embætti gegna.

## AF NETINU

**Þúfnahugsun**

"Þúfnahugsun og vægi þröngra hagsmuna hafa ráðið allt of miklu allt of lengi. Stjórnsýslan á Íslandi er bæði veik og léleg. Það þarf að taka hana í gegn á öllum vígstöðvum. Flokksgæðingum hefur verið hlaðið á hillur ráðuneytanna um áratuga skeið. Fagmennskan hverfur og eftir stendur pot vina til vina. "

blog.eyjan.is/grimuratlason
Grímur Atlason

ÁRSFUNDUR KJALAR LÍFEYRISSJÓÐS

**Kjölur lífeyrissjóður boðar hér með til ársfundar sjóðsins. Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel, Sigtúni 38 í Reykjavík, þriðjudaginn 25. maí 2010 kl. 17.00.**

Allir sjóðfélagar og rétthafar eiga rétt á setu á ársfundinum.

Á dagskrá fundarins eru almenn ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins og 30. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Ársfundargögn er hægt að nálgast á heimasíðu sjóðsins, **www.landsbankinn.is/ls/kjolur** og hjá Fjármálaráðgjöf Landsbankans, Austurstræti 11.

Reykjavík, 10. maí 2010

Virðingafyllst,
stjórn Kjalar lífeyrissjóðs

ELDHEITT EINTAK
N1
BROIL KING
GEM VNR. 076 53603IS
• 8,8kW / 30,000 BTU I brennari úr ryðfríu stáli
• Postulínshúðaðar járngrindur fylgja
• Ryðfrí eldunarhlíf Flav-R-Wave™
• Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
• Sure-light™ elektrónískt kveikjukerfi
• Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
Verð aðeins:
39.998 KR.



N1 WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000 Meira í leiðinni

HVAR ÞRENGIR AÐ? Hvaða hópar eru berskjaldaðir í íslensku samfélagi?

MÁLEFNAÞING UM NIÐURSTÖÐUR SKÝRSLU RAUÐA KROSSINS „HVAR ÞRENGIR AÐ?“

Málefnaþingið verður haldið föstudaginn14. maí kl. 14 - 17
í Háskóla Íslands, Háskólatorgi, stofu 105.

Fundarstjóri **Gísli Pálsson** prófessor og varamaður í stjórn Rauða kross Íslands.

DAGSKRÁ:

Kl. 14:00 Setning.
*Ungt fólk í atvinnuleit.*
■ Niðurstöður skýrslunnar Hvar þrengir að?
*Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.*
■ Álit á niðurstöðum skýrslunnar Hvar þrengir að?
*Hjördís Árnadóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og félagsþjónustusviðs Reykjanesbæjar.*
*Lára Björnsdóttir, formaður Stýrihóps velferðarvaktarinnar.*
*Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.*
Kl. 15:10 Kaffihlé.
■ Fátækt á Íslandi.
*Guðný Björk Eydal, félagsráðgjafi og prófessor við Háskóla Íslands.*
■ Rauði krossinn og efnahagsþrengingar í Evrópu.
*Georg Habsburg, formaður Rauða krossins í Ungverjalandi.*
■ Stefna Rauða kross Íslands.
*Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða kross Íslands.*
Kl. 17:00 Fundarlok.

EKKERT ÞÁTTTÖKUGJALD - ALLIR VELKOMNIR!

**Skráning á skraning@redcross.is**
**Nánari upplýsingar á raudikrossinn.is**

Rauði kross Íslands

# Siðbót í lausu lofti

Siðbót

**Ari Trausti Guðmundsson**
rithöfundur og jarðeðlisfræðingur



Það er lélegur vonarpeningur að halda að siðbót sé hugarfarsbreyting sem menn hugsa upp í lausu lofti. Allar verulegar hugmyndafræðilegar breytingar hafa bæði efnahagslegan og stjórnmálalegan grunn. Íslenskt efnahagskerfi byggir á mismunun og takmarkalausri gróðasókn, hvað svo sem segja má um eitt og annað jákvætt í því. Stærstu ákvarðanirnar og aðgerðirnar sem urðu að veruleika fyrir hrunið voru meðvitaðar og byggðar á ákveðinni hugmyndafræði. Þær voru ekki mistök. Stjórnmálamenn skorti ekki staðfestu til að stöðva það sem rangt var. Þeir voru ýmist samþykkir vegferðinni eða eygðu í henni eitthvað skárra en fyrir var.

Geta menn séð hugmyndafræðina fyrir sér? Geta menn skynjað hvernig þeir/þær hugsa sem gert hafa sig seka um þá siðfræði sem tætt er í sundur þessa dagana? Kannski. En hitt er víst að afstaða fólksins var og er geirnegld í þeim hagsmunum sem allt efnahagskerfi þeirra byggir á og þeirri valdastöðu sem það hefur náð. Af þessu leiðir að siðbót í íslensku samfélagi byrjar, kemur við í eða endar í breytingum á efnahagsmálum og stjórnmálum. Nú er um að gera að ræða allt slíkt í því eðlilega samhengi sem hugmyndafræði, lýðræði, samfélagsgerð og efnahagsgrunnur á að vera. Ekki eyða tíma í að biðla til fólks um að fara að „hugsa“ öðruvísi því í þessum efnum gildir ekki setningin „vilji er allt sem þarf“. Búum nýjum hugmyndum efnislegan grunn til að skjóta rótum, dafna og verða ráðandi.

Tvö atriði vil ég minnast á í þessu sambandi. Stjórnlagaþing, kosið af almenningi, hefur oft verið nefnt sem einn af bjarghringjunum eftir hrunið. Fólkið á að fá að koma beint að nauðsynlegum kerfisbreytingunum, ekki aðeins eftir að einhver hópur og þing hefur vélað um þær og sett svo allt saman til samþykkis í almennum kosningum. Ýmsir mætir menn hafa mælt fyrir þessu en margir fyrrverandi og núverandi stjórnmálamenn og valdamenn í efnahagsmálum séð meinbugi á slíku stjórnlagaþingi. Þá kemur upp hugmynd um að skipa utanþingsnefnd, líkt og rannsóknarnefnd Alþingis, til að vinna verkið og ná þannig fram sátt milli þeirra sem vilja alvöru stjórnlagaþing og þá sem eru smeykir við það. Hún er röng og hrein uppgjöf. Almenningur verður að fá að koma að nýjum samfélagsramma í stjórnmálum, alveg frá fyrstu stundu, annars glatar hann sínu helsta tækifæri til að stuðla að siðbót og efnahagsumbótum í landinu. Allt annað er óásættanlegt og nú verða þeir stjórnmálamenn sem enn þora að hafa raunverulegt samráð við alþýðu manna að afgreiða lög um stjórnlagaþing, hvað sem kostnaði við það líður, lagaflækjum eða efasemdum um gagnsemi þess. Ýmis samtök geta lagt þessu lið rétt eins og fjölmargir einstaklingar.

> Aldrei verður sátt í samfélaginu né siðbót ef einn tiltekinn hópur er látinn borga óhæfilega fyrir hrunið bara af því að fáeinir ráðherrar og nokkrir þingmenn telja þá geta það og bankar og sjóðir vilja það.

Hitt atriðið varðar skuldastöðu heimila. Allir vita að til eru þrír meginhópar sem eiga eigin heimili. Þetta eru þeir sem skulda lítið eða ekkert af fasteignalánum, þeir sem skulda töluvert eða mikið en standa ávallt í skilum og svo þeir sem hafa lent í vandræðum með greiðslur. Allir vita líka að miðhópurinn er stærstur og enn fremur að hann heldur einnig uppi stórum hluta neyslu og skatta í landinu. Sú fáránlega lenska hefur búið um sig í ríkisstjórn og hjá meirihluta alþingismanna að rétt skuli vera að aðstoða þriðja hópinn en blóðmjólka þann stóra, rétt eins og sífellt fleiri sem þar detta í vanskilahópinn séu ekki til. Aldrei verður sátt í samfélaginu né siðbót ef einn tiltekinn hópur er látinn borga óhæfilega fyrir hrunið bara af því að fáeinir ráðherrar og nokkrir þingmenn telja þá geta það og bankar og sjóðir vilja það. Vissulega má segja að fyrsttaldi hópurinn fari á mis við eitthvað, séu fasteignalán lækkuð, en þar er þó engin vá fyrir dyrum. Það er hverju meðalheimili nóg að eiga við dýrtíðina, aukna skatta sem flestir mótmæla ekki og aðrar afleiðingar hrunsins, þó ekki sé sama fólkinu ýtt nær þroti með hverjum mánuði meðan ráðamenn kynna úrræði til hjálpar nauðstöddum.


Öruggt samfélag

Ráðstefna The European Safe Community í Reykjavík 19. - 20. maí 2010



**Einstakt tækifæri**

Til að sveitarfélag eða hverfi sé lýst *Öruggt samfélag* í skilningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), þurfa þeir sem mynda meginstoðir viðkomandi samfélags að vera þátttakendur í verkefninu um *Öruggt samfélag*.

Á Evrópuráðstefnu, sem haldin verður í Reykjavík 19. - 20. maí n.k., býðst Íslendingum einstakt tækifæri til að kynnast „Safe Community“ verkefni WHO um *Öruggt samfélag* og þar með flestu sem snertir slysa- og ofbeldisvarnir í nærsamfélaginu.

Ráðstefnan er opin öllum sem áhuga hafa og greiða ráðstefnugjald.

Sjá nánar á vef Lýðheilsustöðvar:
*www.lydheilsustod.is*

LÝÐHEILSUSTÖÐ


# Teygður þumall

Árás á Alþingi

**Steinar Bragi**
rithöfundur



Hópur fólks fer inn í Alþingi, sem stendur opið. Það er leyfilegt að heimsækja Alþingi. Tvær manneskjur, piltur og stúlka, komast alla leið upp á pallana og hrópa á nokkra pent klædda alþingismenn að „drulla sér út“. Þessum tveim sem komust alla leið er dröslað aftur niður stigana, þar sem aðrir mótmælendur hafa verið stöðvaðir – og þumall tognar á þingverði. Þumallinn brotnar ekki, eða rifnar eða húkkar far upp í Kópavog, hann tognar. Í dag er þumallinn kominn í lag.

En Ísland virðist brotið, sem fyrr. Fyrstu hruns-ákærurnar eru gegn borgurum landsins, og þessir tilteknu borgarar standa frammi fyrir allt að sextán ára fangelsi, en að lágmarki eins árs. Á Alþingi situr ný ríkisstjórn sem komst til valda fyrir heilmörg skilti, upphrópanir og glamrandi potta, sem sögðu þó aldrei neitt flóknara en *drullið ykkur út*. Með einni undantekningu hefur enginn núverandi valdhafa tjáð sig um þetta mál.

**Níu vatnsgreiddir Heimdellingar**

Það er vert að endurtaka þetta: *að lágmarki eins árs fangelsi fyrir að hrópa af pöllum Alþingis og teygja þumal*. Dómar í nauðgunarmálum eru algengir upp á eitt til tvö ár. Mennirnir sem hafa rænt hverja vinnandi manneskju um milljónir, kostað örvæntingu og gnístran tanna hjá fjölskyldum landsins – baráttumenn eins og Icesave-feðgarnir, Jón Ásgeir, Fons-Pálmi – ganga hins vegar lausir og ekki í sjónmáli að það muni breytast. En ef svo ólíklega vildi til, þá fengju þeir engin sextán ár, heldur tvö. Það er áttfaldur silkihanski á við almennt borgarahyskið, pulsuþjófnaði okkar, skítugar upphrópanir og teygða þumla.

En fyrir lögum eru ekki allir jafnir. Sá hópur sem fór inn í Alþingi, eða gerði tilraun til þess þennan dag, var mun fjölmennari en þau níu sem eru ákærð. Það er ekki vitað hvers vegna látið var duga, af tæpum þrjátíu einstaklingum, að kæra einungis níu – nema níu hafi þótt nægja til að fæla okkur hin frá að taka upp á þessu síðar meir. Fæst af þessum níu hafa áður komið við sögu mótmæla; sum eiga svartklædda vini sem gjarnan eru notaðir til að myndskreyta fréttir af málinu, en kannski er lykillinn að þessu öllu einfaldlega sá að ekkert hinna níu er af Engeyjarrættinni, ekkert er sonur Davíðs, og fæst myndu þau þykja líkleg til að vekja samúð þjóðar eða fjölmiðla.

Sjáið fyrir ykkur níu vatnsgreidda Heimdellinga sem mæta á Alþingi þegar hækka á barnabætur, eða níu femínista úr Samfylkingunni eða VG þegar stripp verður lögleitt aftur. Tvö þeirra ná alla leið upp á pallana og hrópa Niður með kommana! eða Þrælahaldarar! Þeim er hent út, þumall tognar. Og ekkert þeirra er ákært. Enginn talar um ofbeldi. Þótt þjóðin verði ekki öll ánægð, er ekki frá því að allt havaríið þyki hraustleikamerki hjá æskunni sem erfa á landið.

**Enginn þumall**

En kæran snýst ekki um þumal, eða hver rak olnboga í andlit hvers í stigum Alþingis. Þetta snýst ekki um ofbeldi eða líkamstjón, heldur einungis þetta: truflun á störfum Alþingis.

Truflanir á störfum stjórnmálamanna eru ekki nýmæli á Íslandi. Þegar Sigurjón og Jón Gnarr voru með útvarpsþáttinn Tvíhöfða sendu þeir Jón Atla Jónasson niður á þing til að trufla störf þingsins og útvörpuðu látunum. Enginn var ákærður til sextán ára fangelsis. Fyrir nokkrum árum gerði Jón í Sigurrós hróp að borgarstjórn til að mótmæla virkjun, og enn nýlegar lögðu þrír háskólanemar sem allir heita Jón leið sína í ráðhúsið til að mótmæla orkusölu til Kanada. Öllum var sparkað út með látum, en enginn var ákærður til sextán ára fangelsis. Þegar Sigmundur Ernir truflaði þingstörf með því að tala drukkinn í pontu Alþingis stóð hann ekki heldur frammi fyrir sextán árum í fangelsi, ekki Össur Skarphéðinsson fyrir ræðuhöld af pöllum, ekki Árni Johnsen fyrir að dotta árum saman úti í sal og hrjóta, og ekki Steingrímur J. fyrir frammíköll.

> En ef sakfellt verður í þessu máli sem nú liggur fyrir, erum við minna frjáls en áður, og hræddari við heiðarleg og jafnvel kröftug skoðanaskipti. Frelsið sem Íslendingar þarfnast í dag er á vettvangi skoðana, og miðlunar upplýsinga.

Allt þetta fólk var frjálst til að láta í ljós skoðun sína, og er það ennþá. En ef sakfellt verður í þessu máli sem nú liggur fyrir, erum við minna frjáls en áður, og hræddari við heiðarleg og jafnvel kröftug skoðanaskipti. Frelsið sem Íslendingar þarfnast í dag er á vettvangi skoðana, og miðlunar upplýsinga.

**Samstaða**

Ráðherrar landsins og þingmenn sitja í stólum sínum ekki síst vegna mótmæla af því tagi sem nú á að fangelsa fyrir. Alþingismenn hljóta að hafa skoðun á málinu, þótt lítið hafi farið fyrir henni hingað til. Ég lýsi eftir þessari skoðun, og hver afstaða þingmanna er til mögulegrar sakfellingar.

Það er líka rétt að undirstrika að fangelsisdómar í þessu máli verða ekki kveðnir upp án þess að búast megi við mótmælum, fólk fari jafnvel inn í Alþingi og upp á palla, eins og er ennþá réttur okkar, og biðji einhvern um að koma sér út; að margir verði reiðubúnir til að láta handtaka sig og dæma samkvæmt sömu ólögum og nímenningarnir standa frammi fyrir – í eins til sextán ára fangelsi. Enginn sem mótmælti þessa daga sem eru kenndir við búsáhaldabyltingu gerði meira en þau sem nú eru ákærð. Við erum þetta fólk. Það erum við sem erum ákærð á morgun, miðvikudag, klukkan 13.15, í Héraðsdómi Reykjavíkur.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Taktu flugið

**Nettilboð 12.–18. maí**

**Til og frá Reykjavík:**

- » Akureyri **6.190 kr.**
- » Egilsstaðir **7.190 kr.**
- » Ísafjörður **6.190 kr.**
- » Vestmannaeyjar **5.190 kr**

Verð aðra leið með sköttum. Takmarkað sætaframboð.

**Einungis bókanlegt á flugfelag.is**

→ flugfelag.is

ÍSLENSKA /SIA.IS/ FLU 50289 05 /10



†

*Maðurinn minn og faðir okkar,*

**Jóhann Ágúst Guðlaugsson,**
frá Kolsstöðum í Dölum,

lést á heimili sínu laugardaginn 8. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Steinunn Erla Magnúsdóttir**
**synir hins látna og fjölskyldur.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir og tengdamóðir,*

**Guðrún Sigríður Eggertsdóttir,**
áður til heimilis að Gnoðarvogi 32,

lést á Sunnuhlíð föstudaginn 7. maí.

**Sigdór Helgason**
**Björk Sigdórsdóttir**
**Birgir Sigdórsson** **Sigrún Ólafsdóttir**
**Helga Helgadóttir**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigfríður Theódórsdóttir Bjarnar,**
áður til heimilis að Fannborg 8, Kópavogi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð sunnudaginn 9. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Theódór Skúli Halldórsson** **Ólöf Helga Pálmadóttir**
**Sigfríður Guðný Theódórsdóttir**
**Pálmi Ólafur Theódórsson** **Birgitta Strange**
**Gunnlaugur Halldórsson** **Cécile Gaillot**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hinrik Karl Aðalsteinsson,**
Lindargötu 9, Siglufirði,

sem lést miðvikudaginn 5. maí á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar á Siglufirði, verður jarðsunginn frá Siglufjarðarkirkju fimmtudaginn 13. maí, uppstigningardag, kl. 15.00.

**Jón Aðalsteinn Hinriksson** **Anna Viðarsdóttir**
**Auður Helena Hinriksdóttir**
**Hinrik Karl Hinriksson** **Bylgja Rúna Aradóttir**



†

*Ástkær systir mín og mágkona,*

**Valgerður Þóra Guðmundsdóttir Deak,**

andaðist á heimili sínu í Calgary í Canada mánudaginn 3. maí sl. Útför hennar fer fram í kyrrþey.

**Guðmunda Guðmundsdóttir** **Þórhallur Jónsson**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurbjörg Hjálmarsdóttir**
Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, áður Gullsmára 8, Kópavogi,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi laugardaginn 1. maí, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 11. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á FAAS, Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga.

**Hjálmar Viggósson** **Ragnheiður Hermannsdóttir**
**Magnea Viggósdóttir** **Kenneth Morgan**
**Erna Margrét Viggósdóttir** **Kristján Þ. Guðmundsson**
**Helen Viggósdóttir** **Þórarinn Þórarinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Vilhjálmsdóttir,**
Hjallatúni, Vík í Mýrdal,

andaðist á Hjallatúni fimmtudaginn 6. maí. Útför hennar fer fram frá Víkurkirkju föstudaginn 14. maí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hinnar látnu er bent á Dvalarheimilið Hjallatún.

**Finnur Bjarnason**
**Gréta Bjarnadóttir**
**Oddný Bjarnadóttir** **Stefán Á. Stefánsson**
**Valborg Bjarnadóttir**
**Egill Bjarnason** **Sigurlín Tómasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Helgi Frímannsson**
bankamaður, Hagamel 37, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítala Landakoti fimmtudaginn 29. apríl. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 11. maí kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vildu minnast hins látna, vinsamlegast láti líknarfélög njóta þess.

**Guðlaug Kristín Runólfsdóttir**
**Frímann Ólafsson** **Margrét Þórarinsdóttir**
**Kristín Ólafsdóttir** **Karl Óskar Hjaltason**
**Runólfur Ólafsson** **Anna Dagný Smith**
**Ólafur Haukur Ólafsson** **Guðbjörg Erlendsdóttir**
**Kjartan Ólafsson** **Ragnheiður Guðjónsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jakob Bragi Björnsson**
frá Neðri-Þverá, Vesturhópi,
síðast til heimilis að Rauðarárstíg 36,

lést á líknardeild LSH, Landakoti þann 6. maí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 14. maí kl. 13.00.

**Íris Kolbrún Bragadóttir** **Hannes Eðvarð Ívarsson**
**Jón Þorbergur Jakobsson** **Virgie Garcia**
**Ragnar Bragason**
**Björn Gísli Bragason**
**Haukur Davíð Grímsson** **Brynja Hrönn Bjarnadóttir**
**Jóhannes Hauksson** **Hildur Rut Sigurbjartsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

**BOB MARLEY (1945-1981)**
**LÉST Á ÞESSUM DEGI.**

*„Sérhver maður hefur rétt á því að ákvarða sín eigin örlög.“*

***Bob Marley frá Jamaíku er einn þekktasti tónlistarmaður samtímans og var meðal þeirra fyrstu til að kynna reggí-tónlistina fyrir umheiminum. Meðal þekktra laga hans eru No Woman No Cry, Could You Be Loved og Three Little Birds.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**POPPMENNING** Þeir Ingimar og Sæþór festu kaup á Maxí poppi í september 2008, mánuði fyrir hrunið mikla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MAXÍ POPP:40 ÁRA

## Starfsmenn úr einum í fjörutíu

„Maxí poppið vekur upp skemmtilega nostalgíu hjá mörgum Íslendingum og við vitum af mörgum aðdáendum vörumerkisins. Á meðan poppið fékkst einungis á örfáum stöðum heyrðum við af fólki sem keyrði langar vegalengdir gagngert til að ná sér í einn poka. Ég held að þetta sé mikið í undirmeðvitund fólks,“ segir Ingimar Ingimarsson, sem ásamt Sæþóri Matthíassyni er eigandi Maxí popps. Fyrirtækið fagnar fjörutíu ára afmæli sínu í ár og hefur gengist undir viðamiklar breytingar undanfarið.

Maxí popp var stofnað árið 1970 af Rafni Benediktssyni og var fyrirtækið í eigu og umsjá fjölskyldu hans í áratugi. Lengi vel tengdu viðskiptavinir Maxí popps fyrst og fremst við poppið sem fékkst í bíó, en þegar flest kvikmyndahús hófu að framleiða sitt eigið popp færðist Maxí poppið í pökkum í búðir. Rafn lést fyrir tæpu ári en nokkru áður, eða í september 2008, festu þeir Ingimar og Sæþór kaup á fyrirtækinu.

Ingimar segist ekki sjá eftir að hafa keypt reksturinn mánuði fyrir hrunið mikla. „Eftir á að hyggja var þetta mjög góð tímasetning. Við erum að byggja þetta smátt og smátt upp á eigin fé, skuldir eru mjög litlar og svo framvegis. Þetta er mikið álag, til að mynda vorum við að framleiða hvert einasta kvöld í heilt ár, en það gengur ekkert öðruvísi í dag. Við vissum það þegar við réðumst í þetta, enda höfum við báðir verið lengi í bransanum,“ segir Ingimar.

Þegar Ingimar og Sæþór keyptu Maxí popp vann einn starfsmaður í fyrirtækinu. Þeir hafa nú útvíkkað starfsemina til muna og í dag hafa um fjörutíu manns atvinnu í tengslum við fyrirtækið. Fjöldi nýjunga hefur litið dagsins ljós á markaðnum undir merkjum Maxí popps eða koma á markað á næstunni og má þar nefna súkkulaðipopp, hvítlauks- og chili-olíu, chili-sultu, kleinur, ástarpunga, soðið brauð og fleira. Maxí er einnig í samstarfi við IGS, Flugeldhús Flugþjónustunnar á Keflavíkurflugvelli og sér um sölu og dreifingu á Nordic Deli-samlokum og einnig Viðbót á Húsavík sem framleiðir mest vörur úr hreindýrakjöti, paté og fleira. „Við erum með fleira fyrir framtíðina,“ segir Ingimar. **kjartan@frettabladid.is**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Ingi Einarsson,**
lést á líknardeild Landspítalans 7. maí.

Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 14. maí kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélagið.

**Karen Karlsdóttir**
**Viðar Ingason**
**Dagur Freyr Ingason**
**Karl B. Örvarsson**
**Grétar Örvarsson**
**tengdadætur og barnabörn.**



**MINNINGARSJÓÐUR** Margrétar Oddsdóttur var stofnaður nýlega. Margrét var skurðlæknir á Landspítalanum en lést úr krabbameini árið 2009 langt fyrir aldur fram. Sjóðnum er ætlað að styrkja skurðlækningar við brjóstakrabbameini á Landspítala. www.lsh.is



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447


DONG FANG SALON

50 mín. heilsunudd
Verð: 6.500 kr.

25 mín. kínverskt fótanudd
Verð: 3.500 kr.

Gildir á mán/þri. í maí 2010



Eirberg

Bjargar mannslífum

PRIMEDIC hjartastuðtækið

- Ávallt tilbúið til notkunar
- Einfalt og öruggt
- Einn aðgerðarhnappur
- Lithium rafhlaða
- Íslenskt tal

PRIMEDIC Saves Life. Everywhere.

Sími 569 3100 · Stórhöfða 25 · www.eirberg.is



Patti húsgögn

Landsins mesta úrval af sófasettum

269.900 kr
Verð áður 319.900 kr

SWS - 8922 HORNTUNGA

Láttu þér líða vel í sófa frá Patta

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Davíð og vinir hans hafa tekið þátt í starfi Sportklúbbsins í vetur.

# Allir fá að spreyta sig

**Davíð Örn Ingimarsson, nemi í tíunda bekk við Árbæjarskóla, ver stórum hluta frítíma síns í íþróttir og hefur síðastliðin tvö ár tekið þátt í starfi Sportklúbbs Árbæjar af fullum krafti.**

„Þetta er bara alveg geðveikt gaman; ég fíla þetta alveg í botn,“ segir Davíð Örn Ingimarsson, sextán ára, spurður hvernig sé að taka þátt í starfi Sportklúbbs Árbæjar, samstarfsverkefni íþróttafélagsins Fylkis og frístundamiðstöðvarinnar Ársels. Sportklúbburinn hefur verið starfræktur frá árinu 2008 í þeim tilgangi að bjóða unglingum í áttunda til tíunda bekk upp á íþrótta- og félagsstarf án áherslu á keppni.

Davíð er á síðasta ári í grunnskóla og segist vera mikill áhugamaður um íþróttir, en hann hefur æft sund, handbolta, fimleika, fótbolta og aikido svo fátt sé upp talið. Sportklúbburinn bættist við á síðasta ári. „Ég ákvað að skoða þetta betur þar sem ég á þarna góða vini og fannst þetta síðan bara skemmtilegt. Allir geta spilað fótbolta, það eru engir sem einspila eða spila bara sín á milli eða svoleiðis.“

Hópunum er skipt niður eftir aldri og mæta þeir vikulega í íþróttasal Árbæjarskóla, þar sem farið er í íþróttir eins og fótbolta, handbolta og bandí. Þeir hittast einnig í félagsmiðstöðinni Tíunni eitt kvöld í viku og spila borðtennis, pool og fleira. Þá er stefnt að því að bjóða upp á tíma á Fylkisvellinum í sumar og heimsækja svipaða hópa á landsbyggðinni. „Svo hittumst við líka alveg slatta utan hefðbundins æfingatíma og spilum þá fótbolta, handbolta, körfubolta og skemmtum okkur bara,“ segir Davíð.

Þrátt fyrir annir kvartar hann ekki og segist hafa nægan tíma til að sinna öðrum áhugamálum. Þar er leiklist efst á dagskrá. „Ég er á leiklistarnámskeiði hjá Borgarbörnum, sem kallast Unglist tvö,“ nefnir Davíð og getur þess að það sé í samræmi við framtíðarplönin. „Já, ég er nefnilega að klára Árbæjarskóla og ætla næsta vetur í listnám í FB,“ segir hann glaðbeittur og mælir með því að krakkar kynni sér það sem íþróttafélögin og frístundamiðstöðvarnar bjóði upp á í sumar. „Oft eru alls konar skemmtilegir hlutir í gangi.“

*roald@frettabladid.is*


KRINGÓMA

SURROUND

Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta

SURROUND SOUND by ReSound

Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steríótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðinu sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.

dot by ReSound

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyrn.is

Frí ráðgjöf í maí
Tímapantanir
534 9600

ReSound
rediscover hearing

**ÖRUGGT SAMFÉLAG** er yfirskrift alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin verður á Grand Hóteli 19.-20. maí. Efni ráðstefnunnar á erindi við þá sem áhuga hafa á öryggismálum og velferð. www.lydheilsustod.is





Kál er hollt en það er talið vinna gegn líkum á krabbameini og heilablóðfalli og kálsafi orkar græðandi á magasár. Spergilkál er ríkt af fólasíni og járni. Borða má allan spergilinn nema neðsta hluta stilksins.

**heimild: www.islenskt.is**

# Brugðist við munntóbaksnotkun

**Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbær hafa hrundið af stað átaki gegn munntóbaksnotkun ungmenna. Rannsóknir benda til að sala og neysla munntóbaks hafi aukist til muna að undanförnu, meðal annars hjá krökkum sem stunda íþróttir.**

„Börnin okkar eru yfirleitt skynsöm og gera sér grein fyrir því að það er betra að lifa heilsusamlegu lífi. Þó er nauðsynlegt að hnykkja á þeim óæskilegu áhrifum sem neysla munntóbaks getur haft á heilsuna," segir Geir Bjarnason, forvarnafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar. Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar hefur hrundið af stað átaki gegn munntóbaksnotkun ungs fólks í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ.



Geir Bjarnason, forvarnafulltrúi Hafnarfjarðar.

Að sögn Geirs voru tildrögin að átakinu þau að nýlegar rannsóknir gáfu til kynna að sala á munntóbaki hefði aukist til mikilla muna á landinu að undanförnu. „Okkar eigin rannsóknir benda einnig til þess að neysla ungs fólks á munntóbaki hafi aukist, og það sem meira var, við fundum líka út að þessi neysla væri jafnvel að aukast í hverfum þar sem ekki er um að ræða aðra vímuefnaneyslu. Af því drógum við þá ályktun að krakkar sem eru í góðum málum, stunda jafnvel íþróttir og annað, séu að fikta með þetta," segir Geir.

Hann segir Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar hafa ákveðið að ýta af stað átaki til að bregðast við þessum upplýsingum, enda aukast líkur á krabbameini með neyslu munntóbaks eins og annars tóbaks. „Við ákváðum að fá íþróttahreyfinguna til liðs við okkur því þar er jákvæðar fyrirmyndir ungs fólks einna helst að finna. Hannað var plakat þar sem fulltrúar margra íþróttagreina í Hafnarfirði taka afstöðu gegn munntóbaksnotkun og verður það hengt upp úti um allan bæ, meðal annars í skólum og íþróttamiðstöðvum. Þá hefur bannskilti við tóbaksnotkun í íþróttamannvirkjum bæjarins einnig verið endurnýjað, en það tekur nú til allrar tóbaksneyslu en ekki einungis reykinga eins og áður var."

Að sögn Geirs gerir Rannsókn og greining árlega rannsókn á tóbaks- og áfengisneyslu krakka í 8. til 10. bekkjum bæjarins og því sé hægur leikur að meta hvort átak af þessu tagi beri árangur. „Nýjustu niðurstöður benda til þess að tólf prósent krakka í tíunda bekk höfðu prófað munntóbak, en í sama árgangi höfðu tvö prósent prófað áfengi. Vonir okkar standa til þess að átak af þessu tagi beri árangur yfir ákveðinn tíma," segir Geir.

*kjartan@frettabladid.is*




Tólf prósent krakka í tíunda bekk hafa prófað munntóbak en í sama árgangi hafa tvö prósent prófað áfengi.




## Fyrirburar finna meira til

MARGT BENDIR TIL ÞESS AÐ FYRIRBURAR SÉU NÆMARI FYRIR SÁRSAUKA EN ÖNNUR BÖRN SEM FÆDD ERU Á RÉTTUM TÍMA.

Nýleg rannsókn bendir til þess að fyrirburar séu næmari fyrir sársauka vegna þeirra aðferða sem notaðar eru í lækningaskyni á gjörgæslu. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í tímaritinu NeuroImage. Rannsóknarteymið frá UCL-háskólanum í London mældi heilavirkni ungbarna þegar tekið var blóð úr hæl. Fyrirburar sem höfðu verið á sjúkrahúsi í meira en 40 daga sýndu mun meiri viðbrögð en heilbrigð börn á sama aldri.



Fyrirburar þurfa oft að gangast undir sársaukafullar meðferðir og eru tengdir við ýmsar vélar.

Þetta var talið benda til þess að fyrirburar séu næmari fyrir sársauka. Enginn munur var á virkni þegar strokið var létt yfir hælinn og því ljóst að næmnin einskorðaðist við sársauka en ekki snertingu.

Aðrar rannsóknir hafa sýnt fram á að börn sem fæðast fyrir tímann séu næmari fyrir sársauka en önnur börn þegar þau eldast.

Rannsakendur töldu nauðsynlegt að huga betur að því að nota verkjastillandi lyf þegar nýburar eru á gjörgæslu.





**HVATASTAÐIR** er einangrunarstöð gæludýra í Hrísey og hóf starfsemi í janúar 2008. Þar dvelja gæludýr í 28 daga frá komunni til landsins. 115 þúsund krónur kostar fyrir kött en frá 150 til 200 krónur fyrir hund. www.hvatastadir.is




; ALLT TÍSKA

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447




Hanna María Arnórsdóttir dýralæknir segir nauðsynlegt að ormahreinsa ketti og hunda reglulega þar sem ungbörn eru á heimilinu. Í heimsókn var hundurinn Simbi með eiganda sínum Kristínu Grétarsdóttur þegar ljósmyndara bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dýrin þarf að venja við

**Líf allra í fjölskyldunni tekur stakkaskiptum þegar nýr einstaklingur kemur í heiminn. Gæludýrin eru þar engin undantekning og þarf að undirbúa þau vel fyrir komu ungabarnsins.**

Dýr sem setið hefur eitt að athygli inni finnur fyrir breytingu þegar barn kemur inn á heimilið. Kettir halda sig oftar frá hinu óþekkta en hundar eru forvitnir, að sögn Hönnu Maríu Arnórsdóttur dýralæknis og hún ráðleggur fólki að undirbúa hunda minnst tveimur mánuðum fyrir komu barnsins.

„Ef umgengni við hundinn á að breytast, til dæmis ef hann má ekki lengur koma upp í rúm eða vera inni í svefnherbergi, uppi í sófum eða annað, þarf að byrja á að venja hann af því þar sem lítill tími verður til þess eftir að barnið er komið,“ útskýrir Hanna María en hún segir álag á hundinn fylgja því ef hegðunarreglur breytast skyndilega. Hún segir einnig gott ráð að kynna hundinum lyktina af barninu með því að leggja sokk eða samfellu af barninu í bæli hundsins. „Lyktin verður áhugaverð og hundurinn þekkir hana þá þegar barnið kemur heim.“

Hanna María segir flesta hunda taka nýju barni sem einu af fjölskyldunni og vilji passa það heldur en hitt. Hafa þurfi þó í huga að grátur og skrækir í barninu geta gert hundinn órólegan, eins þegar hann sér foreldrana stökkva til við þessi sömu hljóð. Hann gæti jafnvel litið á barnið sem bráð. Því sé mikilvægt að halda andrúmsloftinu afslöppuðu og skilja barn og hund aldrei eftir ein saman í herbergi.

„Það er sama hversu ljúfan þú telur hundinn vera, það er aldrei hægt að vita hvernig hann bregst við,“ segir Hanna María. „Þegar barnið fer að skríða verður hundurinn fyrir enn meira áreiti þar sem barnið þekkir ekki mörkin. Hundurinn reynir að víkja eins og hann getur en ef hann getur ekkert gert lætur hann vita á einhvern hátt. Því verður að hindra að slíkar aðstæður komi upp.“ Einnig er ekki ráðlegt að gefa hundinum skipanir með látum ef hann á til dæmis að yfirgefa herbergi. Hamagangur vekur bara enn meiri áhuga hjá hundinum.

Spurð um hreinlæti kringum nýfætt barn segir Hanna María rannsóknir sýna að börn sem alast upp í kringum dýr verði síður veik. Í raun sé mannfólkið sem komi í heimsókn hættulegra því það beri með sér smitandi bakteríur. Ekki skuli þó leyfa dýrum að sleikja andlit ungbarna og ormahreinsa þurfi dýrin tvisvar til fjórum sinnum á ári en ormasýking getur verið alvarleg ungbörnum.

*heida@frettabladid.is*

## Bæn hundsins

- Ég lifi varla lengur en fimmtán ár.
- Mér líður illa án þín.
- Hugleiddu það áður en þú tekur mig að þér.
- Gefðu mér tíma og svigrúm til að skilja til hvers þú ætlast af mér.
- Hrós þitt og umbun er sem sólargeisli, refsing sem þungur dómur.
- Reiðstu ekki sakleysi mínu, ég vil þér vel.
- Þú hefur þína atvinnu, átt þína vini og ánægjustundir. Ég á aðeins þig.
- Talaðu við mig.
- Enda þótt ég skilji ekki mál þitt, þá skil ég tón raddar þinnar.
- Augu mín og látbragð eru mín orð.
- Áður en þú slærð mig, bið ég þig að muna, að með beittum tönnum get ég kramið hönd þína, en ég mun aldrei beita þig ofbeldi.
- Ef þér finnst ég leiðinlegur vegna annríkis þíns, mundu þá að stundum líður mér illa og verð pirraður, til dæmis í sólarhita.
- Annastu mig þegar ég verð gamall.
- Án þín er ég hjálparvana.
- Deildu með mér gleði þinni og sorgum.
- Veittu mér hlutdeild í lífi þínu, því…
- Ég elska þig.


**Lækkað verð á Royal Canin hundafóðri!**

**Medium 15kg. Verð: 10.900 kr.**
**Maxi 15kg. Verð: 11.200 kr.**

**Opið virka daga 10-18 og lau 10-16**
**DÝRAGARÐURINN**
**Síðumúla 10 • S: 517-6525**






„Stærsta minnsta búð landsins!“




Hundakex
og nammi
fyrir allar stærðir hunda

**DÝRABÆR** • Hlíðasmára 9, Smáralind og Kringlu

VINDHÓLL

**Reiðskólinn Vindhóll Mosfellsdal**
**Reiðnámskeið fyrir börn og unglinga**

Vikulöng námskeið sem hefjast 8. júní og standa yfir í 8 vikur

Kennt er allan daginn frá klukkan 9-16. Heitur matur í hádeginu

Dagsetningar sem í boði eru:
- 8. júní til 11. júní
- 14. júní til 18. júní
- 21. júní til 25. júní
- 28. júní til 2. júlí
- 5. júlí til 9. júlí
- 12. júlí til 16. júlí
- 19. júlí til 23. júlí
- 26. júlí til 30. júlí



Farið verður vandlega yfir umhirðu hestsins ásamt almennri reiðkennslu. Leiðbeinandi er Anna Bára Ólafsdóttir

**Nánari upplýsingar og bókanir í síma 861-4186**
**www.vindholl.is**

10 ár á Íslandi

BOZITA
# ROBUR
**HÁGÆÐA SÆNSKT HUNDAFÓÐUR**

Stöðugt fleiri velja **ROBUR** fyrir hundana sína. Uppistaðan í **ROBUR** er kjúklingur, hrísgrjón, dýrafita, kartöfluprótein, eggjaduft, steinefni, maís- og fiskimjöl og ýmiss vítamín. **ROBUR** inniheldur einnig fæðubótarefnið MacroGard® sem styrkir og byggir upp ofnæmiskerfi unghunda og viðheldur því hjá fullvaxta einstaklingum. **ROBUR** er ríkt af omega-3 og omega-6 fitusýrum sem stuðla að heilbrigði húð og gljáandi feldi.

**ROBUR** er glúten-frítt fóður (inniheldur ekki unnið hveiti).

**Frí heimsending á Stór-Reykjavíkursvæðinu**

30/15 30/14 27/15 23/13
20/10 33/20 22/16 19/07

**8 tegundir á lager**

**sími: 845 3090 - www.robur.is**

**Umboðsmenn:** Reykjanesi, Ísafirði, Akureyri, Húsavík og Neskaupstað

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI




**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

STÓRA BÍLASALAN



Skoda Superb V6 Árgerð 10/2003, ekinn 112þ.km, leður, lúga, ssk, ný tímareim, einn með öllu! Verð 1.690.000kr - Tilboðsverð 1.490.000kr! Rnr 150563. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna góðrar sölu undanfarið bráðvantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar. ATH það er frítt að skrá bílinn hjá okkur.

STÓRA BÍLASALAN

Það er frítt að skrá bílinn hjá okkur og það kostar heldur ekkert að láta hann standa hjá okkur. Vantar allar gerðir af bílum, hjólum og ferðavögnum á skrá og á staðinn vegna góðrar sölu. Myndeftirlit á plani og gæsla.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

100 bílar.is




Nissan Note Tekna, árg. 1/2008, ek. 12þús.km, sjálfsk, álfelgur, cd, rafmagn, ipod tengi, Bluetooth símabúnaður, Vel búinn og flottur bíll! Ásett verð 2190þús.kr, bíllinn er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




Toyota Highlander glæsilegur fjórhjóladrifinn lúxusbíll með HYBRID vél sem eyðir um 40% minna eldsneyti en Toyota Landcruiser og aðrir sambærilegir bílar. Eigum eitt sýningareintak með 3ja milljón króna afslætti. Útvegum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá öllum helstu framleiðendum á betri verðum. Islandus automunda.com Sími 5522000.



Nissa Patrol árg 98' ek. 248þ. nýsk. góðu standi á 35" dekkjum uppl: 6932116



Nissan Pathfinder árg'97, togglúga, ssk,kúla,sk'11. Ek 150þ. V. 220þ. Uppl í S. 892 4305.



Nissan Navara LE, árg. 08, ek. 50þ. km. 33" AT-breyting, ssk., dísel, leður og þaklúga. Þakbogar, kastarar í stuðara, dráttarkrókur, pallhús, heitúðaður pallur, góð heilsársdekk, aksturstalva. 100% driflæsing að aftan ofl. Mjög vel farinn bíll, skoðaður og í ábyrgð. Ekkert áhvíl. Skoða skipti á ódýrari. S.663-4455



Nissan Vanetta árg'98. Ásett V. 370þ. Uppl í S. 861 0387



Til sölu Benz Sprinter 313, árg' 01,ek 54þ.km. Svefnpláss fyrir 6, sexþrepa ssk, cruise control,bakkmyndavél, spólvörn,aps hemlak.Markisa,gervihnattad. og sjónvarp. Uppl í S. 892 3190

Til sölu Hyundai Elantra, ekinn tæplega 108þús. ssk og nýsk. Uppl. í s. 772 1366.

Til sölu Daewoo Lanos, árg'01, Ek.103þ. 4 dyra, vél 1,5L, beinsk. V. 180þ Uppl. í S. 846 2832.

## 0-250 þús.

Til sölu 19 he. STIGA slátturtraktor notaður í 31 vinnustund. Verð 650,000 +vsk. Upplýsingar í síma 8956247

## 250-499 þús.



**Tilboð 480 þús**
Nissan Almera árg. ,00 ek. 194þús, ný tímakeðja, allt nýtt í bremmsum, beinsk. 5 gíra. Sk. ,11. Verð 480þús. Uppl. s. 659 3459.



**Tilboð 350þ.**
Nissan Almer comfort 3d. 5gír. ek.140þ. sk.11' fjarlæsingar, ásett 550þ. tilboð 350þ. uppl: 8919847

## 1-2 milljónir



LandCruiser 90GX 8 manna, árg'99, ek 234þ km. Toppstand, nýsk.'11. V/s dekk. V. 1.250þ. Sími 847 2370.

## Bílar óskast

Óska e.að kaupa notaða diesel-lyftara frá árg.1980. Uppl.í s.866 0471

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

Góður bíll óskast til leigu á sanngjörnu verði, til styttri eða lengri tíma. Uppl. s. 772 6238

Óska eftir Peugeot 607 diesel, árg 03-06. S. 698 3487 , sverrir@seigla.is

## Jeppar

Vegna búferlaflutnings er til sölu: HONDA CR-V i-V-tech, kom á götuna í des. 2004, ekin 100þús sjálfsk, drátarkrókur og skíðabogi. Fallegur og vel með farið eintak,ásett verð 1950 þús, fæst á góðu verði ef um semst. ATH 100% ísl lán er á bílnum afb. 43 þús á mán. S. 865-7640

## Pallbílar




Toyota Tacoma 4x4 Doublecab. Eigum sýningareintak með 2ja milljón króna afslætti. Vel búinn með dráttarbeisli, ljóskösturum, leðuráklæði, lituðu gleri, geislaspilara, fjarstýrðum samlæsingum, og rafmagni í öllu. Útvegum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá öllum helstu framleiðendum á betri verðum. Islandus automunda.com Sími 5522000.

Balabíll á 290 þús. Notaður fyrir 30 bala. S. 895 1588.

## Sendibílar




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Mótorhjól



Gerðu klárt fyrir vorið - vorum að fá ný dekk á frábæru verði. Framdekk frá kr. 6.000,- og afturdekk frá kr. 7.000,-. Kíktu til okkar strax í dag eða hringdu. Blue Mountian, Rofabæ 9, s: 578 7860




## Kerrur



Álkerrur frá HUMBAUR, heildarþyngd 750 kg. Verð frá 165.035 kr. www.topplausnir.is Bjóðum raðgreiðslur. Topplausnir ehf. Lyngás 8, Garðabæ s:898-7126



Tekur kerran of mikið pláss. Kerran sem þú brýtur saman eftir notkun fæst hjá Orkuveri Trönuhrauni 7b . Kynntu þér málið á www.orkuver.is Einnig til sýnis hjá Toppbílum Klettshálsi

## Hjólhýsi

Omnistor skyggni á hjólhýsi og bíla, lítið notað. Stærð 350x250. Verð 80 þús. S. 899 9113.

## Fellihýsi



Víking Epic 1706 árg. ,00 Skoðun til 07.2011. Gaseldav. Fortjald. Verð 590 þúsund. Engin Skipti. Ágúst gsm. 822 8876.

Fletwood 10 fet með kassa fellihýsi 2006 til sölu. Hlaðin aukabúnaði, vel með farinn. Verð 1,800,000. Upplýsingar í síma 820 2355 Kristján.

## Pallhýsi



**Notað Pallhýsi til Sölu**
Sun-lite Skyhawk árg 2006 Passar á alla pallbíla. 7 feet, Ísskápur, Eldavél, Miðstöð, Kaltvatn. Myndir á www.pallhysi.is Uppl. í síma 849-2220.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## Bátar

Viðgerðaþjónusta, sport og bátavörur. Gúmmíbátar & Gallar S:571 1020 www.gummibatar.is

## Hjólbarðar

Til sölu vel með farnar álfelgur undir Pajero Sport á 16" dekkjum. Uppl. s. 694 1930.

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**VW, Skoda, Audi.**
**S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Til sölu






# landið mitt

ÞRIÐJUDAGUR 11. MAÍ 2010

## Samheldin fjölskylda

**Hjónin Einar Guðmundsson og Bríet Böðvarsdóttir fara í árlegar göngur með stórfjölskyldunni.** SÍÐA 3






MYND/ÚR EINKASAFNI



# Hjólandi hjólalæknir

„Ég byrjaði sem hjúkka en er orðin fyrsti kvendoktorinn í hjólaviðgerðum,“ segir Sesselja Traustadóttir hjá Doktor Bæk en starfirnir standa fyrir búnað, æfingu og kjark. Með henni starfa aðrir „heimilislæknar“ í hjólaviðgerðum, allt reynsluboltar.

„Doktor Bæk tók formlega til starfa 20. apríl þegar hann skoðaði og vottaði ástand rúmlega fjörutíu reiðhjóla kennara og nemenda við Norðlingaskóla. Allir fengu límmiða eftir skoðun og ástandsvottorð. „Þarna var pumpað í dekk og keðjan smurð, skoðaðir gírar og yfirfarnar bremsur, auk þess sem bent var á það sem var í góðu lagi og annað sem betur mátti fara,“ segir Sesselja. „Síðan hefur doktorinn heimsótt fleiri skóla en einnig fyrirtæki. Eftirspurnin er mikil enda fólk meðvitaðra um gildi menntunar, sem á líka við um hjólið okkar,“ segir Sesselja sem fer fyrir Hjólafærni á Íslandi sem er ávöxtur samvinnu Landssamtaka hjólreiðamanna og Íslenska fjallahjólaklúbbsins (sjá hjolafaerni.is).

„Doktor Bæk getur farið yfir ástand hjólsins, séð hvort það sé í góðu lagi eða þarfnist viðgerðar,“ segir Sesselja sem hvetur til hjólreiða enda fínn ferðamáti yfir sumarið. Áhugasamir geta sent línu á hjolafaerni@lhm.is eða hringi í s. 864 2776. *- þlg*




**Sesselja Traustadóttir hjá Doktor Bæk er fyrsti kvendoktorinn í hjólaviðgerðum. Hér er hún að leggja lokahönd á verk sitt og á bara eftir að setja ástandsskoðunarmiða Doktors Bæk á hjólið.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sérblaðið Baðherbergið

Kemur út miðvikudaginn 12. maí

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:

Benedikt
• benediktj@365.is
• sími 512 5411

Hlynur Þór
• hlynurs@365.is
• sími 512 5439






**Hvalaskoðunarbáturinn Elding fer meðal annars í ferðir í Hvalfjörðinn þar sem hægt er að skoða fjörðinn í sumarkvöldsól.**

# Fuglar, hvalir, ferskt sjávarfang og sjávargola

**Víðs vegar um landið eru bátaferðir í boði þar sem hægt er að skoða eyjar, fuglalíf og hvali og svo meginlandið frá sjó. Ferð á bát gefur öllum fjölskyldumeðlimum kost á að njóta þar sem enginn situr undir stýri. Hér er örfárra af fjölmörgum ferðum getið.**



**Sjóstangveiði er hægt að fara í víðs vegar um landið og bjóða meðal annars Sæferðir upp á slíkar ferðir.**

Breiðafjörðurinn er með vinsælustu áfangastöðum sjóferðalanga en Sæferðir sigla allt árið yfir Breiðafjörð, frá Stykkishólmi til Brjánslækjar, með viðkomu í Flatey. Hægt er að ferja bílinn sinn með en mikilvægt er að bóka fyrirfram fyrir bíla. Þeir sem vilja stoppa milli ferða í Flatey geta engu að síður tekið bílinn með yfir fjörðinn og hann er þá bara sendur áfram á meðan stoppað er í eyjunni. Ýmsar aðrar sérferðir eru í boði hjá Sæferðum og má þar nefna Ævintýraferð, sjóstöng og frá maí til júlí er boðið upp á sérstaka miðnætursiglingu.

Í Vestmannaeyjum má nefna til sögunnar bátaferðaþjónustuna Viking Tours en fuglalífið í Eyjum, með lundum, súlu, svartfuglum og tugi annarra varpfugla er einstakt. Oft má einnig sjá háhyrninga, hnísur og höfrunga í ferðunum en siglt er á ferðamannabátnum Víkingi sem tekur um fimmtíu farþega og eru nokkrar tegundir af ferðum í boði. Með vinsælli ferðum má nefna svokallaða hringsiglingu sem er þá farin kringum Heimaey og víðar við Eyjar og er leiðsögumaður með í för sem segir frá því sem fyrir ber á íslensku, ensku og þýsku. Endað er inni í Klettshelli þar sem spilað er á hljóðfæri. Viking Tours bjóða einnig upp á hellaskoðunarferð á bát og Surtseyjarferð.



**Bátaferðalöngum er stundum boðið upp á ferskt sjávarfang.**



**Lundi, súla, svartfugl og aðrir varpfuglar verða gjarnan á vegi þeirra sem ferðast með Viking Tours.**

Hvalaskoðunarferðir má finna víðs vegar um landið og af stöðum þar sem hvalaskoðunarbátar eru gerðir út má nefna Dalvík, Húsavík, Keflavík, Sandgerði, Ólafsvík og Drangsnes.

Fyrir þá sem komast ekki út úr bænum og langar í bátsferð þarf þó ekki að leita langt því frá Reykjavíkurhöfn eru líka gerðir út hvalaskoðunarbátar og má þar nefna Eldingu sem er skemmtisiglingaskip og hægt er að fá kuldagalla lánaða um borð endurgjaldslaust. Elding býður líka upp á meiri háttar ferðir í Hvalfjörðinn þar sem hann er skoðaður af sjó á björtum sumarkvöldum. *- jma*



**● VESTUR UM HAF Í VÍKINGASKIPI** Einleikurinn Ferðasaga Guðríðar verður frumsýndur í Víkingaheimum næstkomandi föstudag.

Ferð Guðríðar Þorbjarnardóttur, sem var uppi í kringum árið 1000, frá Íslandi vestur um haf og sem lauk í Rómarborg er til umfjöllunar í leikritinu. Það fer fram um borð í víkingaskipinu Íslendingi þar sem áhorfendum er skipað til sætis. Guðríður var í hópi fyrstu Evrópumanna sem náðu um skeið bólfestu í Ameríku en hún telst vera ein víðförlasta kona síns tíma.



Verkið er í nýrri uppsetningu og leikstjórn Maríu Ellingsen en með hlutverk Guðríðar fer leikkonan Þórunn Erna Clausen. Allar nánar upplýsingar í síma 422 2000.

# Ferðast með stórfjölskyldunni

**Hjónin Einar Guðmundsson og Bríet Böðvarsdóttir, frá Seftjörn á Barðaströnd, fara í árlegar göngur með börnum sínum átta, tengdabörnum og barnabörnum.**


Seftjarnarfjölskyldan í Þórsmörk eftir vel heppnaða Laugavegsgöngu. MYND/ÚR EINKASAFNI

Oddrún Lilja Birgisdóttir er gift inn í stóra og myndarlega fjölskyldu sem tók upp á því fyrir tveimur árum að fara í skipulagðar göngur um landið. Gönguhópurinn telur um þrjátíu manns á öllum aldri og var byrjað á því að ganga Laugaveginn.

„Tengdaforeldrar mínir, þau Einar Guðmundsson og Bríet Böðvarsdóttir, bændur á Seftjörn á Barðaströnd, eiga átta börn og fylgja þeim makar og börn. Í fyrstu ferðinni byrjuðum við á því að gista í skála í Landmannalaugum og höfðu tengdaforeldrar mínir orð á því hversu stórkostleg upplifun það væri að hafa okkur þarna öll í einu fleti.

Ferðin tók fjóra daga og var gist í skálum við Hrafntinnusker, Álftavatn og Emstrur á leiðinni. Yngsti ferðalangurinn var tveggja ára en ættarhöfuðið sjötíu og sjö. Yngstu börnin voru í trússi en þau sem gengu voru allt niður í sjö ára.“ Lilja segir ferðina hafa gengið vonum framar enda hafi skipulagið verið eins og best verður á kosið.

„Það voru tvö systkini og makar í skipulagsnefnd en þau sáu um matarinnkaup, að panta skála og setja upp dagskrá fyrir hvern dag. Þegar við komum inn í skálana var fólki svo skipt í hópa og úthlutað verkefnum. Sumir voru í matreiðsluhópi en aðrir í skemmtinefnd svo dæmi séu tekin og lagðist skipulagið afar vel í mannskapinn en það er mikilvægur þáttur þegar svona margir eru á ferð. Tengdapabbi hafði hins vegar alltaf umsjón með morgunmatnum og sá til þess að allir fengu hafragraut og lýsi.“

Ferðin gafst svo vel að þegar var ákveðið að fara í aðra að ári og þá gengum við Víknaslóðir úr Borgarfirði eystri yfir í Breiðuvík, Húsavík og Loðmundarfjörð. Eftir þá ferð ákváðum við nokkur að fara í aðeins erfiðari ferð að ári og ætla sex systkinanna og fimm makar norður á Strandir í sumar. Við byrjum í Aðalvík og endum við Hornbjargsvita og ætlum að vera í tjaldi og með allt á bakinu að þessu sinni. Stórfjölskylduferðin verður þó á sínum stað, þótt hún verði með aðeins öðru sniði, en við ætlum að setja upp tjaldbúðir við sveitabæ tengdaforeldra minna en ganga svo Barðaströndina bæði fjöll og strönd í dagsferðum.“

Lilja á von á því að fjölskylduferðirnar verði árlegar héðan í frá enda ánægja fjölskyldunnar með þær ótvíræð. „Fólk kynnist á annan hátt í svona ferðum og verður miklu nánara.“

*- ve*


**Ferðamenn að skoða Strokk leika listir sínar.**

**● Á FERÐ UM ÍSLAND 2010 KOMIN ÚT** Ferðahandbókin Á ferð um Ísland er komin út. Enska útgáfan Around Iceland hefur komið út samfellt í 35 ár, en íslenska útgáfan kemur nú út í tuttugasta sinn og þýska útgáfan Rund um Island í þrettánda sinn.

Ritunum er dreift á helstu ferðamannastaði landsins. Í þeim er umfjöllun um hvern landshluta, þjónustulistar sem eru uppfærðir árlega ásamt kortum með gististöðum, tjaldsvæðum og sundlaugum. Sambærileg kort eru einnig frá helstu þéttbýlisstöðum landsins. Þá er einnig að finna hálendiskafla með hálendiskorti og þjónustulistum í bókinni. Fremst í bókinni er ýmis fróðleikur um land og þjóð, það helsta sem er á döfinni í sumar, afþreyingu og margt fleira.

Útgáfufélagið Heimur gefur bókina út. Bækurnar má sjá í vefútgáfu á www.heimur.is/world.


**Hrísey er algróin og láglend en hún rís hæst 110 metra yfir sjávarmáli.**
MYND/ANNA TRYGGVADÓTTIR

# Eyjan í Eyjafirði

Hrísey er næststærsta eyja við Ísland og liggur í Eyjafirði. Eyjan er átta ferkílómetrar að flatarmáli, rúmlega sjö kílómetra löng og tveggja og hálfs kílómetra breið. Milli Hríseyjar og Árskógssands gengur ferja frá morgni til kvölds.

Skemmtilegt er að heimsækja þorpið sem liggur syðst á eynni en hátt í 200 manns búa á staðnum. Meðal þess sem boðið er upp á fyrir ferðalanga eru skoðunarferðir um eyjuna á heyvagni aftan í dráttarvél. Eins er boðið upp á ferðir í vitann á eynni en þaðan er mikið útsýni og upplifun að vera við sólarlag. Eins er heimsókn í Holt, hús Öldu Halldórsdóttur, áhugaverð en þar er vísir að byggðasafni og hægt að skoða hannyrðir Öldu og gamlar ljósmyndir. Sundlaugin í þorpinu er nýlega uppgerð og þegar hungrið sverfur að er vinalegt að setjast inn á eina veitingastað staðarins, Brekku.

Á vefsíðunni www.hrisey.net má nálgast fróðleik um eyna og það sem þar er í boði.

*- rat*

**● HESTAFERÐIR Í SKAGAFIRÐI** Skagfirðingar eru þekktir fyrir sína gæðinga og þeir eiga líka þæga og rólega hesta fyrir byrjendur. Ferðamenn geta því auðveldlega fundið þar reiðskjóta við hæfi og hæfilega langar hestaferðir. Hægt er að leigja sér hesta, fara í eins til fjögurra tíma hestaferðir eða margra daga skipulagðar hálendisferðir og allt þar á milli.



Skagafjörðurinn er grasi gróinn og fullur af góðum reiðleiðum og sögustöðum sem gaman er að stoppa á, auk þess sem stutt er í róandi afdalakyrrð. Víða er boðið upp á grunnreiðkennslu og leiðsögn um landið.

Af hestaleigufyrirtækjum má nefna Topphesta í grennd við Sauðárkrók, Hestasport – Ævintýraferðir í nágrenni Varmahlíðar, Flugumýri og Lýtingsstaði.

www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



## FJALLGÖNGUR VIÐ BORG

Þegar sumarið gengur í garð huga margir að því að draga fram gönguskóna. Höfuðborgarbúar þurfa ekki að leita langt yfir skammt til að finna áhugaverð fjöll í grennd við heimahagana sem kjörin eru til fjallgöngu og hér má finna nokkur þeirra.



**Neðanvert Akrafjallið er ekki síður áhugavert en efri hluti þess en þar má finna fjölda minja frá fyrri tíð.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Akrafjall** er eitt helsta kennileiti við innanverðan Faxaflóa. Ganga á Akrafjall er tiltölulega auðveld og er oft hafin í austurhlíðunum við bæinn Stórufellsöxl þótt hægt sé að keyra lengra upp í brekkurnar. Fallegt útsýni er af tindum Akrafjalls og í góðu skyggni blasa Esjan og Botnssúlur við og í norðri má sjá Skarðsheiðina, fjöllin á Mýrunum og Snæfellsnesi og Snæfellsjökulinn sjálfan.



**Oft virðist sem sólin skíni á Móskarðshnúka þótt sú sé ekki raunin en ástæðan er að þeir eru gerðir úr ljósu líparíti.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Móskarðshnúkar** kallast austasti hluti Esju-fjallgarðsins en Svínaskarð skilur þá frá Skálafelli. Móskarðshnúkarnir eru fjórir talsins og er oftast gengið á þá að sunnanverðu. Uppi á hæsta tindinum, Móskarðshnúk, er fallegasta útsýnið til austurs og vesturs. Á heimleiðinni er hægt að velja um nokkrar leiðir, til dæmis má lengja leiðina til baka með því að ganga á vestari tindana.



**Menn hafa velt fyrir sér nafni Arnarfells og telja sumir að það dragi nafn sitt af fornu arnarhreiðri í austanverðu fellinu. Aðrir telja líklegra að nafnið sé komið frá lögun fellsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nokkuð auðvelt er að ganga upp vesturhlíð **Arnarfells** í Krýsuvík. Aðrar leiðir eru þó færar en reyna aðeins meira á. Þegar upp á fellið er komið kemur Eiríksvarða í ljós sem séra Eiríkur Magnússon hlóð svo erlendir vígamenn myndu ekki ráðast á Krýsuvík og Krýsuvíkurkirkju.



**Frá Keili er víðsýnt, sérstaklega yfir Flóann og Vatnsleysuströndina.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Keilir** vekur talsverða athygli því hann stendur einn og sér og skilur sig frá fjallgarðinum á Reykjanesskaganum. Flestir ganga á Keili frá suðaustri en gangan hefst þó við Höskuldarvelli og farið er yfir um þriggja kílómetra langt hraun á Oddafelli áður en komið er að fjallinu. Gangan er nokkuð strembin því á köflum geta verið lausar skriður sem renna undan fæti. *- mmf*

# Opnun í Borgarnesi

Sýningin Kaupmannsheimilið verður opnuð í Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi á morgun en þar gefur að líta gögn og muni í eigu fjölskyldu Jóns Björnssonar frá Bæ og Helgu Maríu Björnsdóttur konu hans. Uppistaða sýningarinnar er rausnargjöf sem söfnunum barst fyrir nokkru.

Jón frá Bæ stundaði kaupmennsku í Borgarnesi á fyrstu áratugum 20. aldar og var heimili þeirra hjóna mikilvægur hornsteinn bæjarlífsins á þeim tíma. Sýningin er sett upp í tilefni af 50 ára afmæli Byggðasafns Borgarfjarðar og verður haldið upp á afmælið samhliða opnuninni. Í tilefni dagsins mun Sæmundur Sigmundsson auk þess heiðra afmælisbarnið með sýningu á fornbílum úr sinni eigu.

Sýningin verður opnuð klukkan 17.30 en stendur síðan opin frá 13 til 18 fram til 15. nóvember. *- ve*



**Á sýningunni gefur að líta gögn og muni í eigu fjölskyldu Jóns Björnssonar frá Bæ og Helgu Maríu Björnsdóttur konu hans.**


BROSANDI ALLAN HRINGINN

Veitingastaðir á öllum hótelum
Alltaf stutt í sund • Vingjarnleg þjónusta
Gistiverð frá 5.000 kr. á mann • Fimmta hver nótt frí







13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum
6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 515 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Atvinna


# ....Starfsfólk óskast.....

Matsölustaður í miðborg Reykjavikur óskar eftir vönu fólki í eldhús og sal Líflegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir duglegt fólk. **Upplýsingar hjá Ragnari í síma 8623441 eða info@balthazar.is**



## Staða aðstoðarskólastjóra í Lindaskóla

*Lindaskóli í Kópavogi er heildstæður grunnskóli með rúmlega 570 nemendur í 1. til 10. bekk. Lindaskóli er grænfánaskóli. Lögð er áhersla á metnaðarfullt skólastarf í hlýlegu umhverfi, þar sem jákvætt og glaðlegt viðmót ríkir.*

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Umsækjandi þarf að hafa lokið B.Ed. prófi í grunnskólakennarafræði
- Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af skólastjórnun
- Góð hæfni og ánægja af mannlegum samskiptum er nauðsynleg

**Starf aðstoðarskólastjóra er meðal annars fólgið í:**

- að vera nánasti samstarfsmaður skólastjóra og staðgengill í fjarveru hans
- að móta stefnu og skipuleggja skólastarf í samvinnu við skólastjóra og deildastjóra

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.
Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

KÓPAVOGSBÆR

Upplýsingar gefur Árni Þór Hilmarsson sviðsstjóri, í síma 5701500.
Umsóknum skal skila með ferilskrá á nýjan ráðningarvef Kópavogsbæjar **www.kopavogur.is**

fyrir 17. maí 2010.
Ráðningartími er frá 1. ágúst nk

**www.kopavogur.is**


## Tilkynningar

FISKISTOFA

## Umsóknir um byggðakvóta

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2009/2010 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 82, 29. janúar 2010**

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir byggðarlagið

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðu byggðalagi sbr. auglýsingu nr. 274/2010 í Stjórnartíðindum

**Skagafjörður (Sauðárkrókur)**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðu byggðalagi sbr. auglýsingu nr. 394/2010 í Stjórnartíðindum

**Breiðdalshreppur (Breiðdalsvík)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindur reglur einnig aðgengilegar. Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2010.

Fiskistofa, 7. apríl 2010.

## Atvinnuhúsnæði


ATVINNUHÚS EHF



# LAUGAVEGUR

**Allt að 1200 fm. skrifstofuhúsnæði**

Hluti húseignarinnar að Laugavegi 170 er til leigu, alls allt að 1200 fm. Vandað og nýtískulegt húsnæði, sem er skipt í skrifstofur og fundarherbergi í ýmsum stærðum.

Atli Vagnsson hdl. og löggiltur fasteignasali
HVERFISGATA 4 – 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 698-4611 / 561-4433 – ATLI@ATVINNUHUS.IS



» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# Afburðanemar við HÍ hljóta styrk

Sóley Emilsdóttir og Ólöf Andrjesdóttir, nemar við Háskóla Íslands, hlutu í vikunni námsstyrk Godtfreds Vestergaard og Elínar Brynjólfsdóttur. Þær Sóley og Ólöf hlutu 450 þúsund íslenskar krónur hvor. Báðar eru þær afburðanemendur og stunda nám í vélaverkfræði á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands.

Megintilgangur styrksins er að styrkja stúdenta sem hafa lokið minnst tveimur árum í grunnnámi í vélaverkfræði, til námsdvalar erlendis.

Godtfred Vestergaard afhenti Háskóla Íslands peningagjöf í október síðastliðnum að upphæð 40.000 danskar krónur en gjöfin var í nafni Godtfreds og íslenskrar eiginkonu hans, Elínar Brynjólfsdóttur, sem lést árið 2001. Godtfred Vestergaard er danskur verkfræðingur af íslenskum ættum og forstjóri fyrirtækisins Vestergaard Company A/S.

Bæði móðir og eiginkona Godtfreds voru íslenskar en Elín var dóttir Brynjólfs Bjarnasonar, fyrrverandi menntamálaráðherra og heimspekings. Þau hjónin stofnuðu Heimspekisjóð Brynjólfs Bjarnasonar við Háskóla Íslands árið 1990 en sá sjóður styrkir nemendur í framhaldsnámi í heimspeki.



**VIÐ AFHENDINGU** Þær Sóley Emilsdóttir og Ólöf Andrjesdóttir ásamt Godtfred Vestergaard.

# Fortíð og nútíð renna saman

Katrín Elvarsdóttir sýnir ný ljósmyndaverk í Gallerí Ágúst á Listahátíð í Reykjavík 2010 næstkomandi fimmtudag.

Sýningin nefnist Equivocal the Sequel og samanstendur af röð ljósmynda sem Katrín hefur unnið að síðastliðin þrjú ár þar sem Katrín gerir tilraun til að láta eigin upplifun og reynslu úr fortíð og nútíð renna saman. Flétt-ar hún þar saman ímynduðu umhverfi við raunveruleikann og gefur í skyn atburðarás sem höfðar ekki síður til undirmeðvitundarinnar en til vitsmuna og skynsemi.

Nýju verkin eru sjálfstætt framhald af verkum sem sýnd voru á sýningunni Equivocal í Galleríi Ágúst árið 2008, en hún var tilnefnd til hinna virtu verðlauna The Deutsche Börse Photographic Prize. Á næstu mánuðum er væntanleg vegleg bók með öllum verkunum í ljósmyndaröðinni Equivocal.

Katrín Elvarsdóttir lauk tveggja ára ljósmyndanámi við Brevard Community College í Bandaríkjunum árið 1990 og BFA-gráðu í ljósmyndun og myndlist frá Art Institute of Boston árið 1993. Hún hefur haldið einkasýningar á verkum sínum á Íslandi, í Bandaríkjunum og Danmörku og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum víða um heim. Nýverið lauk einkasýningu hennar í D-sal Listasafns Reykjavíkur, þar sem hún sýndi innsetninguna Hvergiland.

Sýningin Equivocal the Sequel stendur yfir til 26. júní.



**GIRL AND FIRE** Katrín gefur í skyn atburðarás sem höfðar ekki síður til undirmeðvitundarinnar en til vitsmuna og skynsemi.



**SKÓGARÞRÖSTUR** Syngjandi skógarþröstur í birkihríslu. MYND/JÓHANN ÓI

**FUGL VIKUNNAR:** SKÓGARÞRÖSTUR

## *Vorboðinn ljúfi í kvæði Jónasar*

Þessi söngfagri fugl er einkennisfugl íslenskra birkiskóga og garða í þéttbýli. Hann er meðalstór spörfugl, dökkmóbrúnn að ofan, hvítur eða ljósgulur að neðan. Bringa hans er alsett þéttum, dökkum langrákum, kviðurinn er minna rákóttur. Um leið og skógarþrösturinn kemur til landsins á vorin byrja karlarnir að syngja og helga sér svæði. Skógarþröstur er félagslyndur utan varptíma og fer þá um í hópum. Hann hoppar oftast jafnfætis á jörðu niðri.

Skógarþröstur verpur í alls konar skóglendi á láglendi, mesti þéttleikinn er í birkiskógi með ríkulegum undirgróðri, í görðum og ræktuðum skógi. Hreiðrið er karfa, ofin á undirstöðu úr leir, tágum og stönglum, staðsett í tré, gjarnan barrtré í þéttbýli, á jörðu niðri í kjarri, í skurðbökkum og á byggingum. Verpur iðulega tvisvar til þrisvar sinnum á sumri. Skógarþrösturinn fer til V-Evrópu á haustin, mest til Skotlands, Írlands, Frakklands og Pýreneaskaga. Nokkur þúsund þreyja hér þorrann og góuna í þéttbýli. Þeir sækja gjarnan í garða þar sem fuglum er gefið og er uppáhaldið þeirra epli og perur, en þeir sækja einnig í brauð og fitu, en flestir fuglar eru sólgnir í fitu á veturna, hún nýtist þeim vel til að halda á sér hita í mestu kuldum. www.fuglavernd.is

Vorboðinn ljúfi! fuglinn trúr sem fer
með fjaðrabliki háa vegaleysu
í sumardal að kveða kvæðin þín!

Heilsaðu einkum ef að fyrir ber
engil með húfu og rauðan skúf, í peysu;
þröstur minn góður! það er stúlkan mín.

**Ég bið að heilsa eftir Jónas Hallgrímsson**





**ÞRIÐJUDAGUR 11. MAÍ**
Reykjavík: opinn stjórnmálafundur í Hlöðunni Gufunesbæ kl. 20:00

**MIÐVIKUDAGUR 12. MAÍ**
Eskifjörður: opinn stjórnmálafundur í Valhöll kl. 20:30

**FIMMTUDAGUR 13. MAÍ** – uppstigningardagur
Seyðisfjörður: opnun kosningaskrifstofu kl. 13:30
Seyðisfjörður: opinn stjórnmálafundur á Hótel Öldunni kl. 15:00
Egilsstaðir: opnun kosningaskrifstofu kl. 18:00
Egilsstaðir: opinn stjórnmálafundur í Austrasalnum kl. 20:30

**FÖSTUDAGUR 14. MAÍ**
Húsavík: opinn stjórnmálafundur í Salnum í Miðhvammi kl. 17:00

**LAUGARDAGUR 15. MAÍ**
Akureyri: fundur um um skipulagsmál í Framsóknarhúsinu að Hólabraut 13 kl. 10:00
Akureyri: opinn stjórnmálafundur í Framsóknarhúsinu að Hólabraut 13 kl. 14:00

**SUNNUDAGUR 16. MAÍ**
Dalvíkurbyggð: opinn stjórnmálafundur í Mímisbrunni Mímisvegi 6 kl. 13:30
Ólafsfjörður

**MÁNUDAGUR 17. MAÍ**
Sauðárkrókur: opinn stjórnmálafundur á Hótel Mælifelli kl. 20:00

**ÞRIÐJUDAGUR 18. MAÍ**
Mosfellsbær: opinn stjórnmálafundur í Listasalnum Þverholti 2 kl. 20:00

**MIÐVIKUDAGUR 19. MAÍ**
Hornafjörður: Hótel Höfn kl. 12:00

**FIMMTUDAGUR 20. MAÍ**
Hvolsvöllur
Árborg: opinn stjórnmálafundur á Hótel Selfossi kl. 20:30

**FÖSTUDAGUR 21. MAÍ**
Ísafjörður: opinn stjórnmálafundur í Framsóknarhúsinu Pollgötu 4 kl. 17:00

**MÁNUDAGUR 24. MAÍ** – annar í hvítasunnu
Borgarnes: opinn stjórnmálafundur í Félagsbæ kl. 20:30

FLOKKUR ENDURNÝJUNAR






# Þar sem heilsað er með hlýju

**BAKÞANKAR**
Hólmfríður Helga Sigurðardóttir



Eitt af því fyrsta sem gefur til kynna að maður sé kominn í nýtt land er hvernig samskiptavenjur íbúa snarbreytast á milli landa. Það eru ekki nema um tvö þúsund kílómetrar á milli Reykjavíkur og Óslóar (maður lærir ýmislegt af hnakkatölvunni í flugvélum Icelandair). Þetta er samt allt annar heimur. Til að mynda heilsar bláókunnugt fólk manni með vinalegu hej-i, rétt eins og maður sé gamall vinur eða nágranni. Og það kveður með ha det – hafðu það gott. Þetta er voðalega huggulegt.

**HEIMA** á Íslandi eru þeir sem heilsa ókunnugum opineygir og brosandi með hææjjj álitnir hálfgerðir einfeldningar, barnalegir einstaklingar sem lítið mark er takandi á. Við segjum góðan dag, bless og takk, nú eða ekki neitt bara. Kurteis já, svona oftast, en ekki alveg jafn vinaleg.

**EN** það er ekki bara í kveðjunum sem þægilegheitin koma fram. Á götunum virðist fólkið furðu afslappað. Það brosir út í annað þegar það mætist, unglingsstrákar nýkomnir með bílpróf stoppa til að hleypa gangandi fólki yfir götu og löggumenn á risastórum hestum gefa sér tíma til að kjassast í tveggja ára forvitnum íslenskum strák.

**ÞAÐ** má vera að syngjandi tungumálið spili nokkuð inn í þessa tilfinningu manns fyrir vinalegheitum. Þannig virkaði snarsjúki englaryksmaðurinn sem dansaði fyrir framan okkur og jós yfir okkur fúkyrðum á norsku bara óskaplega krúttlegur og meinlaus. Þangað til hann sparkaði í ferðatöskuna okkar, þá sáum við að sennilega væri nú best að láta vera að spjalla meira við hann.

**NORÐMENN** hafa svo sem ærna ástæðu til þess að vera viðmótsþýðir. Hér eru lífsgæðin mikil og þeim skipt á sæmilega jafnan hátt. Fólk hefur það alla jafna gott. En ég hef komið til annarra ríkra landa, þar sem viðmótið er fúlt, þó fólkinu líði vel. Það er dýpra á þessu en það.

**VIRÐING** og velvild í garð annarra virðist vera greipt í þjóðarsál Norðmanna. Það er tilfinningin sem ég fæ hér, bæði af minni eigin takmörkuðu reynslu og sögunum sem ég heyri frá þeim Íslendingum sem ég hef hitt og fluttu hingað eftir hrunið. Þeim hefur upp til hópa verið vel tekið, líður vel hérna og hafa komið sér vel fyrir á stuttum tíma. Orð eins þeirra fannst mér umhugsunarverð fyrir Íslands hönd, landsins sem við stöndum svo fast á að sé best í heimi: „Ég sakna ekki neins. Akkúrat ekki neins.“

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS
VERÐLÆKKUN Á BLEIUM
Pampers Newborn 27 stk. 698 kr.
Pampers Mini 43 stk. 1298 kr.
Pampers Midi 64 stk 1998 kr.
Pampers Maxi 56 stk. 1998 kr.
Pampers Maxi plús 52 stk. 1998 kr.
Pampers Junior 48 stk. 1998 kr.
1298 KR. PK
ARIEL ÞVOTTAEFNI / 25 ÞVOTTAR
MEÐAL BANANI ER U.Þ.B.. 225G EÐA 59 KR.STK.
259 KR. KG
DOLE BANANAR
259 KR. KG
RAUÐ EPLI NÝ UPPSKERA
BÓNUS KORNBRAUÐ EITT KÍLÓ DUGAR Í 13 SAMLOKUR U.Þ.B. 15 KR. SAMLOKAN
198 KR. STK
1598 KR. KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
598 KR. KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
OS GOUDA OSTUR MILDUR 26%
nú með 25% afslætti
972 KR.KG
Merkt verð 1296 kr.kg.
25% AFSLÁTTUR
998 KR. KG
K.S FROSNAR SIRLONSNEIÐAR
BÓNUS RASP
BÓNUS SMYRILL 300g
nú með 20% afslætti
111 KR.STK
Alltaf mjúkur úr ísskápnum
BÓNUS RASPUR 300g
KÖTLU KARTÖFLUMÚS Í KAUPBÆTI 100g
279 KR. 2 PK
259 KR. PK
BARILLA SPAGHETTI 1 KG
98 KR. PK
BEST FYRIR JÚNÍ 2010
EUROSHOPPER BITAKÖKUR 150G
15000 PAKKAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI.
259 KR. PK
NÝTT COLGATE TANNKREM 100 ML
98 KR. PK
M&M BRÚNT 70G
BEST FYRIR JÚNÍ 2010
98 KR. PK
E.S SYKURPÚÐAR 400 GR
298 KR. PK
REACH TANNBURSTAR
VERÐ ÁÐUR 398 KR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

**!** **ath. kl. 20. í Langholtskirkju**

*Söngsveitin Fílharmónía flutti um helgina Heimsljós, sálumessu eftir Tryggva M. Baldvinsson, og verður flutningurinn endurtekinn í kvöld klukkan 20.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Selst vel á Rómeó og Júlíu

Rjúkandi sala er á sýningu Vesturports í Borgarleikhúsinu á Rómeó og Júlíu en hin rómaða sýning frá 2002 hefur farið víða en snýr nú aftur að þessu sinni á stóra svið Borgarleikhússins. Þegar er uppselt á sjö sýningar og örfáir miðar voru til í gær á sýningar 8. og 9. júní. Þegar hefur verið bætt við aukasýningum en árskortagestir nýttu sér margir í haust að verkið var á dagskrá Borgarleikhússins á þessu vori. Aukasýningar verða 13., 18., 19. og 20. júní og ættu áhugasamir að tryggja sér miða í tíma.

Önnur sýning Vesturports í samstarfi við LR í Borgarleikhúsi, Faust, er líka á fjölum stóra sviðsins og eru þrjá sýningar í sölu hjá Borgarleikhúsinu: 20., 27. og 29. maí. Faust er svo á leið til London næsta haust og er frumsýning þar fyrirhuguð 1. október og verður sýnt í sex vikur samfleytt. Sýningin verður sýnd sjö sinnum í viku-



**LEIKLIST** Góð aðsókn er á Rómeó og Júlíu og hefur verið bætt við aukasýningum. Ólafur Darri, Björn Hlynur og Víkingur Kristjánsson í hlutverkum sínum. MYND: SIGURÐUR JÖKULL.

og er því ljóst að 42 sýningar á uppsetningunni verða í boði fyrir erlenda leikhúsgesti. Sýningin verður hluti af afmælisdagskrá Young Vic-leikhússins sem fagnar 40 ára afmæli sínu í haust.

**> Ekki missa af**

opnunartónleikum Listahátíðar á morgun. Amadou & Mariam frá Malí koma hingað til lands með stóra hljómsveit og sannkallaða heimstónlistarstemningu sem lofuð hefur verið í hástert og samanstendur af rafmagnsgíturum, kúbverskum lúðrum, egypskum neyflautum, sýrlenskum fiðlum, indverskum tablas-trumbum og margvíslegum ásláttarhljóðfærum frá Malí.

# Vox Feminae syngur í Óperunni

Kvennakórinn Vox feminae heldur tónleika í Íslensku óperunni á morgun kl. 20 og 13. maí kl. 16. Þar flytur Vox feminae, ásamt Sigrúnu Hjálmtýsdóttur, einsöngvurum úr röðum kórfélaga, félögum úr Karlakórnum Fóstbræðrum og Stúlknakór Reykjavíkur fjölda þekktra óperukóra og aría við undirleik úrvals hljóðfæraleikara. Undirleik annast Antonía Hevesi píanó, Elísabet Waage harpa, Hallfríður Ólafsdóttir flauta, Svavar Bernharðsdóttir víóla og Eggert Pálsson páka.

Listrænn stjórnandi er Margrét J. Pálmadóttir kórstjóri sem jafnframt hefur spunnið tónlistinni leikrænt og skemmtilegt ívaf. Hér er á ferðinni söngveisla þar sem unnendum óperutónlistar gefst einstakt tækifæri til að njóta hrífandi verka eftir tónskáld á borð við Verdi, Mozart, Offenbach, Strauss og Wagner í flutningi öndvegis tónlistarfólks. Miðar fást hjá midi.is og opera.is.



**TÓNLIST** Sigrún Hjálmtysdóttir treður upp með kvennakórnum Vox feminae á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kling í Tate Modern

Tate Modern fagnar um þessar mundir tíu ára afmæli og er af því tilefni efnt til hátíðarinnar No Soul For Sale sem stendur dagana 14. til 16. maí. Þangað er boðið til þátttöku fjölda sjálfstæðra listastofnana víðs vegar að úr heiminum og verða fulltrúar Íslands þar félagar úr Kling & Bang: Hekla Dögg Jónsdóttir, Sirra Sigrún Sigurðardóttir og Ásdís Sif Gunnardóttir.

Hekla Dögg og Sirra Sigrún setja upp verkið Tower Of Now sem er súla eða turn sem rís 35 m upp í Túrbínusalnum (Turbine Hall) gerð úr pappírsstrimlum úr posarúllum. Súlan skapar rými sem verður vettvangur síbreytilegrar myndbands- og skúlptúrinnsetningar og Ásdís Sif Gunnarsdóttir frumsýnir 20 mínútna myndbandsverk sem hún kallar You are there in close up with your signature at the bottom of the frame.

Alls er boðið sjötíu framsæknum stofnunum til hátíðarinnar sem eru sóttar um kringluna alla frá Shanghaí to Rio de Janeiro og leggja þær undir sig hinn rómaða sýningarsal, Túrbínusalinn. Opnunin fellur inn í safnanóttina í London þegar listastofnanir og önnur söfn verða opin til miðnættis, föstudags- og laugardagskvöld.

Tate Modern var opnað 12. maí 2000 og hafa gestir þyrpst þangað: 45 milljónir gesta hafa sótt safnið heim og er aðsókn þangað ein helsta rósin í hnappagati listagyðjunnar. Þar á Ólafur Elíasson stóran hlut en sýning hans var mikið aðdráttarafl á sínum tíma og setti sýningarstjórum þar mark sem síðan er miðað við.



**MYNDLIST** Túrbínusalurinn verður í vor vettvangur sýningaraðila víða um lönd. Hekla Dögg sýnir þar á vegum Kling & Bang. MYND FRÉTTABLAÐIÐ






# Ármann og Þór þora

Leikhús ★★★★

**Villidýr/Pólitík**

eftir Ricky Gervais

**Þýtt og staðfært af flytjendum**

**Sviðsetning:** Gunnar B. Guðmundsson

Fyrirbærið Hafnarfjarðarbrandarar öðlaðist nýja merkingu þegar hópur skólafélaga þar sunnan að tók að láta á sér bera í opinberu lífi. Þar fóru fremstir í flokki árshátíðarskemmtikrafturinn Steinn Ármann, þéttur og vanmetinn leikari, og Davíð Þór Jónsson, renglulegur lífskúnstner sem markaði sér skákir á ýmsum sviðum: textahöfundur, eilífur guðfræðistúdent og fullorðin sál frá unga aldri. Saman eru þeir þessa dagana að flytja uppistand þýtt og umskorið frá enska grínistanum Ricky Gervais. Gervais er merkilegt fyrirbæri, síðsprottinn arftaki þeirrar kynslóðar breskra grínista sem nýlega var sýnt fram á að hafði lagt til örfá prósent af sketsum í Heilsubælið. Gervais stikar jaðarinn á hinu boðlega í sýningum sínum, fetar þröngt bil milli fordóma og ofboðs. Hann er trúr uppruna sínum, breskt samfélag, breskir og breyskir siðir eru hans akur. Og nú hafa menn talið það henta íslenskum markaðsaðstæðum að flytja tvær af þekktum efnisskrám hans yfir á íslensku. Uppistand er þetta ekki lengur, heldur ekki eftirherma, því textinn sem gera má ráð fyrir að Davíð hafi umsnúið og aðlagað er býsna íslenskur og alþjóðlegur um leið. Stór hluti af þessum húmor er sprottinn þegar menn stinga hausnum í klofið á sér: blautt er það, og talið allt klámfengið. Ungum hóp áhorfenda á föstudagskvöldið var vel skemmt, alla vega strákunum, því mikið var hlegið og dátt. Hvort stelpunum var eins skemmt veit ég ekki: þetta er mikill tittlingahúmor, gauragrín.

Steinn og Davíð eru báðir fyndnir menn, Davíð móralskur, Steinn meira absúrd, báðir orðnir þaulvanir að láta brandarann falla á réttum stað, þekkja andrúmið, kunna listina. Þeir þurfa ekki að láta hátt og mikið, spaugið er sett fram af öryggi, fumlaust, og leikið á salinn. Mér hefur alltaf þótt gaman að sjá þá segja brandara. Þeir eru fyndnir strákar. Víst hefði ég kosið að þeir settu saman sitt eigið efni, byggðu sitt eigið gervi í stað Gervais. Ég efast ekki um að þeir gætu það vel ef einhver tryði á þá í slíkt uppistand. Það mátti líka heyra á íslenskun efnis Bretans að þeir voru óhræddir að takast á við ósvífni um þekktar íslenskar persónur, Hannes Hólmstein og Jónínu Ben. Það var ekki græskulaust grín heldur grimmt.

Þeir eru báðir á sviðinu í senn í tvískiptu prógrammi en annar heldur sig til hlés meðan hinn blaðrar. Þeir eru mækaðir upp og það er löstur. Á föstudag lenti Steinn í vandræðum með mækinn sinn og hvað gerðist? Hann varð skýrari, tók betur um orðin, vandaði sig meira við flutninginn. Grínistinn þarf að tala beint og skýrt við áhorfendur. Það er partur af prógramminu, að kunna að hitta milli hlátranna, láta heyra í sér og verða að treysta á að talið heyrist af flytjandanum sjálfum. Í svo litlum sal sem Litla svið Borgarleikhúss er á ekki að nota mæk.

Þegar litið var á heimasíðu Borgarleikhúss kom í ljós að það kostar sitt að hlæja í tvo tíma; nýlegar fréttir um endurbyggingu Austurbæjarbíós benda til að þar skapist nýr vettvangur fyrir grín sem þetta og vonandi finna þeir Davíð og Steinn hjá sér löngun til að halda áfram á þessu sviði, gera sitt eigið efni um okkar eigið umhverfi, okkar eigin Hafnarfjarðarbrandara.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Klámfengið og gróft gaman flutt af mikilli list.



**LEIKLIST** Steinn Ármann, þéttur og vanmetinn leikari, er fyndinn í gríni eftir Ricky Gervais í Borgarleikhúsinu.




# Alain Mikli í Linsunni

Einstök sýning á gleraugum og sólgleraugum frá Alain Mikli í dag og á morgun
Frábær ný hönnun og fallegir litir

Komdu – Mátaðu – Upplifðu

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055

alain mikli

### > HAMINGJUSAMUR

Leikarinn Jude Law er tekinn aftur saman við fyrrverandi kærustu sína, leikkonuna Siennu Miller. Þau mættu saman í sérstakan kvöldverð sem haldinn var í Hvíta húsinu fyrir stuttu og sagðist Law vera sérstaklega hamingjusamur með Siennu. „Ég er mjög hamingjusamur. Hún gerir mig mjög hamingjusaman.“



# Fólk

folk@fretta

# Þegir og klappar hundunum sínum

Leikarinn Mickey Rourke segist hafa jafn gaman af því að leika í ódýrum óháðum kvikmyndum og í stórmyndum, en hann fer með hlutverk illmennisins Ivans Vanko í kvikmyndinni Iron Man 2. „Sumar óháðar myndir geta orðið einum of listrænar, það þarf ekki alltaf að taka allt svo alvarlega. Stundum vill fólk bara setjast niður, horfa á kvikmynd og gleyma dagsins amstri.“

Rourke segir mikil þægindi fylgja því að leika í stórmyndum og þar sé stjanað við leikarana. „Þegar ég lék í The Wrestler þá var ekki einu sinni stóll fyrir mig að sitja á. Fyrsta daginn minn við tökur á Iron Man 2 spurði ég starfsmann hvort ég gæti fengið kaffibolla og hann svaraði um hæl: Hvers konar kaffi má bjóða þér?“

Rourke ber að eigin sögn litla virðingu fyrir leikurum í dag. „Þú þarft ekki einu sinni að vera hæfileikaríkur til að verða stórstjarna. Ég ber litla virðingu fyrir flestum leikurum í dag og einu sinni lét ég þá vita af því. En núna þá þegi ég frekar og klappa hundunum mínum.“



**VIRÐINGARLEYSI** Mickey Rourke ber ekki mikla virðingu fyrir leikarastéttinni í dag. NORDICPHOTOS/GETTY



**NÝ PLATA VÆNTANLEG** Carlos D, annar frá vinstri, kláraði nýja plötu með Interpol áður en hann yfirgaf hljómsveitina.

# Bassatöffarinn yfirgefur Interpol

Samkvæmt skilaboðum á vefsíðu Interpol hefur bassaleikarinn Carlos D yfirgefið hljómsveitina. Carlos var án efa þekktasti meðlimur hljómsveitarinnar, en hann þykir mikill töffari og náði meira að segja að skyggja á Paul Banks, söngvara og gítarleikara Interpol.

„Hann hefur ákveðið að fara aðrar leiðir og setja sér ný markmið,“ segir á vefsíðu hljómsveitarinnar. „Aðskilnaðurinn er óumflýjanlegur, en við óskum honum velgengni og hamingju. Við verðum áfram, eins og ávallt, aðdáendur þessa hæfileikaríka einstaklings.“

Carlos D kláraði nýja plötu með Interpol áður en hann hætti, en verður ekki með hljómsveitinni á tónleikaferðalagi í sumar. Ekki hefur verið tilkynnt hvenær platan kemur út, en ljóst er að Interpol hitar upp fyrir U2 á árinu sem bendir til þess að platan er væntanleg fyrr en síðar.




# Gísli Örn glæsilegur á rauða dreglinum í London

**Gísli Örn Garðarsson tók sig vel út í flottum jakkafötum á rauða dreglinum þegar stórmyndin Prince of Persia var frumsýnd í Westfield-verslunarmiðstöðinni í London. Myndin sjálf fær misjafna dóma í erlendum fréttamiðlum.**

Þær skinu skært stjörnurnar í kvikmyndinni Prince of Persia: Sands of Time þegar myndin var frumsýnd í London á sunnudagskvöldið. Um var að ræða eina stærstu frumsýningu í sögu Bretlands þar sem stuðst var við gervihnött og athöfninni sjónvarpað beint til sex landa.

Myndin sjálf fékk fremur misjafna dóma. Variety segir á heimasíðu sinni að Prince of Persia eigi ekki eftir að ná sömu vinsældum og aðrar myndir framleiðandans, Jerry Bruckheimer. „Myndin fullnægir fyrst og fremst þörfum ungra drengja en talar ekki til annarra hópa og mun því ekki ná sama breiða aðdáendahópnum og til að mynda Pirates of the Caribbean,“ segir í dóm Variety. Þess ber að geta að ekki er lagt neitt mat á frammistöðu Gísla Arnar en þó er tekið fram að hann leiki leiðtoga leigumorðingja sem leggja allt í sölurnar til að koma prinsinum fyrir kattarnef. Hollywood Reporter segir myndina vera skemmtilega og að hún líti vel út. Þá séu ævintýrin spennandi en hana vanti sárlega einhverja epík til að hrífa áhorfendur upp úr skónum.

Engu að síður má með sanni segja að hlutverk Gísla sé eitt það stærsta í sögu íslenskrar leiklistar. Myndin verður síðan frumsýnd í kínverska kvikmyndahúsinu í Los Angeles 17. maí og þangað hefur Gísla verið boðið. Prince of Persia verður frumsýnd hér á landi 19. maí næstkomandi.

freyrgigja@frettabladid.is



Gísli Örn tók sig vel út á rauða dreglinum í glæsilegum jakkafötum þegar Prince Of Persia var frumsýnd í London. Hlutverk Gísla er ansi stórt í myndinni. NORDICPHOTOS/GETTY



Hún var glæsileg umgjörðin í kringum frumsýningu Prince of Persia í Westfield-verslunarmiðstöðinni.



Gemma Arterton, Jerry Bruckheimer og Jake Gyllenhaal er fólkið á bak við Prince of Persia.



Fyrrverandi andlit Iceland-matvörukeðjunnar, Kerry Katona, var að sjálfsögðu meðal gesta en hún hefur verið nánast stanslaust á forsíðum breskra slúðurblaða fyrir allskyns vandræði.



Sir Ben Kinglsley mætti að sjálfsögðu til frumsýningarinnar ásamt eiginkonu sinni, Danielu Lavender. Kingsley leikur vinnuveitanda Gísla í myndinni.



**NÝ VINKONA?** Mel Gibson á að hafa haldið fram hjá barnsmóður sinni með pólskri glamúrfyrirsætu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Átti vingott við Gibson

**Mel Gibson og barnsmóðir hans, rússneska tónlistarkonan Oksana Grigorieva, slitu sambandi sínu í síðasta mánuði. Grigorieva sagði sambandsslitin hafa gerst skyndilega og að hún gæti ekki tjáð sig um málið en að sannleikurinn ætti eftir að koma í ljós. Nú hefur pólsk glamúrfyrirsæta, Violet Kowal, komið fram og sagst hafa átt í þriggja mánaða löngu ástarsambandi við Gibson á meðan Grigorieva var ólétt. „Það kemur mér alls ekki á óvart að þau hafi hætt saman. Mel getur ekki verið einni konu trúr,“ sagði Kowal sem stóðst lygapróf sem tímaritið National Enquirer lagði fyrir hana. Talsmaður Gibson segir þó söguna vera uppspuna.**

# Vanir menn á villigötum

Kvikmyndir ★★

**Cop Out**

Leikstjóri: Kevin Smith

**Aðalhlutverk:** Bruce Willis, Tracy Morgan, Ana de la Reguera, Seann William Scott



Kevin Smith er fyndinn náungi og skemmtilegur leikstjóri. Myndir eins og Dogma, Chasing Amy, Mallrats og Clerks eru nokkur dæmi um að Smith er með húmorinn í lagi. Honum fer líka best að leikstýra myndum sem hann hefur sjálfur skrifað og því er ekki gott að átta sig á hvað fékk hann til þess að leikstýra Cop Out þar sem hún er hvorki gerð eftir handriti hans né grunnhugmynd.

Smith bregst því bogalistin illilega að þessu sinni þótt hann hafi yfir ágætis leikurum að ráða. Handritið er bara of þvælt, ómarkvisst og engan veginn nógu fyndið. Þetta skolast svo allt til í höndunum á Smith sem fer stefnulaust út um víðan völl.

Jimmy (Bruce Willis) og Paul (Tracy Morgan) hafa verið félagar í löggunni í New York í níu ár. Þeir vinna ágætlega saman þótt þeir séu ólíkir. Jimmy er mátulega pirraður og lokaður en Paul er málóður trúður. Báðir eru þeir þjakaðir af vandamálum í einkalífinu þar sem Jimmy hefur ekki efni á að borga fyrir brúðkaup dóttur sinnar og Paul er viss um að konan sín haldi fram hjá sér.



Til þess að gera stöðu þeirra enn verri er þeim vikið frá störfum í mánuð án launa eftir að þeir klúðra handtöku á dópsala. Jimmy bregður þá á það ráð að selja sjaldgæft og forláta hafnaboltaspjald, sem hann erfði eftir föður sinn, til þess að fjármagna brúðkaupið. Spjaldinu er stolið áður en honum tekst að koma því í verð og það endar í höndum umfangsmikils glæpaforingja og fíkniefnasala.

Þeir félagar ráðast því til atlögu við óþjóðalýðinn og kynnast í leiðinni gullfallegri þokkadís frá Mexíkó sem ribbaldarnir eru á hælunum á og þreytandi innbrotsþjófi og brimbrettagæja sem Seann William Scott leikur eins og honum einum er lagið.

Það er sem sagt meira en nóg að gerast í Cop Out en þar sem þræðirnir eru ekki fléttaðir nógu þétt saman finnst manni maður stundum þjást af athyglisbresti og áttar sig ekki alltaf á hvert er verið að fara með þessu öllu saman. Myndin er þó sem betur fer stundum fyndin, aðallega þegar William Scott mætir, en Morgan sem á að vera brandarakallinn er ansi brokkgengur. Einhver spenna næst líka upp á köflum en því miður er þetta allt saman svo klisjukennt að hasarinn lognast einhvern veginn út af.

Bruce Willis stendur þó vitaskuld fyrir sínu, þannig lagað, enda gæti hann leikið svona löggu blindandi. Hann bjargar þó litlu að þessu sinni og er stundum eins og álfur út úr hól. **Þórarinn Þórarinsson**

**Niðurstaða:** Stefnulaus og þvæld grínspennumynd sem er ekkert sérstaklega fyndin og nær ekki upp neinni raunverulegri spennu. Bruce Willis er samt sjálfum sér líkur en það dugar ekki til.

# Bresku prinsarnir syrgja



**Uppáhaldshestur bresku prinsanna lést í síðustu viku og eru prinsarnir báðir sagðir miður sín. „Merin Drizzle tilheyrði Vilhjálmi prins og Harry og var áður eign föður þeirra. Hún veiktist skyndilega í miðjum pólóleik og lést í kjölfarið. Prinsarnir eru líkt og gefur að skilja miður sín vegna þessa,“ var haft eftir talsmanni konungsfjölskyldunnar.**

# Fannst erfitt að safna hári

**Leikarinn Jake Gyllenhaal fer með aðalhlutverkið í ævintýramyndinni Prince of Persia og þurfti að leggja talsvert á sig fyrir hlutverkið því auk þess að bæta á sig vöðvamassa þurfti hann að safna axlasíðu hári.**

**„Það tók mig sex mánuði að safna hári, það var það erfiðasta við þetta. Mér fannst erfiðara að safna hári heldur en að læra hreiminn eða að skylmast. Það var næstum erfiðara en að leika hlutverkið sjálft. Ég neyddist einnig til að nota sjampó og hárnæringu því ég fékk aukinn vöðvamassa við að skrúbba á mér hárið daglega með sjampói,“ sagði leikarinn viðkunnanlegi.**






# Vill ekki bíómynd

Hinn goðsagnakenndi gítarleikari Slash úr Guns N' Roses tekur fálega í hugmyndir um að gerð verði bíómynd eftir ævisögu hans. Ævisaga Slash kom út árið 2007 og þar ræddi gítarleikarinn um baráttu sína við Bakkus og hvernig slettist upp á vinskapinn við Axl Rose, en í kjölfarið hætti Slash í Guns N' Roses.

Slash hefur ekki viljað ganga aftur í hljómsveitina og því spilar Axl gömlu lögin með nýjum mönnum. Slash segist heldur ekki vilja rifja upp erfitt samband þeirra í kvikmynd. „Aðaltilgangurinn með bókinni var að koma frá mér hinu rétta varðandi Guns N' Roses og endurfundina. Ég hef verið spurður hvort ég vilji gefa leyfi fyrir því að gerð verði bíómynd en ég hef bara ekki áhuga á því. Þetta er bara bók sem ég skrifaði til að koma frá mér ýmsum hlutum. Ég gæti bara ekki ímyndað mér að einhver léki mig í bíómynd."



**SLASH** Vill ekki rifja um rifrildin við Axl í bíómynd.

# Áhugaljósmyndari sigraði í virtri ljósmyndasamkeppni

Jóhannes Frank Jóhannesson áhugaljósmyndari hlaut svonefnd Excellent Award í ljósmyndakeppni á vegum tímaritsins Black And White Magazine, en blaðið er eitt virtasta ljósmyndatímarit í heimi.

Þetta er í fyrsta sinn sem Jóhannes Frank tekur þátt í ljósmyndakeppni á vegum Black and White Magazine og segir hann þetta hafa verið hálfgerða skyndihugmynd. „Ég átti orðið mikið magn af myndum og ákvað þess vegna að prófa að senda inn tvær möppur í sitthvorn keppnisflokkinn. Þetta er svo nýtilkomið að ég veit enn ekki hvaða myndir sigruðu eða hvað þetta mun hafa í för með sér," útskýrir Jóhannes Frank, sem starfar sem grafískur teiknari dagsdaglega.

Hann hefur sinnt ljósmyndun frá árinu 2005 og hefur hann sérstaklega gaman af því að taka svarthvítar ljósmyndir. Aðspurður segist Jóhannes Frank ekki viss hvaða áhrif sigurinn geti haft á ljósmyndaferil hans. „Þetta getur þýtt allt eða ekkert, það er erfitt að segja til um hvað komi út úr þessu. Hjá sumum getur ferillinn farið á flug en öðrum gerist lítið. Mér vitanlega eru engin verðlaun í boði, sigurinn sjálfur þykir nógu góð verðlaun, enda fær maður myndir sínar birtar í einu virtasta ljósmyndatímariti heims," segir Jóhannes Frank að lokum. Áhugasömum er bent á heimasíðu Jóhannesar Franks, johannesfrank.com. **- sm**



**SIGRAÐI** Jóhannes Frank Jóhannesson sigraði í ljósmyndakeppni á vegum eins virtasta ljósmyndatímarits heims. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


*Max1 er 10 ára*



**Afmælistilboð**

Fáðu 20% afslátt af nýjum hágæða dekkjum, í dag!

Sparaðu, kauptu **hágæða dekk hjá Max1**

Höldum saman uppá 10 ára afmæli Max1

**Fólksbíladekk, verðdæmi:**

Nokian 185/65R14, 14":
*Fullt verð: 14.837 kr./stk.*
*Afmælistilboð: 11.870 kr./stk.*

Nokian 195/65R15, 15":
*Fullt verð: 17.443 kr./stk.*
*Afmælistilboð: 13.954 kr./stk.*

Nokian 205/55R16, 16":
*Fullt verð: 21.164 kr./stk.*
*Afmælistilboð: 16.931 kr./stk.*

*Engar tímapantanir - komdu bara!*

Spurðu um hvað við getum gert meira fyrir þig og öryggi þitt. Komdu á Max1 í dag.

**Nýttu þér betri þjónustu á Max1**

- Max1 Smurþjónusta
- Max1 Hjólbarðaþjónusta
- Max1 Demparaþjónusta
- Max1 Rafgeymaþjónusta
- Max1 Bremsuþjónusta
- Max1 Peruskipti
- Max1 Rúðuvökvaþjónusta
- Max1 Þurrkublaðaþjónusta
- Max1 Þrifþjónusta

Tilboð gildir til og með 31.5.2010

**Reykjavík:** Bíldshöfði 5a og 8, Jafnasel 6, Knarrarvogur 2, sími 515 7190.
**Hafnarfjörður:** Dalshraun 5, sími 515 7190.
**Akureyri:** Tryggvabraut 5, sími 515 7050.

MAX1 BÍLAVAKTIN

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*


# SKITIÐ Á JOAQUIN PHOENIX Í NÝRRI HEIMILDARMYND

**27. október 2008 lýsti leikarinn Joaquin Phoenix yfir að hann ætlaði að hætta að leika og gerast rappari í staðinn. Í kjölfarið safnaði hann skeggi, byrjaði að haga sér eins og fífl á almannafæri og rappa á sviði. Stóra spurningin er: Var hann að grínast eða ekki? Við erum að fara að komast að því.**



**KLIKKAÐ ÁR** Joaquin Phoenix safnaði skeggi og þóttist ætla að verða rappari á síðasta ári. Tilraunirnar voru teknar upp fyrir heimildarmynd. NORDICPHOTOS/GETTY

Heimildarmyndin I'm Still Here: The Lost Year of Joaquin Phoenix er væntanleg. Myndin fjallar um árið 2009 í lífi Joaquins Phoenix, sem er árið sem hann virðist hafa misst vitið, hætt að leika og gerst rappari. Flestir telja að um eitt stórt grín sé að ræða, en þeir sem hafa séð myndina klóra sér í hausnum þar sem myndin er svo gróf að margir efast um að nokkur maður myndi grínast með það sem kemur fram í myndinni.

Myndin var sýnd hugsanlegum dreifingaraðilum í Hollywood á dögunum. Samkvæmt fólki sem mætti á sýninguna var meiri karlkynsnekt en í hommaklámmynd. Phoenix sést í annarlegu ástandi nota kókaín, panta vændiskonur og stunda kynlíf með kynningarfulltrúa. Þá úthúðar hann aðstoðarfólki sínu og rappar vandræðalega illa inni á milli. Og til að kóróna þetta allt þá sést óvildarmaður Phoenix skíta á hann þar sem hann liggur sofandi. Það þarf því ekki að koma á óvart að menn efist um að myndin sé grín – hver myndi ganga svona langt?

Svarið er augljóslega einfalt: Joaquin Phoenix myndi ganga svona langt. Hann hefur látið hafa eftir sér að hann ætlaði að þykjast ganga af göflunum og skipta um starfsferil og að Casey Affleck ætlaði að ná öllu á filmu. Affleck er eiginmaður systur Phoenix og leikstjóri myndarinnar. Hann hefur reyndar líka látið hafa eftir sér að myndin sé ósvikin – að hann hafi hreinlega viljað gerast rappari og þetta sé heiðarleg tilraun. Við leyfum okkur að efast um það.

**atlifannar@frettabladid.is**

### HVER ER JOAQUIN PHOENIX?



- Leikarinn River Phoenix heitinn var bróðir hans. Hann lést árið 1993 eftir ofneyslu eiturlyfja.
- Joaquin var tilnefndur til Óskarsverðlauna árið 2005 fyrir hlutverk sitt í myndinni Walk the Line, sem fjallaði um líf Johnny Cash.
- Hann vann ekki, en vann Golden Globe-verðlaunin fyrir myndina.


**Stigar og tröppur til allra verka**

MÚRBÚÐARVERÐ



Álstigi 3x8 þrep 2.24-5.06 m **16.900**

Álstigi 12 þrep 3.67 m **10.900**

Áltrappa 5 þrep **6.795**

Áltrappa 4 þrep **4.995**

Álstigi 2x12 þrep 3.61-6.4 m **21.900**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**Klettháls Rvk**
**Akureyri**
**Suðurnesjum**
**Húsavík**

MÚRBÚÐIN

*– Afslátt eða gott verð?*

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


# Fjölmargir bólfélagar Kendru

Enn berast fréttir af kynlífsmyndböndum sjónvarpsstjörnunnar Kendru Wilkinson. Fréttablaðið hefur áður greint frá því að klámframleiðandinn Vivid ætlar að gefa út eitt myndbandanna í enda maí og að fleiri en eitt séu til. Þá hefur komið fram að Kendra reyndi sjálf að selja myndböndin árið 2008, þegar hún var byrjuð með Hank Baskett, núverandi eiginmanni sínum.

Nú kemur í ljós að fjölmargir bólfélagar eru með Kendru í myndböndunum sem hún reyndi sjálf að selja og var meira að segja búin að stofna fyrirtæki til að sjá um söluna.

Enn heyrist ekkert frá Kendru um málið, en marga grunar að hún stjórni fjölmiðlasirkusnum sjálf og hlæi alla leið í bankann þegar myndböndin verða gefin út.



**MÖRG MYNDBÖND** Kendra ku hafa komið fram í nokkrum kynlífsmyndböndum á sínum yngri árum.

## Ný sending af SONY sjónvörpum komin í hús!




# LED sjónvörp - líka falleg á hlið

## Frábær verð, mögnuð gæði og einstök hönnun




**KDL22EX302 22"**
BRAVIA Engine 2
HD Ready 1366x768 punktar
Birtuskynjari
Stafrænn móttakari Mpeg4
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Verð: 109.900




**KDL32EX402 32"**
BRAVIA Engine 2
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 159.900




**KDL37EX500 37" 100hz**
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 219.900




**KDL40EX700 40" LED 100hz**
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 299.900




**KDL46EX500 46" 100hz**
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 369.900




**KDL55EX500 55" 100hz**
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 499.900




**KDL40HX700 40" 200hz**
Glæsileg "Monolithic" hönnun
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
USB tengi og DivX afspilun
Leiðbeiningar innbyggðar í tækið
Möguleiki á þráðlausu neti
Verð: 329.900




**KDL40NX700 40" LED 100hz**
Glæsileg "Monolithic" hönnun
BRAVIA Engine 3
BRAVIA Internet Video
Full HD 1920x1080 punktar
Edge LED - Deep Black Panel
Innbyggt WiFi þráðlaust net
USB tengi og DivX afspilun
Verð: 359.900

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
588-7669
www.sonycenter.is

# Sony Center

# NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR
TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR




SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| BACK-UP PLAN | 8 og 10.10 | L |
| IRON MAN 2 | 5, 7.30, 10(POWER) | 12 |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | 8 og 10.10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN - 3D | 6 | L |
| NANNY MCPHEE & THE BIG BANG | 5.40 | L |

SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5:20D - 8D - 10:40D | 12 |
| IRON MAN 2 | kl. 5:20 - 8 | VIP |
| COPS OUT | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8 - 10:40 | 14 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 8:10 - 10:40 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10:20 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| COPS OUT | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | 14 |
| IRON MAN 2 | kl. 5:40D - 8:10D - 10:45D | 12 |
| KICK ASS | kl. 8:10 - 10:40 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| IRON MAN 2 | kl 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN | kl 6 | L |
| KICK ASS | kl 8 - 10:10 | 14 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 600*
*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| IRON MAN 2 LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| DATE NIGHT | kl. 4 - 6 - 10.20 | 10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 6 - 8 | 12 |
| THE CRAZIES | kl. 8 | 16 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 6 | L |
| LEGION | kl. 10 | 16 |
| DAYBRAKERS | kl. 10 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| CRAZY HEART | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

REGNBOGINN
SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE LIVING MATRIX | kl. 6 íslenskur texti | L |
| IMAGINARIUM OF DR. P.... | kl. 8 - 10.15 íslenskur texti | 12 |
| ONDINE | kl. 10 íslenskur texti | 12 |
| UN PROPHÉTE | kl. 9 enskur texti | 16 |
| FOOD INC. | kl. 6 íslenskur texti | L |
| MOON | kl. 8 íslenskur texti | 10 |
| NOWHERE BOY | kl. 6 - 10 íslenskur texti | L |
| THE YOUNG VICTORIA | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| FANTASTIC MR. FOX | kl. 6 íslenskur texti | L |






**JUNIP** Hljómsveit með engan annan en José Gonzalés í broddi fylkingar. Hún spilar skuggalegt og melódískt rokk, eins og búast má við frá suður-ameríska Svíanum knáa, sem hefur áður komið fram á hátíðinni.

# Fjölbreytt flóra þjóða á Iceland Airwaves í ár

**Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves verður haldin í tólfta sinn í ár. Eins og fyrri ár fer hátíðin fram á völdum tónleikastöðum í miðborg Reykjavíkur. Grímur Atlason, nýr stjórnandi hátíðarinnar, hefur tilkynnt um fyrstu hljómsveitirnar sem koma fram í ár. Sérstök forsala á miðum hefst í dag klukkan 10 á heimasíðu hátíðarinnar, icelandairwaves.is.**

## FYRSTU NÖFNIN Á ICELAND AIRWAVES Í ÁR



SLAGSMÅLSKLUBBEN

**Erlendir listamenn:**
JJ – Svíþjóð
Joy Formidable – England
Basia Bulat – Kanada
Slagsmålsklubben – Svíþjóð
Think about Life – Kanada
Efterklang – Danmörk
Junip – Svíþjóð
The Amplifetes – Bandaríkin

**Íslenskir listamenn:**
Agent Fresco, Bloodgroup, Cliff Clavin, Dikta, Seabear, DLX ATX, Lights on the Highway, Lára, Mínus, Oculus, Of Monsters & Men, Pascal Pinon, Reykjavík!, Sudden Weather Change, Sykur, Útidúr, Who Knew, Sometime, Feldberg, Ourlives, Mugison, Hjálmar, Retro Stefson, Mammút, Ham, Bang Gang, Ensími og Hjaltalín.



**THE AMPLIFETES** Bandarísk hljómsveit sem sendi nýlega frá sér lagið It's My Life. Lagið var notað í auglýsingaherferð Robertos Cavalli með Millu Jovovich í aðalhlutverki.



**EFTERKLANG** Dönsk indísveit sem gaf út fjórðu plötu sína í febrúar. Þeir sem hafa farið á Hróarskeldu hafa örugglega hlustað á hljómsveitina.



**THINK ABOUT LIFE** Kanadísk hljómsveit sem hefur slegið á gegn á dansgólfum í heimalandi sínu. Landar hljómsveitarinnar í Wolf Parade buðu Think About Life að hita upp fyrir sig á tónleikaferðalagi um Norður-Ameríku.

# Eitt skref enn í þróuninni

Tónlist ★★★

**Sanitas**
Stafræn Hákon

Sanitas er áttunda plata Stafræns Hákons í fullri lengd, en sú fyrsta, Eignast jeppa, kom út árið 2001. Auk þess hefur hann sent frá sér að minnsta kosti sjö ep-plötur þannig að dugnaðinn vantar ekki. Skemmtileg nöfn á plötum og lögum eru eitt af einkennum Stafræns. Skvettir edik á ref, Prjónar hummus og Sprengir ílát eru allt plötutitlar og á meðal laga á Sanitas eru: Minning um deig og Val Kilmer.

Stafrænn Hákon er hugarfóstur Ólafs Josephssonar, en á Sanitas koma margir aðrir listamenn við sögu. Fjögur laganna eru samin í samvinnu við Samuel White sem hefur unnið með Ólafi á síðustu plötum. Daniel Lovegrove spilar á trommur, bassa og fleiri hljóðfæri og Magnús Freyr Gíslason og Minco Eggersman semja texta og syngja, auk þess sem fleiri hljóðfæraleikarar koma við sögu í einstaka lögum.

Í upphafi ferilsins var tónlist Stafræns Hákons tilraunakenndur og stemningsfullur samruni raftónlistar og post-rokks. Í seinni tíð hefur hann verið að færa sig nær hefðbundnari lagasmíðum og Sanitas er indírokkplata þar sem skiptast á sungin lög og ósungin. Mörg þessara laga eru stórfín, til dæmis hið kraftmikla Emmer Green sem einkennist af flottum trommuleik, grípandi laglínu og áhrifamiklum gítardrifnum millikafla. Það er sungið af Magnúsi Frey. Ratio 2:3 (at least) er annað öflugt lag, en ólíkt. Það byggist rólega upp í ákveðinn hápunkt og svo fjarar það rólega út. Í gegnum allt er svo þægileg söngmelódía Minco Eggersman. Val Kilmer er líka flott orkumikið og melódískt instrúmentallag.

Hljómurinn á plötunni er flottur og öll vinna á henni er fyrsta flokks. Hins vegar finnst mér platan ekki alveg ná að halda athyglinni út í gegn. Inn á milli góðu laganna



eru síðri stykki og of mörg laganna eru of keimlík.

Á heildina litið má segja að þessi áttunda platan Stafræns Hákons sé enn eitt skrefið í þróun hans frá sveimi yfir í rokk. Hún er að mörgu leyti vel heppnuð. Frábær þegar best lætur, en síðri inn á milli.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Þó að lögin séu svolítíð misgóð sýnir Stafrænn Hákon á Sanitas að hann getur vel búið til rokk sem virkar.


RÓMEÓ OG JÚLÍA
VesturPort
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Allt að seljast upp
11. maí - uppselt
16. maí - uppselt
18. maí - uppselt
24. maí - uppselt
26. maí - uppselt
2. júní - uppselt
6. júní - uppselt
8. júní - örfá sæti laus
9. júní - örfá sæti laus
Vegna gríðarlegrar eftirspurnar
Aukasýningar
13. júní
18. júní
19. júní
20. júní
Borgarleikhúsið

## 31 DAGUR Í HM

**Brasilíumaðurinn** Ronaldo bætti markamet Þjóðverjans Gerds Müller í HM í Þýskalandi 2006 þegar hann skoraði sitt fimmtánda mark í úrslitakeppni HM. Müller hafði þá átt metið í 32 ár eða síðan hann skoraði 10 mörk á HM 1970 og 4 mörk á HM fjórum árum síðar. Ronaldo skoraði 4 mörk á HM 1998, 8 mörk á HM 2002 og 3 mörk á HM 2006.



# sport

sport@frettabladid.is

**SÆVAR ÞÓR GÍSLASON:** SELFYSSINGAR LEIKA SINN FYRSTA LEIK Í ÚRVALSDEILD KARLA Í KVÖLD

## *Ævintýri fyrir lítinn klúbb að fara í þessa hákarladeild*

Þetta er stór dagur fyrir Selfyssinga sem í kvöld verður 27. félagið sem spilar í efstu deild kara. Fyrsti leikurinn er á heimavelli á móti Fylki og markakóngurinn Sævar Þór Gíslason segir alla leikmenn liðsins og allt bæjarfélagið vera tilbúið fyrir Pepsi-deild karla.

„Það er langt síðan bærinn snerist við. Þetta er stór dagur. Ég býst við slatta af fólki og gæti trúað því að það verði mjög margt á leiknum á morgun. Ég held meira að segja að þó að það verði grenjandi rigning þá sleppi Selfyssingar þessu ekki. Það er þannig stemning í bænum. Bjartsýnustu menn búast við þúsund til fimmtán hundruð manns. það verður bara að koma í ljós,“ segir Sævar Þór um kvöldið.

„Þetta er ævintýri fyrir lítinn klúbb eins og Selfoss að koma upp í þessa hákarladeild þar sem öll liðin virðast vera að sópa til sín leikmönnum og óeðlilegt er hvað er mikið af peningum í þessu hjá sumum liðum,“ segir Sævar en hann segir heimamenn stolta af því að liðið er nánast eingöngu byggt upp á Selfyssingum.



„Skjálfa-strákarnir ætla líka að vera með okkur áfram. Þeir eru klárlega okkar tólfti maður í þessum bardaga, bæði í 1. deildinni og núna. Þeir segjast ætla að koma sterkir inn í sumar og það verður bara gaman að sjá þá berjast við Miðjuna og Púma-sveitina og þessar öflugustu stuðningsmannasveitir,“ segir Sævar.

„Ég get lofað því að hér verður fullt á öllum leikjum. Ég er ekki frá því að ólíklegasta fólk eigi eftir að láta sjá sig. Maður hefur heyrt það útundan sér að hinir ýmsu aðilar ætli að skella sér á völlinn. Ég veit um einn sem hefur ekki komið á leik síðan hann fæddist og hann er kominn hátt í fimmtugt. Hann byrjaði að mæta í restina í fyrra og ætlar að mæta á alla leikina í sumar enda búinn að kaupa árskort og allt saman,“ segir Sævar Þór.

„Þetta verður bæjarhátíð sama hvernig fer enda eru allir Selfyssingar stoltir af því að eiga lið í úrvalsdeild.“

Arnar Sveinn Geirsson, leikmaður Vals:

# Erum með hörkulið

**FÓTBOLTI** „Það er alltaf gaman að standa sig vel en það hefði verið skemmtilegra að vinna þennan leik,“ sagði Arnar Sveinn Geirsson eftir leikinn í gær. Arnar átti flottan leik fyrir Val og gæti orðið ein af stjörnum sumarsins haldi hann uppteknum hætti.

„Það er búið að vera að spá okkur einhverju brasi í sumar en við sýndum að við eru með hörkulið og eigum roð við hvaða liði sem er í þessari deild. Það er bara leiðinlegt að hafa ekki náð að klára þetta,“ sagði Arnar. En hvað fannst honum um vítaspyrnudóminn? „Mér fannst þetta ekki vera víti en sá þetta ekki vel. Hann (Kristinn Jakobsson) var lengi að flauta og það gefur vísbendingu um að hann hafi ekki verið viss.“



**ÖFLUGUR** Arnar Sveinn skoraði eitt mark og lagði upp annað fyrir Val í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Markmið liðsins er að fara í hvern leik og reyna að vinna. Við setjum ekki stefnuna á neitt ákveðið sæti. Þetta snýst bara um okkur sjálfa, ef við erum ekki tilbúnir í þetta getum við alveg eins verið á botninum.“ **- egm**

# Lofar góðu fyrir sumarið

## Valur og FH gerðu 2-2 jafntefli á Hlíðarenda í opnunarleik Pepsi-deildarinnar. Gunnar Már Guðmundsson jafnaði fyrir Fimleikafélagið úr vítaspyrnu.

**FÓTBOLTI** „FH er aldrei sátt við að taka minna en þrjú stig. En úr því sem komið var er þetta kannski ágætt. Við komum tvisvar til baka eftir að hafa lent undir,“ sagði landsliðsmarkvörðurinn Gunnleifur Gunnleifsson eftir jafnteflið á Hlíðarenda í gær.

Eftir rólega byrjun opnaðist leikurinn um leið og Valsmenn komust yfir á 36. mínútu. Arnar Sveinn Geirsson lagði þá upp á hinn danska Danni König sem skoraði í sínum fyrsta leik á Íslandsmóti. Arnar Sveinn átti flottan leik og var sprækur í sóknarleik heimamanna.

Atli Viðar Björnsson jafnaði skömmu eftir mark Königs en stoðsendinguna átti Hákon Atli Hallfreðsson sem vippaði boltanum glæsilega inn á Atla. Annars var lítill meistarabragur á Íslandsmeisturunum í gær og varnarlína þeirra var óörugg.

Arnar Sveinn kom Val yfir á 66. mínútu en tæpum tíu mínútum fyrir leikslok jafnaði FH aftur. Reynir Leósson braut þá klaufalega á Matthíasi Vilhjálmssyni og dæmd var vítaspyrna. Gunnar Már Guðmundsson steig á punktinn, spyrna hans var slök en hafnaði engu að síður í netinu.

Úrslitin jafntefli, 2-2, sem verður að teljast sanngjörn niðurstaða. Leikurinn var nokkuð fjörlegur og lofar góðu fyrir sumarið.

FH var án Atla Guðnasonar sem er meiddur og horfði á í stúkunni. Fleiri lykilmenn hafa átt við meiðsli að stríða og Matthías og Hjörtur Logi Valgarðsson byrjuðu báðir á bekknum.

„Við vorum ekki að spila nægilega vel heilt yfir og verðum að gera betur í næsta leik. Sérstaklega í upphafi leiks vorum við algjörlega á afturfótunum en komumst á gott skrið undir lok hálfleiksins. Við náðum svo ekki að finna taktinn nægilega vel í seinni hálfleik,“ sagði Gunnleifur.



**Í DAUÐAFÆRI** Atli Viðar Björnsson er hér nálægt því að setja boltann í mark Kjartans Sturlusonar, markvarðar Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Valur hefur hörkuleikmenn og við vorum ekkert að vanmeta þá neitt. Þeir eiga örugglega eftir að gera fína hluti í sumar.“

Mikill stígandi var í Valsliðinu á undirbúningstímabilinu og leikurinn í gær ákveðið framhald af því. Haukur Páll Sigurðsson smellpassar inn í liðið og er öflugur drifkraftur á miðjunni og alveg ljóst að ef liðið byggir ofan á þessa frammistöðu getur það vel barist ofar en því var spáð.

**elvargeir@frettabladid.is**

**Valur 2-2 FH**

Vodafone-völlur, áhorf.: 1796 Kristinn Jakobsson (7)

*1-0 Danni König (36.)*
*1-1 Atli Viðar Björnsson (39.)*
*2-1 Arnar Sveinn Geirsson (66.)*
*2-2 Gunnar Már Guðm., víti (82.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–10 (4–6) |
| Varin skot | Kjartan 4 – Gunnleifur 2 |
| Horn | 10–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–9 |
| Rangstöður | 4–2 |

| **VALUR** 4–3–3 | | **FH** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan Sturluson | 6 | Gunnleifur Gunnl. | 6 |
| Stefán Eggertsson | 5 | Guðm. Sævarsson | 6 |
| Atli Sveinn Þ. | 6 | Pétur Viðarsson | 5 |
| Reynir Leósson | 5 | Hafþór Þrastarson | 5 |
| Martin Pederson | 6 | Freyr Bjarnason | 4 |
| Haukur Páll S. | 7 | Gunnar Már Guðm. | 6 |
| Ian Jeffs | 6 | Björn D. Sverrisson | 6 |
| (85. Sigurbjörn Hr. | -) | Hákon Atli Hallfr. | 6 |
| Rúnar Már S. | 5 | (57. Matthías Vilhj. | 6) |
| Baldur Aðalsteinss. | 7 | Ólafur Páll Snorras. | 7 |
| (77. Hafþór Ægir V. | -) | Atli Viðar Björnsson | 7 |
| **Arnar Sveinn G.** | **8** | (79. Hjörtur Logi V. | -) |
| Danni König | 7 | Torger Motland | 5 |
| (85. Viktor Unnar I. | -) | | |

*Maður leiksins

Ólafur Guðmundsson mögulega á förum frá FH:

# Mörg félög hafa sýnt Ólafi áhuga

**HANDBOLTI** Allar líkur eru á því að Ólafur Guðmundsson, handknattleiksmaður úr FH, sé á leið í atvinnumennsku. Ólafur hefur vakið þónokkra athygli margra erlendra félaga en nokkur þeirra hafa nýlega sent FH fyrirspurnir. Þetta staðfestir Þorgeir Arnar Jónsson, formaður FH, í samtali við Fréttablaðið.

Í gær greindi Stöð 2 frá því að þýska stórliðið Rhein-Neckar Löwen vildi fá Ólaf í sínar raðir en Þorgeir sagði félagið ekki eitt þeirra sem hefðu sett sig í samband við FH.

„Það hafa verið einhver mál í gangi en það er lítið hægt að segja um þau eins og er,“ sagði Þorgeir. „Það var þó ljóst snemma í vetur að Ólafi myndu standa ýmsir möguleikar til boða og hafa þessi mál verið unnin í góðu samráði við Ólaf og hans fjölskyldu. FH mun ekki standa í vegi fyrir því að hann geti látið draum sinn um atvinnumennsku ráðast.“



**ÓLAFUR GUÐMUNDSSON** Mögulega á leið frá FH. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólafur var valinn í landsliðshóp Íslands sem fór á Evrópumeistaramótið í handknattleik í janúar síðastliðnum þar sem liðið vann til bronsverðlauna. Hann hefur verið fastamaður í liði FH undanfarin ár og vakið verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína. **- esá**


Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

**Er tímareimin komin á tíma?**

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**

**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 58.280 kr.

**Toyota Land Cruiser 90 3,0TD** Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 43.780 kr.

**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.469 kr.

**Renault Kangoo 1,4 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 45.013 kr.

Vara þessa tilboðs er eftirmarkaðsvara (non-OEM/ekki original)

Skoðaðu www.velaland.is

Véland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

**Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.**




Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00

VÉLALAND



**Allt veltur á söginni!**

PIPAR\TBWA • SÍA • 100789



DW743
**Vinsælasta veltisögin frá DeWalt**
Afl: 2000 W
Blaðstærð: 250 mm

**124.900 kr.** (með VSK)

Verslanir
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík / Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR

# FARTÖLVUR

# RÝMINGARSALA

NÝJAR VÉLAR • SÝNINGARVÉLAR • NOTAÐAR VÉLAR

**VERÐ FRÁ 49.990**

acer TOSHIBA msi ASUS

## FARTÖLVUR TVÖ OFURDÆMI




### Acer Extensa 5230E-901G16Mn

- 2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi
- 1GB DDR2 minni
- 160GB SATA diskur
- 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari
- 15.4" FHD WXGA breiðskjár
- Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort
- Þráðlaust 802.11bgn netkort
- Windows Vista Home Basic

**59.990**

FULLT VERÐ KR. 79.990




### Acer Aspire 7740G-334G50MN

- 2.13GHz Intel Core i3-330M Dual core örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 17.3" WXGA CrystalBrite skjár með LED baklýsingu
- 512MB ATI Mobility Radeon HD 5470 DirectX 11 skjákort
- Þráðlaust netkort og vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**139.990**

FULLT VERÐ KR. 169.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

## > Angus T. Jones



„Ég fæ oftar aðdáendabréf frá fullorðnu fólki heldur en krökkum. Einu sinni fékk ég bréf frá konu sem hrósaði mér sérstaklega fyrir það hvað ég söng fallega í upphafslagi þáttarins (Two and a Half man) og sagðist gjarnan vilja heyra meira. Mér fannst það fyndið af því ég syng ekki lagið.“

***Jones fer með hlutverk Jakes Harper í þættinum Two and a Half Men sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 19.20 .***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ROALD EYVINDSSON NÝTUR ÞESS AÐ FYLGJAST MEÐ FRÆGA FÓLKINU Á E

# *Hundrað mestu kynlífshneyksli í Hollywood*

Fyrir nokkrum árum ákvað ég að gera vel við mig og kaupa áskrift að stöðvunum „þúsund“ sem 365 býður upp á. Það er skemmst frá því að segja að næstu daga var sjónvarpssjúklingurinn ég í sæluvímu sem náði ákveðnu hámarki þegar ég uppgötvaði sjónvarpsstöðina E.

E, eða E Entertainment, er bandarísk sjónvarpsstöð sem flytur „fréttir“ af Hollywoodstjörnum og sýnir subbulega raunveruleikaþætti um lýtaaðgerðir, hvítt hyski og lagskonur Hughs Hefner. Þarna inn á milli er síðan ýmislegt svo svæsið að skrif Ellýjar Ármanns gætu í samanburði átt heima í barnabók fyrir yngstu börnin og flest á svo lágu plani að heilasellurnar eru fljótar að drepast. Þótt mér hafi strax frá fyrstu mínútu verið fullkomlega ljóst hversu mikið rusl var á ferðinni dróst ég að E eins og fluga að mykjuskán og get enn í dag ekki kveikt á sjónvarpinu án þess að forvitnast aðeins um hagi og innihaldslaust líf Kim Kardashian, fyrrum Playboy-kanínunnar Kendru Wilkinson og Roberts Ray, öðru nafni doktor 90210.



Skemmtilegastir þykja mér sjónvarpsþættir þar sem mestu kynlífshneykslin, flottustu strandarkropparnir eða svæsnustu skilnaðirnir eru taldir upp í máli og myndum, þótt um sé að ræða uppfyllingarefni af ódýrustu sort sem er algjör tímaþjófur í ofanálag og niðurstaðan álíka ófullnægjandi og úrslitin í Eurovision. Ég barasta ræð ekki við mig, heldur get setið límdur við imbann klukkutímunum saman meðan talið er niður hundraðið.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.45** Fram – ÍBV, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Að duga eða drepast SJÓNVARPIÐ



▶ **20.35** Með önglinn í rassinum SKJÁREINN



▶ **21.45** Curb Your Enthusiasm STÖÐ 2



▶ **21.50** That Mitchell and Webb Look STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Alla leið** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jimmy Tvískór** (4:13)
**17.52 Sammi** (6:52)
**18.00 Múmínálfarnir**
**18.25 Dansað á fákspori**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Að duga eða drepast** (Make It or Break It) (3:10) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
**20.55 Leiðin á HM** (12:16) Upphitunarþættir fyrir HM í fótbolta sem hefst í Suður-Afríku 11. júní. Að þessu sinni eru kynnt lið Síle og Paragvæ.
**21.25 Út í bláinn** (Packat & klart sommar) Sænsk ferðaþáttaröð þar sem flakkað er um víða veröld og skoðað það sem fyrir augu ber.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Rannsókn málsins - Drepið kónginn** (Trial & Retribution XVI: Kill the King) (2:2) Bresk spennumynd frá 2008 í tveimur hlutum.
**23.05 Íslenski boltinn** Fjallað verður um Íslandsmótið í fótbolta.
**23.50 Lögregluforinginn - Brottnámið** (The Commander: Abduction) (2:3)(e)
**00.40 Kastljós** (e)
**01.10 Fréttir** (e)
**01.20 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.05 The Truth About Love**
**10.00 My Blue Heaven**
**12.00 Annie**
**14.05 The Truth About Love**
**16.00 My Blue Heaven**
**18.00 Annie**
**20.05 Tristan + Isolde**
**22.10 The Beat My Heart Skipped**
**00.00 Goodfellas**
**02.20 Trapped in Paradise**
**04.10 The Beat My Heart Skipped**
**06.00 Man About Town**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Einu sinni var** (11:22)
**10.55 Tískulöggurnar**
**11.45 Numbers** (13:23)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Radio Days**
**14.30 Notes From the Underbelly**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Risaeðlugarðurinn, Ben 10 og Strumparnir.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (12:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (1:24) Gamanmyndaflokkur um bræðurna Charlie og Alan Harper.
**19.45 How I Met Your Mother** (14:20) Við fáum nú að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.
**20.10 How I Met Your Mother** (12:24)
**20.35 Modern Family** (15:24)
**21.00 Bones** (14:22) Spennuþáttur þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðings.
▶**21.45 Curb Your Enthusiasm** (3:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr gamanþáttunum Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George.
**22.15 Daily Show: Global Edition**
**22.45 Grey's Anatomy** (20:24)
**23.30 Badasssss!**
**01.15 Radio Days**
**02.45 Dirty Tricks**
**03.25 How I Met Your Mother** (14:20)
**03.45 How I Met Your Mother** (12:24)
**04.10 Modern Family** (15:24)
**04.35 Curb Your Enthusiasm** (3:10)
**05.05 The Simpsons** (12:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Valur - FH** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**17.25 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**17.55 Valur - FH** Útsending frá leik Vals og FH í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
▶**19.45 Fram - ÍBV** Bein útsending frá leik Fram og ÍBV í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**22.00 Pepsimörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsi-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða á sínum stað.
**23.00 Bestu leikirnir. Fylkir - Þróttur 18.08. 2003** Árið 2003 byrjaði Þróttur vel í Landsbankadeildinni og var í toppbaráttunni eftir fyrri umferðina. Þróttarar töpuðu fyrstu fjórum leikjunum í seinni umferðinni þegar kom að leik við Fylki í Árbænum sem var í bullandi baráttu um Íslandsmeistaratitilinn.
**23.30 Fram - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla.
**01.20 Pepsimörkin 2010**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**17.35 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**18.05 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni.
**18.40 Nott. Forest - Blackpool** Bein útsending frá leik í umspili ensku 1. deildarinnar.
**20.45 Football Legends** Bestu knattspyrnumenn sögunnar skoðaðir og skyggnst á bak við tjöldin. Í þessum þætti verður fjallað um Raul, leikmann Real Madrid á Spáni.
**21.15 Chelsea - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.55 West Ham - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**00.35 Nott. Forest - Blackpool** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Spjallið með Sölva** (12:14) (e)
**19.00 Girlfriends** (16:22) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (40:50)
**19.45 King of Queens** (8:24) (e)
**20.10 Accidentally on Purpose** (16:18) Zack er ósáttur þegar Billie ræður hjúkrunarkonu til að hjálpa þeim að undirbúa sig fyrir barnsburðinn.
▶**20.35 Með önglinn í rassinum** (6:6) Ný, íslensk þáttaröð þar sem tvíburabræðurnir Gunnar og Ásmundur Helgasynir keppa í laxveiði og öðru sem viðkemur veiðinni. Það er komið að lokaþættinum og nú dregur til tíðinda. Öldungaráðið skoðar málin, kastkeppnin klárast og úrslitin koma í ljós.
**21.05 Nýtt útlit** (11:11) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.
**21.55 The Good Wife** (18:23) Háskólastelpa er sökuð um morð á skólasystur sinni. Skotfærasérfræðingurinn Kurt McVeigh snýr aftur og það hitnar í kolunum hjá honum og Diane.
**22.45 Heroes** (10:19) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrulegum hæfileikum.
**23.30 Jay Leno** Gestur Jays Leno í kvöld er leikarinn Don Cheadle.
**00.15 CSI** (11:23) (e)
**01.05 The Good Wife** (18:23) (e)
**01.55 King of Queens** (8:24) (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Kristín Pétursdóttir, Vilborg Einarsdóttir og Jón Steindór Valdimarsson um atvinnulífið.
**21.00 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir sýnir réttu handbrögðin við garðyrkjustörfin.
**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi** Tryggvi Þór Herbertsson alþingismaður fer yfir það allra helsta í íslenskum þjóðmálum
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.35**

**Modern Family**



Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerða nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel. Í þætti kvöldsins svífur rómantíkin yfir vötnum þegar Valentínusardagur rennur upp.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Nýtt útlit**

**Skjár einn kl. 21.05**



Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. Í þessari þáttaröð koma þekktir Íslendingar í stólinn hjá Kalla og fá sannkallaða stjörnumeðferð. Í kvöld er komið að lokaþættinum og í þetta sinn er það leikkonan Halldóra Geirharðsdóttir sem fær nýtt og ferskt útlit.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Söngfuglar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Norðan við stríð
**15.32** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Ekkert eins og var
**21.20** Tríó
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Fimm fjórðu
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**20.15 Ally McBeal** (6:22) Ally, Glen, Raymond og Jenny fara á tvöfalt stefnumót, Cage snýr aftur og Ling situr fyrir nakin.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 That Mitchell and Webb Look** (3:6) Grínþáttur uppfullur af frábærum sketsum með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb. Þeir slógu í gegn í Peep Show og í þessum þætti fara þeir á kostum og bregða sér í alla kvikinda líki.

**22.20 American Idol** (36:43) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins fimm bestu söngvararnir eru eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar að sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.

**23.05 American Idol** (37:43) Nú kemur í ljós hvaða fjórir keppendur halda áfram í American Idol og eygja von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.

**23.50 Supernatural** (10:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

**00.30 The Doctors**

**01.15 Ally McBeal** (6:22)

**02.00 Sjáðu**

**02.30 Fréttir Stöðvar 2**

**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Allo, ‚Allo! **12.40** My Hero **13.10** My Hero **13.40** Absolutely Fabulous **14.10** Absolutely Fabulous **14.40** Hustle **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** After You‘ve Gone **18.30** Waterloo Road **19.20** Dalziel and Pascoe **20.10** After You‘ve Gone **20.40** Strictly Come Dancing **22.10** Robin Hood **22.55** After You‘ve Gone **23.25** Waterloo Road

## DR 1

**12.00** Søren Ryge præsenterer **12.30** Sager der nager **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint & Co **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Lille Nord **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha‘ det godt **18.00** Hammerslag i Sverige **18.30** Spise med Price **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Talismanen **20.45** Kodenavn Hunter II **21.45** Sager der nager **22.15** OBS **22.20** Boogie Mix **04.00** Morgenhår **04.01** Kæledyr for viderekomne **04.05** Thomas og vennerne **04.15** Postmand Per **04.30** Benjamin Bjørn **04.45** Timmy-tid **04.55** Barbapapa **05.00** Snip Snap Snude **05.20** Kurt - En ukendt helt **05.30** Byggemand Bob **05.40** Benjamin Bjørn **05.55** Rasmus Klump **06.00** Gnotterne

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bygdeliv **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen **18.15** Pakket og klart **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** The Fisher King **23.30** Svisj gull

## SVT 1

**12.25** Syskonbädd 1782 **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Landgång **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go‘kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Inför Eurovision Song Contest 2010 **19.00** Godnatt älskade **20.00** Dox. Hästpojken **21.35** Kommissarie Winter **22.35** Bubblan **23.05** Det kungliga bröllopet




## LÆRDÓMUR VIKUNNAR



*„Ég er til að mynda að hlusta á Eyrbyggju sem Þorsteinn frá Hamri les. Mér finnst oft þægilegt að hafa talað mál þótt það gerist stundum að ég dotti undir því. Ef útvarpið verður fyrir valinu þá er það Rás 1, útvarp hins hugsandi manns. Og þar eru ryþmi og djass mín deild.*

Jón Jóel Einarsson, eigandi ferðaþjónustunnar Út og vestur.

# Sigurjón fær De Niro í næstu mynd

Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi hefur náð samningum við bandaríska stórleikarann Robert De Niro um að leika í spennumyndinni The Killer Elite. Þar með eru línur að skýrast í þessari ævisögulegu kvikmynd sem byggð er á lífi og starfi sérsveitarmannsins Sir Ranulph Fiennes.

Sigurjón segir nafn De Niro góða viðbót við leikarahóp myndarinnar. „Þetta gefur henni náttúrulega byr undir báða vængi og þetta verður stærsta kynningarmyndin á Cannes, allavega verður þetta sú kvikmynd sem er með stærstu stjörnunum,“ segir Sigurjón en tökur eru að hefjast í Ástralíu. Sigurjón, sem hefur unnið með mörgum af stærstu kvikmyndastjörnum heims, viðurkennir að hann sé bæði sæll og glaður með að hafa náð De Niro. „Þetta verkefni lítur vel út. Þótt leikstjórinn, Gary McKendry, hafi ekki áður gert svona stóra mynd þá hefur handritið spurst vel út og umboðsmenn hafa látið sína skjólstæðinga vita af því. Það segir sitt ef De Niro ákveður að leika í myndinni,“ segir Sigurjón.

Varla þarf að hafa mörg orð um feril De Niro. Eftir hann liggja margar af frægustu persónum kvikmyndasögunnar, svo sem Travic Bickle úr Taxi Driver og Vito Corleone úr Godfather 2. Auk De Niro leika þeir Jason Statham og Clive Owen í myndinni auk Dominics Purcell, þekktastur fyrir leik sinn í Prison Break. Eins og áður segir er myndin byggð á ævisögu Sir Ranulphs Fiennes sem kom út árið 1993 og olli miklu fjaðrafoki á sínum tíma. Enda upplýsti Fiennes þá um tilveru SAS-sérsveitanna sem bresk stjórnvöld höfðu þvertekið fyrir að væru til. - fgg



**STÓRLAX** Robert De Niro er einn frægasti kvikmyndaleikari sögunnar og hann mun leika eitt aðalhlutverkanna í næstu kvikmynd Sigurjóns Sighvatssonar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** bæta við, **6.** í röð, **8.** dýrahljóð, **9.** bergmála, **11.** tveir eins, **12.** gljáun, **14.** gáleysi, **16.** sjó, **17.** mjög, **18.** hætta, **20.** frá, **21.** málmhúða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** könnun, **3.** tveir eins, **4.** hvel, **5.** örn, **7.** smáræði, **10.** temja, **13.** dvelja, **15.** fugl, **16.** aska, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** auka, **6.** rs, **8.** urr, **9.** óma, **11.** ii, **12.** fágun, **14.** vangá, **16.** sæ, **17.** all, **18.** ógn, **20.** af, **21.** tína.
**LÓÐRÉTT: 1.** próf, **3.** uu, **4.** kringla, **5.** ari, **7.** smávægi, **10.** aga, **13.** una, **15.** álft, **16.** sót, **19.** nn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Á Providence-golfvellinum í Flórída í Bandaríkjunum.
2. Carlo Ancelotti.
3. Valdimar Svavarsson.






RAGNAR BRAGASON: BÍÐ BARA FYRIR UTAN SKRIFSTOFU JÓNS

# Grínframboð Jóns Gnarrs kemur vinum hans misvel

Skoðanakannanir benda til þess að Besti flokkur Jóns Gnarrs nái fjórum mönnum inn í borgarstjórn Reykjavíkur. Þetta myndi þýða að Jón Gnarr, einn eftirsóttasti skemmtikraftur landsins, yrði í fullu starfi við að gera borgina að betri stað fyrir borgarbúa. Þetta gæti einnig þýtt að sjónvarpsþáttur, leiksýning og leikverkaritun yrðu í uppnámi. Sjálfur segir Jón Gnarr borgarmálin vera í forgangi, allt annað fái að sitja á hakanum.

Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins, vildi ekki tjá sig í samtali við Fréttablaðið hvort Jón Gnarr myndi hætta sem hirðskáld Borgarleikhússins ef hann næði kjöri sem borgarfulltrúi í komandi sveitarstjórnarkosningum. Hann vildi heldur ekki segja neitt til um hvort honum þætti það eðlilegt að Jón Gnarr sæti sem fulltrúi Besta flokksins í borgarstjórn og væri um leið á launum hjá Borgarleikhúsinu sem hirðskáld. „Við munum bara skoða þessi mál af yfirvegun þegar þar að kemur. Hún er skrítin þessi pólitík og Jón er búinn að vera á fullu síðan hann byrjaði hjá okkur. Ef einhver breyting verður á hans högum þá ræðum við það náttúrulega,“ segir Magnús Geir sem taldi ekki tímabært að ræða þessi mál. Jón Gnarr sjálfur sagði að hann myndi ræða þetta við Magnús Geir þegar þar að kæmi. „Þetta eru bara nokkrir tölvupóstar og einhver símtöl,“ segir Jón sem var ekki reiðubúinn að tjá sig um hvort hann myndi láta af starfi sínu sem hirðskáld Borgarleikhússins, næði hann kjöri.

Ragnar Bragason leikstjóri er annar sem verður að bíða og sjá hvað kemur upp úr kjörkössunum í lok maí. Ráðgert er að Vaktar-hópurinn komi saman í ágúst til að leggja drög að nýrri seríu sem er algjörlega ótengd Ólafi Ragnari, Georg og Daníel og á að gerast á geðveikrahæli. Ragnar segist bara ætla að taka sér stöðu fyrir utan skrifstofu Jóns í Ráðhúsi Reykjavíkur ef hann kemst í borgarstjórn. „Ætlaði hann ekki annars að hygla vinum sínum? Var það ekki á stefnuskránni?“ spyr Ragnar sem segist ætla að kjósa Jón og Besta flokkinn í næstu kosningum, jafnvel þótt það þýði smá vesen fyrir næstu verkefni. „Ef Jón verður kosinn þá verðum við bara að bíta í það súra eplið og leysa okkar mál á einhvern annan hátt.“

Ísleifur B. Þórhallsson, sem hyggst setja upp sýningu með grínleikhópnum Fóstbræðrum, segir það vissulega hafa verið vitað að listamennirnir í hópnum væru með fullt af öðrum verkefnum í gangi. „Við munum stilla okkur af í samræmi við þetta, við vissum auðvitað að hann væri á leiðinni í framboð en sáum þessa velgengni kannski ekki fyrir,“ segir Ísleifur en bætir því við að Fóstbræður, hvernig sem aðkoma Jóns Gnarrs verður, verði frumsýnd í mars 2011.

freyrgigja@frettabladid.is



**SMÁ UPPNÁM**
Velgengni Besta flokksins hefur komið mörgum á óvart. En hún gæti líka sett strik í reikninginn hjá nokkrum verkefnum leikarans. Sjónvarpsþáttur sem Ragnar Bragason ætlaði að gera með Jóni gæti verið í smá uppnámi líkt og Fóstbræðrasýning Ísleifs B. Þórhallssonar. Þá vildi Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins, ekki tjá sig hvort Jón yrði áfram sem hirðskáld leikhússins ef svo færi að Jón kæmist inn í borgarstjórn. Jón vildi heldur ekki taka af öll tvímæli þar um.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Skítamórall brá undir sig betri fætinum fyrir skemmstu og spilaði á litlum stað í Kaupmannahöfn sem heitir því skemmtilega nafni Skarv. Tónleikarnir gengu ágætlega að sögn **Arngríms Fannars Haraldssonar**, gítarleikara sveitarinnar, þótt hann viðurkenni að vissulega hefðu fleiri mátt berja sveitina augum. Þar kunna að spila inn í mistök vertsins á Skarv. Skítamóralsmenn sendu nefnilega mynd af sveitinni sem hægt væri að nota á auglýsingu en staðarhaldaranum fannst upplausnin ekki vera nógu mikil. Þannig að hann gúgglaði hljómsveitina í þeirri von að finna betri mynd.

Auðvitað er ekki hægt að gera þá kröfu til dansks tónleikahaldara að hann þekki muninn á Skítamóral og Á móti sól. Sem kom auðvitað á daginn að hann gerði ekki. Því gúgglið sveik Danann ansi laglega og á auglýsingu fyrir tónleika Skítamórals í Kaupmannahöfn var því mynd af **Magna Ásgeirssyni** og félögum undir fyrirsögninni „Skítamórall-Live“. Svo skemmtilega vildi til að eldheitur aðdáandi Á móti sól sá umrædda auglýsingu, sendi til söngvarans Magna sem hafði víst ansi gaman af.



Tónlistarkonan **Hafdís Huld** fær á baukinn í nýjasta tölublaði Reykjavík Grapevine, sem kom út fyrir helgi. Gagnrýnandinn Sindri Eldon tekur fyrir plötu hennar, Synchronised Swimmers, og sparar ekki stóru orðin. Hann segir plötuna svo heilalausa að stemningin sé eins og hjá Brady Bunch-fjölskyldunni, væru meðlimir hennar á prósaki og að hún sé gagnslaus eins og tilraunir til að lækna hátíðaþunglyndi. Sindri klykkir svo út með því að segja að ef þunglyndi hafi ekki þegar drepið hlustandann myndi platan sjá um það með ömurlegum forheimskandi tilburðum…

- fgg, afb



# Svali safnar liði í nýjan morgunþátt

„Ég hlýt að vera svona skelfilega erfiður í samstarfi, andfúll og geðstirður á morgnana,“ segir Sigvaldi Kaldalóns, dagskrárstjóri útvarpsstöðvarinnar FM 957 og eini liðsmaður morgunþáttarins vinsæla Zúúber. Sigga Lund og Gassi Ólafsson, samstarfsfólk Svala til sex ára, hafa bæði tilkynnt að þau séu hætt störfum og ætli að snúa sér að einhverju öðru, Sigga nú síðast í gær.

Sigvaldi, oftast kallaður Svali, upplýsir að þau hafi áttað sig á því að þátturinn Zúúber væri búinn að syngja sitt síðasta og því hafi verið ákveðið að hætta með þáttinn. Sjálfur hyggst hann þó halda áfram að vakna með Íslendingum í útvarpinu. Og nú í nýjum þætti sem mun að öllum líkindum nefnast Svali og félagar og hefst 17. maí.

Svali hefur þegar fengið til liðs við sig þau Erp Eyvindarson og Höllu Vilhjálmsdóttur sem verða með vikuleg innslög í formi hrekkja eða annarra skemmtilegheita. Þá mun Jóhanna Vigfúsdóttir einnig verða fastur gestur í þessum nýja morgunþætti en með Svala í hljóðstofu verður Kristján Ingi Gunnarsson. Kristján er ekki ókunnur fjölmiðlaumhverfinu því hann var einn liðsmanna sjónvarpsþáttarins Ópsins ásamt þeim Ragnhildi Steinunni og Þóru Tómasdóttur.

Í þennan her eiga síðan eftir að bætast fleiri. „Já, er ekki betra að hafa sem flesta í kringum sig þannig að áfallið verði minna þegar einhver hættir,“ segir Svali og hlær. - fgg



**EINN EFTIR** Svali situr einn eftir í hljóðverinu eftir að þau Gassi og Sigga Lund hættu í morgunþættinum Zúúber. Hann hefur fengið Erp Eyvindarson og Höllu Vilhjálmsdóttur til að vera með sér í nýjum morgunþætti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


SÍÐUSTU DAGAR!
VORTILTEKT!
KING KOIL CORSICA
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 249.636 kr.
NÚ MEÐ 40% AFSLÆTTI
149.782 kr.
= 99.854 kr. AFSLÁTTUR
CORSICA PLUSH/FIRM
• 5 svæðaskipt Svefnsvæði
• 5 svæðaskipt Sleep design gormakerfi eitt það fullkomnasta á markaðnum í dag
• Tvíhert sérvalið stál í gormunum
• 10 ára ábyrgð
• Lagar sig að líkamanum
• Veitir fullkomna slökun
• Stuðningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
• Steyptir kantar
• 20% stærri svefnflötur
• Þarf ekki að snúa
NÚ HREINSUM VIÐ ÚT
30-50% AFSLÁTTUR
Við eigum von á nýrri vörulínu frá King Koil Comfort solution og ætlum því, á næstu dögum, að selja eldri gerðir
með allt að 50% afslætti.
COMFORT solutions®
By King Koil®
ÁTTU VON Á GESTUM?
Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

vísir.is „...ég sá það á vísi“

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fagnar stórafmæli

Vaxtarræktarkappinn og skemmtikrafturinn **Egill Einarsson** verður þrítugur á fimmtudaginn. Egill býður til stórrar veislu af þessum sökum á Players í Kópavogi á miðvikudagskvöld. Í boðskorti sínu segir afmælisbarnið að veislan verði „líklega besta afmæli allra tíma“ og telur upp þá sem koma munu fram. Þar á meðal eru Auddi og Sveppi, Sverrir Bergmann, **Logi Bergmann,** Sólmundur Hólm og fleiri uppistandarar auk þess sem hljómsveitin Merzedes Club verður mögulega með kombakk. Þá treður Erpur Eyvindarson upp og Hjörvar Hafliðason knattspyrnusérfræðingur þreytir frumraun sína sem plötusnúður.



### Dóttirin leiðir listann

Það hefur gustað hressilega um **Kristján Sveinbjörnsson**, bæjarfulltrúa á Álftanesi, á kjörtímabilinu sem er að líða. Hann lenti í langvinnri deilu við eiganda nágrannalóðar og hætti síðan í Á-listanum eftir að hann sást á eftirlitsmyndavél Hótels Nordica skrifa nafnlausan óhróður um sama fólk á spjallvef sveitarfélagsins. Hann stendur nú í meiðyrðamáli vegna þess. Kristján er á útleið úr bæjarstjórn en fjölskylda hans mun kannski eiga þar fulltrúa enn um sinn. Dóttir Kristjáns, hin 24 ára Inga Auðbjörg, leiðir nefnilega lista Samfylkingarinnar sem býður nú fram á Álftanesi í fyrsta sinn.



- hdm/sh

### Mest lesið vísir.is

1. Nefbraut kærustuna og myndbirtir kynferðisbrotamenn
2. Sat í fangelsi fyrir morð á manni sem er á lífi
3. Ingibjörg Sólrún flaug með þotu Kristínar
4. Krókódíll át boltann
5. Lögguofbeldi fest á filmu




